FRÍTT

# FRÉTTABLAÐIÐ

265. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MIÐVIKUDAGUR 9. NÓVEMBER 2016

**Fréttablaðið í dag**

**SKOÐUN** Magnús Már Guðmundsson skrifar um félagslegar íbúðir. 10

**SPORT** EM-riðill stelpnanna okkar klár fyrir sumarið. 12

**LÍFIÐ** Hildur Sverrisdóttir er ekki ánægð með breytingarnar sem gerðar hafa verið á Toblerone. 24

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ** ● **FÓLK** ● **PRENTIÐNAÐURINN**

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015




Fjöldi fólks tók þátt í kosningagleði bandaríska sendiráðsins í gærkvöldi og fylgdist þar með úrslitum kosninganna í Bandaríkjunum. Úrslit lágu ekki fyrir þegar Fréttablaðið fór í prentun en kjósendur þurftu margir að bíða tímunum saman eftir því að geta greitt atkvæði. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Klofnir í afstöðu til samstarfs

**Skiptar skoðanir eru innan þingflokks Sjálfstæðisflokksins um hvaða flokka Bjarni Benediktsson formaður skuli ræða við um mögulegt ríkisstjórnarsamstarf. Málið verður tekið fyrir á þingflokksfundi í dag.**

**STJÓRNMÁL** Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, mun hefja formlegar stjórnarmyndunarviðræður áður en þessi vika er á enda. Enn er óljóst hvert flokkurinn mun leita fyrst í viðræðum sínum.

Heimildir Fréttablaðsins herma að innan þingflokks Sjálfstæðisflokksins séu skiptar skoðanir um við hvern skuli ræða í upphafi. Armur innan þingflokksins vill ræða við Bjarta framtíð og Viðreisn á meðan hinn armurinn vill heyra hljóðið í Framsóknarflokknum og Vinstri grænum.

Fyrri stjórnarmöguleikinn felur í sér minnsta mögulega meirihluta, 32 þingmenn, en sá síðari veitir meira svigrúm með 38 þingmenn að baki stjórninni. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hefur verið rætt við Samfylkinguna um að vera mögulegri stjórn Bjartrar framtíðar, Viðreisnar og Sjálfstæðisflokksins innan handar til að tryggja að tæpur meirihlutinn falli ekki.

Bjarni mun funda með þingflokki sínum í dag og ákveða í kjölfarið fyrstu skrefin. Líklegt er að formlegar viðræður hefjist fyrir helgi.

Benedikt Jóhannesson, formaður Viðreisnar, og Óttarr Proppé, formaður Bjartrar framtíðar, vildu lítið tjá sig um málið þegar eftir því var leitað. Þeir vísuðu á Bjarna Benediktsson og sögðu boltann hjá honum. - jóe

## Þrefalt fleiri tengiltvinnbílar

**VIÐSKIPTI** Á fyrstu tíu mánuðum ársins seldust 439 tengiltvinnbílar. Um er að ræða 214 prósenta fjölgun miðað við allt árið í fyrra. Svo virðist sem tengiltvinnbílar, bílar sem nota bæði bensín og rafmagn, hafi aukið vinsældir sínar hjá Íslendingum.

Þá stefnir í að sala bíla sem keyra einungis á rafmagni dragist saman milli ára, en það sem af er ári eru þeir einungis eitt prósent seldra bíla. Huga þarf að ákvæðum í byggingarreglugerð þannig að gert verði ráð fyrir hleðslustöðvum á bílaplönum fjölbýlishúsa og á bílastæðum að sögn forstjóra RARIK.

– sg / sjá Markaðinn

## Sjómenn sjá til lands í samningum

**KJARAMÁL** Ágætlega miðaði í kjaradeilu sjómanna og Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS) á sáttafundi sem lauk í gærkvöldi.

„Við höfum verið á réttri leið en það skýrist betur í dag hvort við náum í land,“ segir Guðmundur Ragnarsson, formaður Félags vélstjórnar- og málmtæknimanna. Hann segir enn ekki ljóst hvort af verkfalli verði en að óbreyttu munu skip hætta veiðum klukkan ellefu á fimmtudagskvöld. „Það er fullt af stórum málum eftir sem við eigum eftir að fara yfir en menn eru að tala saman og ræða málin. Þetta hefur verið jákvætt hingað til.“

Jens Garðar Helgason er formaður SFS og formaður samninganefndar SFS. Hann tekur í svipaðan streng og Guðmundur. „Menn hafa velt fram og til baka ýmsum hugmyndum varðandi fiskverð en það er enn ýmislegt órætt,“ segir Jens.

Að mati formannsins mun það skýrast seinnipart dagsins í dag hvort hægt verður að afstýra verkfalli. „Ég er þeirrar skoðunar að báðir aðilar verði að gera sitt ítrasta til að ná samningi. Við höfum daginn í dag og morgundaginn til að ná sáttum, en hingað til hefur verið góður gangur. Þegar við sjáum til lands með fiskverðið þá er stórum áfanga lokið,“ segir Jens Garðar. – jóe



Fundað var í Karphúsinu fram eftir kvöldi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR









## Veður




Suðaustan 5-10 í dag og skúrir eða slydduél, en hægari vindur og þurrt fyrir norðan og austan. Hiti 0 til 6 stig.

SJÁ SÍÐU 16



**Jimmy Carter og eiginkona hans Rosalynn Carter með Ólafi og Arnóri.** MYND/ ARNÓR GUNNAR GUNNARSSON

# Heimsóttu Carter og fagna með Hillary

**SAMFÉLAG** Arnór Gunnar Gunnarsson sagnfræðinemi og Ólafur Kjaran Árnason hagfræðinemi hittu Jimmy Carter, fyrrverandi forseta Bandaríkjanna, á dögunum. Þeir Arnór og Ólafur hafa verið á ferðalagi um Bandaríkin að undanförnu til þess að kynna sér baráttuna í forsetakosningum Bandaríkjanna.

Það var í Maranatha-baptistakirkjunni í Plains í Georgíuríki sem Arnór og Ólafur hittu hinn aldna fyrrverandi forseta. Carter hefur annast sunnudagaskóla í kirkjunni um langt skeið. „Við fórum sem sagt í sunnudagaskólann og það var griðarleg öryggisgæsla í og við kirkjuna, leyniþjónustumenn á hverju strái. Carter ræddi kosningabaráttuna og sagðist telja að bandaríska þjóðin hafi ekki verið jafn klofin síðan í borgarastríðinu,“ sagði Arnór í samtali við Fréttablaðið. Hann segir þeim hafa boðist að fá mynd af sér með Carter að athöfninni lokinni. „Þetta var áhugaverð upplifun og merkilegt að sjá hvað Carter er skýr í kollinum þrátt fyrir háan aldur en hann er 92 ára,“ sagði Arnór.

Arnór og Ólafur hófu ferð sína í Houston í Texas en ferðalaginu lauk í gærkvöldi þar sem þeir sóttu lokahóf Hillary Clinton í New York. – þh

## Allir vinir í Kórnum



**Börn úr Hörðuvallaskóla tóku þátt í vináttugöngu í Kórnum í gær. Markmið göngunnar er að stuðla að jákvæðum samskiptum, vekja athygli á mikilvægi vináttu og virðingar og benda á að einelti er ofbeldi sem ekki verður liðið.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Ingibjörg Haraldsdóttir látin



**Ingibjörg Haraldsdóttir, ljóðskáld og þýðandi er látin, 74 ára að aldri. Ljóð hennar hafa verið þýdd yfir á mörg tungumál og fyrir síðustu ljóðabók sína hlaut hún Íslensku bókmenntaverðlaunin auk þess sem bókin var tilnefnd til bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs.**

**Ingibjörg var einnig mikilvirkur þýðandi úr spænsku og rússnesku og þýddi ljóð, leikrit og skáldsögur, meðal annars eftir Dostojevskí og Búlgakov. Ingibjörg lætur eftir sig tvö börn og þrjú barnabörn. – þh**




# Kærur lita kosningar

**Lögmenn úr herbúðum Clinton og Trump tókust á í réttarsölum víða í Bandaríkjunum í gærkvöld. Deilt um opnunartíma kjörstaða. Kjörsókn betri en áður.**

**BANDARÍKIN** Kjörsókn í bandarísku forsetakosningunum í gær var svipuð og fyrir fjórum árum. Langar raðir mynduðust á mörgum kjörstöðum og dæmi um að kjósendur hafi þurft að bíða tímunum saman eftir því að geta greitt atkvæði.

Í Nevada var kjörstöðum haldið opnum lengur en reglur kveða á um til að leyfa fólki sem staðið hafði lengi í röð að kjósa.

Fulltrúar Donalds Trump kærðu ákvörðunina en dómari vísaði kærunni frá. Fleiri kærur bárust eftir því sem leið á kvöldið, meðal annars í Norður-Karólínu en Trump hefur gefið sterklega til kynna að kosningakerfið sé gallað og halli á hann. Þá er því spáð að hann muni láti reyna á öll vafaatriði sem upp kunni að koma í kosningunum fyrir dómstólum.

Kosningabaráttan þetta árið hefur verið mjög óvenjuleg, harðvítug og ljót á köflum. Bæði Trump og Clinton hafa verið óvinsæl meðal almennings, Trump væntanlega vegna þess hve óútreiknanlegur og ófyrirleitinn hann hefur verið en Clinton ekki síst vegna náinna tengsla við gamla valdakerfið í Washington sem mörgum er illa við.

Skoðanakannanir hafa allt fram á síðustu stundu sýnt að mjótt verði á mununum en Clinton hafði þó oftast vinninginn. Forskot hennar var að aukast síðustu dagana fyrir kosningarnar, ekki síst síðasta sólarhringinn.

Kosningaþátttakan var meðal stærstu óvissuþáttanna og sá sem helst virtist geta ráðið úrslitum. Miklu skipti hvaða hópar myndu drífa sig á kjörstað.

Jafnframt forsetakosningunum kusu Bandaríkjamenn sér nýtt þing, bæði fulltrúadeild og öldungadeild. Að venju voru kosnir allir þingmenn fulltrúadeildar til tveggja ára, en í þeirri deild sitja samtals 435 þingmenn, og þriðjungur hinna hundrað þingmanna öldungadeildar til sex ára.

Bandaríkjaforseti hefur í reynd harla lítil völd nema hafa með sér meirihluta á þingi, helst í báðum deildum.

Fyrirfram þótti svo til öruggt að Repúblikanar muni halda sínum meirihluta í fulltrúadeildinni en tvísýnt var um niðurstöðuna í öldungadeildinni.

Repúblikanar hafa verið með þingmeirihluta í báðum deildum undanfarin tvö ár þannig að Barack Obama hefur, vegna andstöðu þingsins, litlu komið í framkvæmd þessi tvö síðustu ár sín í embætti.

gudsteinn@frettabladid.is



**Kjörseðillinn lesinn meðan beðið er í biðröð eftir því að komast að á kjörstað í Brooklyn í New York.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

### Kjörmannakerfið

Í Bandaríkjunum kýs almenningur frambjóðendur ekki beinni kosningu, heldur eru kosnir svokallaðir kjörmenn sem síðan greiða atkvæði hver í sínu ríki samkvæmt fyrirmælum frá kjósendum.

Kjörmennirnir eru misjafnlega margir fyrir hvert ríki Bandaríkjanna, en samtals eru þeir 538.

Til sigurs þarf frambjóðandi því að tryggja sér atkvæði 270 kjörmanna.

Þetta kerfi gerir það að verkum að frambjóðandi getur mögulega fengið nauman meirihluta allra greiddra atkvæða en samt tapað kosningunni vegna þess að hann nær ekki 270 kjörmönnum.




# Gerum betur í vetur







Nú er rétti tíminn til að skipta yfir í fjórhjóladrifisbíl frá **Mitsubishi**.
Komdu í reynsluakstur og nýttu þér góða verðið á þessum frábæru bílum.
Við gerum betur í vetur og hlökkum til að sjá þig!

MITSUBISHI MOTORS
FYRIR HUGSANDI FÓLK

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Umboðsmenn um land allt: Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ



**Stúlka eða drengur? Barnið má í báðum tilfellum heita Eir.** NORDIC PHOTOS/GETTY

# Eir leyft fyrir karla og konur

**SAMFÉLAG** Níu nöfn bættust á mannanafnaskrá í liðnum mánuði en einni nafnumsókn var hafnað. Úrskurðir mannanafnanefndar voru birtir í gær.

Sonya var eina nafnið sem var hafnað þar sem ritháttur þess samræmdist ekki íslenskum ritreglum og ekki þótti það hafa hefðast hérlendis.

Karlmannsnafnið Lyngþór var samþykkt sem og nafnið Neró. Hið síðara var vafaatriði þar sem nafn má ekki vera nafnbera til ama. Vísaði nefndin í því samhengi til Rómarkeisarans Nerós sem á að hafa leikið á fiðlu meðan hann horfði á borg sína brenna. Ólíklegt þótti að nafnið hefði jafn neikvæða merkingu nú og áður.

Eiginnafnið Eir hefur hingað til verið á skrá sem kvenmannsnafn en er nú einnig karlmannsnafn. Það bætist í hóp nafna sem eru hvort tveggja karlmannsnafn og kvenmannsnafn en þar eru fyrir Blær, Auður og Júní.

Auk fyrrgreindra nafna fengust kvenmannsnöfnin Elínóra, Manasína, Snekkja og Arabella samþykkt. Sömu sögu er að segja af Skjaldmey en afar langsótt þótti að það teldist vera starfsheiti í dag. Að endingu var millinafnið Reyðfjörð samþykkt. **– jóe**

# Kaleikinn í fangið frá kjararáði

**Flest sveitarfélög sem styðjast við þingfararkaup í launagreiðslum til sveitarstjórnarfulltrúa ætla ekki að fylgja 44 prósenta hækkun sem kjararáð kynnti um mánaðamótin. Á því er þó minnst ein undantekning.**

**SVEITARSTJÓRNIR** Fjölmörg sveitarfélög sem greiða sveitarstjórnarfulltrúum hlutfall af þingfararkaupi í laun munu ekki virkja 44 prósent hækkun sem kjararáð ákvað.

„Menn hafa verið að tengja laun sveitarstjórna og nefnda við þingfararkaup til að færa þann kaleik frá sveitarstjórnum að ákvarða sjálfar laun sín á hverjum tíma. Ljóst er að þessi ákvörðun hendir þeim kaleik beint í fangið á mönnum aftur,“ segir Þröstur Friðfinnsson, sveitarstjóri Grýtubakkahrepps.

„Fjarðabyggð mun bregðast við ef Alþingi bregst ekki við á næstu dögum, enda hækkunin ekki í neinum takti við það kjaraumhverfi sem verið er að skapa í landinu,“ segir Gunnlaugur Sverrisson, forstöðumaður stjórnsýslu í Fjarðabyggð.

„Laun nefndarmanna hafa ekki verið hækkuð samkvæmt nýlegum úrskurði kjararáðs og stendur ekki til,“ segir Halla Margrét Tryggvadóttir, starfsmannastjóri Akureyrarbæjar.

Fréttablaðið sendi í gær öllum stærstu sveitarfélögunum og mörgum öðrum fyrirspurn vegna hinnar umdeildu ákvörðunar kjararáðs. Mörg sveitarfélög, sem tengja laun sveitarstjórnarfulltrúa við þingfararkaupið – í mismunandi hlutföllum – hafa þegar sent svör. Málið er á dagskrá víða um land.

„Í ljósi nýlegrar ákvörðunar kjararáðs um kjör þingmanna og fleira beinir bæjarstjórn Kópavogs því til Alþingis að endurskoða lög um kjararáð. Það er eðlileg krafa að þessi ákvörðun verði endurskoðuð með tilliti til aðstæðna á vinnumarkaði,“ var bókað samhljóða í bæjarstjórn Kópavogs í gær.

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri hefur lýst því yfir að laun borgarstjórnar og borgarstjóra hækki ekki og skoraði á Alþingi að grípa inn í. „Hann hefur látið stöðva greiðslur sem annars hefðu hafist á grundvelli úrskurðarins og beðið um að undirbúin verði breyting á viðeigandi samþykktum í tíma fyrir næstu reglulegu útborgun launa,“ segir Bjarni Brynjólfsson, upplýsingafulltrúi Reykjavíkurborgar.

Í Árborg er þegar ákveðið að hækkun þingfararkaupsins leiði ekki til hækkunar á þóknunum kjörinna fulltrúa eða launum bæjarstjóra.

Á síðasta fundi sveitarstjórnar Hrunamannahrepps var málinu frestað. Breyti Alþingi ekki ákvörðuninni verður brugðist við með því að lækka viðmiðunarprósentuna eða með öðrum aðgerðum, segir Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri.

Málið verður tekið fyrir í bæjarstjórn Hafnarfjarðar í dag. Það verður líka á dagskrá á morgun í Mosfellsbæ. Í Rangárþingi eystra á að samþykkja óbreyttar þóknanir og laun þar til Alþingi hefur fjallað um málið.

„Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar hefur rætt um þessa hækkun utan dagskrár og hyggst bregðast við með einhverjum hætti ef Alþingi gerir það ekki,“ segir Dagbjört Jónsdóttir, sveitarstjóri Þingeyjarsveitar.

Í Strandabyggð verður hækkunin þó látin standa. Þar fá óbreyttir sveitarstjórnarfulltrúar sex prósent af þingfararkaupi og þrjú prósent að auki fyrir hvern fund.

Meðal sveitarfélaga sem miða við þingfararkaup en hafa enn ekki tekið afstöðu til ákvörðunar kjararáðs eru Akranes, Garður, Bolungarvík og Blönduós.

„Ekki hefur verið rætt hvort brugðist verður við nýlegri ákvörðun kjararáðs með einhverjum hætti,“ segir Eiríkur Ólafsson, fjármálastjóri Borgarbyggðar.

„Ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvort eða hvernig eigi að bregðast við ákvörðun kjararáðs,“ segir Ingveldur Anna Sigurgeirsdóttir, staðgengill skrifstofustjóra Mýrdalshrepps.

„Bæjarstjórn hefur ekki rætt málið enn og því hefur ekki verið tekin nein ákvörðun um viðbrögð við hækkuninni,“ segir Guðfinna B. Kristjánsdóttir, upplýsingafulltrúi Garðabæjar.

**gar@frettabladid.is**



**Bæjarstjórn Kópavogs ákvað með öllum ellefu atkvæðum að miða ekki við hækkun kjararáðs á þingfararkaupi.** MYND/KÓPAVOGSBÆR

> **Fjarðabyggð mun bregðast við ef Alþingi bregst ekki við á næstu dögum, enda hækkunin ekki í neinum takti við það kjaraumhverfi sem verið er að skapa í landinu.**



Gunnlaugur Sverrisson, forstöðumaður stjórnsýslu í Fjarðabyggð

> **Menn hafa verið að tengja laun sveitarstjórna og nefnda við þingfararkaup til að færa þann kaleik frá sveitarstjórnum að ákvarða sjálfar um laun sín á hverjum tíma.**



Þröstur Friðfinnsson, sveitarstjóri Grýtubakkahrepps

# Fjöldagröf fannst í Mosúl

**ÍRAK** Íraski herinn mjakar sér dag frá degi lengra inn í borgina Mosúl, þar sem vígasveitir Íslamska ríkisins veita harða mótspyrnu.

Í gær skýrðu Írakar frá því að fjöldagröf hefði fundist skammt suður af Mosúl.

Um það bil hundrað lík fundust í gröfinni. Líkin höfðu verið hálshöggvin og mörg þeirra voru orðin að beinagrindum þannig að erfitt var að bera kennsl á þau.

Vígasamtökin hafa haldið uppi ógnarstjórn í Mosúl síðan þau náðu borginni á sitt vald fyrir rúmlega tveimur árum.

Íraski stjórnarherinn vonast til þess að ná borginni úr höndum Íslamska ríkisins áður en langt um líður og nýtur aðstoðar bæði Peshmerga-sveita Kúrda og vopnaðra hópa sjía-múslima. **– gb**



**Írakskir hermenn benda á fjöldagröfina sem fannst skammt suður af Mosúl.** NORDICPHOTOS/AFP

# Sýknaður en sætir öryggisgæslu

**SAKAMÁL** Héraðsdómur Reykjavíkur hefur sýknað karlmann af refsikröfu ákæruvalds fyrir að hafa stungið mann 47 sinnum og ráðið honum bana í október í fyrra. Manninum er hins vegar gert að sæta öryggisgæslu á viðeigandi stofnun. Manndrápið átti sér stað í búsetukjarna fyrir geðfatlaða.

Maðurinn játaði í viðtölum við geðlækna að hann hefði skipulagt manndrápið með að minnsta kosti viku fyrirvara. Meðal annars með því að stela hníf úr hnífaskúffu sem hafi átt að vera lokuð og læst. Hann var reiður fórnarlambinu fyrir að hafa stefnt sér í fíkniefnaskuldir og guð hafi sagt honum að drepa mann til þess að hann gæti eignast land.

Maðurinn segist ekki hafa séð neitt rangt við manndrápið fyrr en löngu síðar. Við verknaðinn var maðurinn undir áhrifum amfetamíns.

Fyrir dóminum lágu ítarlegar geðlæknisfræðilegar rannsóknir á heilsufari mannsins fyrir verknaðinn, á verknaðarstundu og eftir hann. Mat dómsins var að augljóst væri að maðurinn væri mjög veikur og hefði verið það lengi. Því féllst héraðsdómur á varakröfu ákæruvaldsins að manninum yrði gert að sæta öryggisgæslu á viðeigandi stofnun.

Maðurinn var dæmdur til að greiða syni fórnarlambsins þrjár milljónir króna í miskabætur en málskostnaður greiðist úr ríkissjóði. **– þh**



**Héraðsdómur Reykjavíkur kvað upp dóminn.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




„Það er gaman að sitja með barni sínu og skoða ÍSLANDSBÓK BARNANNA, tala um eldfjöll, fugla og fossa og dást að myndheimi Lindu Ólafsdóttur. Bókin er tilvalin til að kveikja á skemmtilegum samræðum við börnin og hugsa um næstu ferð kringum landið.“

ANDRI SNÆR MAGNASON

www.forlagid.is | Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39

CITROËN

# HVAÐ Á C4 CACTUS SAMEIGINLEGT MEÐ KAKTUSUM?

CITROËN
C4
CACTUS

VERÐ FRÁ
**2.590.000 KR.**

NOKIAN VETRARDEKK
OG FRÍAR
ÞJÓNUSTUSKOÐANIR
Í TVÖ ÁR
FYLGJA ÖLLUM C4 CACTUS
Í NÓVEMBER*

NÝTTU TÆKIFÆRIÐ




INTERNATIONAL engine of the year awards 2015
Presented by engine technology international magazine

**Kaktusar** eru harðgerðir, lifa á nánast engu og verja sig á snjallan hátt. Það sama á við um Citroën C4 Cactus. Veldu hagnýta hönnun, sparneytni og lágan rekstrarkostnað. Ekkert prjál, einungis hlutir sem skipta máli í dag.

Citroën C4 Cactus er fáanlegur með BlueHdi dísilvél eða nýrri PureTech bensínvél sem nýverið hlaut eftirsótta titilinn vél ársins (International Engine of the Year). Báðar vélarnar sameina frábæra frammistöðu, lága eyðslu og litla koltvísýringslosun.

Citroën C4 Cactus hefur slegið í gegn um allan heim. Glæsilegur kaupauki fylgir með í nóvember. Tryggðu þér eintak.

*1 og 2 ára þjónustuskoðun skv. staðli Citroën er innifalinn með kaupum í nóvember.

**Komdu í reynsluakstur**

CRÉATIVE TECHNOLOGIE

citroen.is

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040 I Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*




## Á helgum slóðum



Theresa May, forsætisráðherra Bretlands, sést hér í hópi indverskra gúrúa í Halasuru Someshwara-hofinu í Bangalore. Forsætisráðherrann er sem stendur í þriggja daga opinberri heimsókn á Indlandi. Opinber tilgangur ferðarinnar er að gera viðskiptasamning við Indland í tengslum við útgöngu Breta úr Evrópusambandinu. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Fyrirheit stjórnvalda reyndust orðin tóm

**Háskóli Íslands verður að óbreyttu rekinn með 300 milljóna króna halla á þessu ári. Fordæmalaus staða, segir rektor. Þarf 1,5 milljarða strax á næsta ári.**

**MENNTAMÁL** Stjórnvöld hafa ekki efnt fyrirheit um að framlög til Háskóla Íslands myndu aukast í áföngum uns náð væri meðalfjárveitingum til háskóla í ríkjum OECD á þessu ári og Norðurlandanna árið 2020. Ekkert er minnst á þessi fyrirheit í fimm ára fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar fyrir árin 2017 til 2021.

Jón Atli Benediktsson, rektor Háskóla Íslands, segir að skólinn hafi búið við skertar fjárveitingar árum saman um leið og nemendum hefur fjölgað mikið og kröfur til skólans stóraukist. „Háskólinn hefur gætt ýtrasta aðhalds í öllum rekstri, en lengra verður ekki gengið án þess að gæðum náms og kennslu sé stefnt í voða og stöðu og orðspori skólans á alþjóðavettvangi ógnað. Fyrir liggur að skólinn verður að óbreyttu rekinn með um 300 milljóna króna halla á þessu ári sem er fordæmalaust og óvissa er um framhaldið,“ segir Jón Atli í viðtali við Fréttablaðið.

Jón Atli gerir að umtalsefni í nýjasta tölublaði Læknablaðsins að stjórnvöld hafa ekki efnt fyrirheit sín um framlög til skólans. Aðspurður segir hann að í stjórnarsáttmála fráfarandi ríkisstjórnar sé kveðið á um að standa við framlög til Aldarafmælissjóðs Háskóla Íslands sem þýðir að framlög til Háskóla Íslands skuli aukast í áföngum uns meðalfjárveitingum til háskóla á hinum Norðurlöndunum verði náð árið 2020. Í stefnu Vísinda- og tækniráðs, sem lýtur formennsku forsætisráðherra og er skipað sex öðrum ráðherrum ríkisstjórnarinnar, sé þetta markmið ítrekað.

> Að óbreyttu getur Háskóli Íslands ekki staðið undir hlutverki sínu í íslensku samfélagi.
>
> Jón Atli Benediktsson, rektor Háskóla Íslands



„Þetta fyrirheit hefur ekki verið efnt og eru því gífurleg vonbrigði að í nýlega samþykktri fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar fyrir árin 2017-2021, þar sem gert ráð fyrir verulegri útgjaldaaukningu til ýmissa innviða af hálfu ríkisins, er háskólastigið skilið eftir,“ segir Jón Atli og bætir við að til að gera allra brýnustu leiðréttingar á reikniflokkum ólíkra námsgreina þurfi skólinn um 1,5 milljarða króna strax árið 2017.

Núverandi staða hamli eðlilegum og nauðsynlegum kennsluháttum við háskólann.

„Dregið hefur verið úr þjónustu við nemendur, álag á starfsfólk aukist til muna og þurft hefur að fresta nauðsynlegri fjárfestingu í tækjum, búnaði og öðrum innviðum á undanförnum árum. Að óbreyttu getur Háskóli Íslands ekki staðið undir hlutverki sínu í íslensku samfélagi. Augljóst er að langvarandi undirfjármögnun Háskólans mun hafa bein áhrif á grunnstoðir samfélagsins og draga jafnframt úr áhuga og möguleikum ungs fólks á að mennta sig og starfa á Íslandi,“ segir rektor.

Jón Atli segir í grein sinni í Læknablaðinu að áhrifa þessarar alvarlegu stöðu muni að óbreyttu ekki síst gæta í heilbrigðiskerfinu, enda starfi Háskóli Íslands og Landspítalinn sem órofa heild og mynda saman öflugt háskólasjúkrahús sem er mikilvægasta kennslu-, þjálfunar- og rannsóknastofnun landsins á heilbrigðissviði. Ríflega 2.000 nemendur leggja nú stund á nám á fjölmörgum fræðisviðum sem tengjast heilbrigðiskerfinu.

svavar@frettabladid.is



Fjórar af stjörnunum í starfsliði Geira Smart: Jóhannes og Bjarni Siguróli, gullverðlaunahafar með kokkalandsliðinu, Alba sommelier og Jóel veitingastjóri.






# STJÖRNUM PRÝDDUR GEIRI SMART

## GEIRI SMART ER MÆTTUR Í BÆINN

Við á Geira Smart Restaurant þökkum góðar viðtökur frá því við opnuðum um daginn. Framundan eru spennandi tímar, sjálf jólin nálgast og við lofum að þau munu bragðast betur en nokkru sinni!

## MARGT AÐ SMAKKA Í NÓVEMBER

| | |
|---|---|
| Smáskífa - tveggja rétta hádegisseðill | 2.950 kr. |
| Í spilun - fimm rétta kvöldverðarseðill | 11.500 kr. |
| Í spilun með með vínpörun að hætti Ölbu | 21.300 kr. |
| Þriggja rétta bröns laugardaga og sunnudaga | 3.950 kr. |

*Nýir og spennandi réttir af matseðli í hádeginu og á kvöldin*

## AÐVENTUSKRANS Í DESEMBER

| | |
|---|---|
| Fjögurra rétta hádegisseðill með jólabragði | 4.800 kr. |
| Jólaskífa - Sex rétta kvöldverðarseðill | 11.500 kr. |
| Jólaskífa með vínpörun að hætti Ölbu | 21.300 kr. |



## GAGNRÝNENDUR SPARA EKKI STJÖRNURNAR

*„Þennan rétt mun ég fá mér aftur, helst alla daga.“*
*„Þjónustan er gífurlega góð.“*
**mbl.is**

*„Veitingastaðurinn fer beint á topp fimm yfir bestu veitingahús á Íslandi ... Það er kannski klisja að tala um falið leyndarmál EN ... mikið svakalega kom allt okkur á óvart. Þetta er ævintýralega vel heppnaður veitingastaður á besta stað í borginni.“*
**alberteldar.is.**

GEIRI SMART
RESTAURANT

**Danska stofan:** Smart aðstaða fyrir allt að 30 manna hópa.

**Rafrænu gjafabréfin** á geirismart.is eru jólagjöf bragðlaukanna.

geirismart.is
Hverfisgata 30

528 7050
geiri@geirismart.is

ENNEMM / SÍA / NM78117



Sigurður Tómas segir ólíklegt að Jón Þór Ólafsson geti fengið úrskurði kjararáðs hnekkt.

## Dómsmál hefði lítil áhrif

**KJARAMÁL** „Ég útiloka það ekki að hann gæti höfðað dómsmál sem einn af þeim sem úrskurðurinn tekur til, en þá eingöngu hvað hann varðar,“ segir Sigurður Tómas Magnússon, prófessor í lögfræði við HR. Jón Þór Ólafsson, þingmaður Pírata, sagðist í aðsendri grein í Fréttablaðinu ætla að kæra ákvörðun kjararáðs um launahækkun ráðamanna til dómstóla, ef aðrir aðilar myndu ekki breyta úrskurðinum.

Sigurður Tómas segir að ef Jón Þór ætli að láta dómsmálið varða alla aðra sem úrskurður kjararáðs nær til þá verði hann að gera það hina sömu að aðilum málsins. „Þá er þetta nú orðið svolítið snúnara,“ segir hann. Sigurður Tómas tekur þó fram að hann hafi ekki skoðað málið gaumgæfilega. **– jhh**

## Vaskurinn af tæknifrjóvgun

**DANMÖRK** Skattamálaráðherra Danmerkur, Karsten Lauritzen, hefur fengið leyfi hjá framkvæmdastjórn Evrópusambandsins til að aflétta virðisaukaskatti af vissum tæknifrjóvgunum. Hingað til hafa pör þurft að greiða virðisaukaskatt af tæknifrjóvgunum ef ófrjósemin hefur verið hjá karlmanninum.

Heilbrigðisyfirvöld í Danmörku hafa skilgreint barnleysi sem sjúkdóm hjá báðum aðilum. Skattayfirvöld hafa hins vegar í mörg ár krafist sjúkdómsgreiningar hjá konunni til að hægt væri að aflétta virðisaukaskatti af meðferðinni.

Danska ríkisútvarpið hefur það eftir yfirlækni tæknifrjóvgunardeildar danska landspítalans að nú muni fleiri börn fæðast í Danmörku. **– ibs**



Aðeins sex eru án atvinnu í Hornafirði sem stendur. MYND/RAGNAR TH. SIGURÐSSON

## Allir með vinnu í Hornafirði

**HORNAFJÖRÐUR** Gífurlegur skortur er á vinnuafli í Hornafirði en í september voru aðeins sex manns þar á atvinnuleysisskrá. Atvinnuleysi telst því vera 0,5 prósent í sveitarfélaginu.

Fólki á atvinnuleysisskrá hefur fækkað um rúmlega helming frá því í apríl síðastliðnum en þá voru fjórtán manns án atvinnu.

Af hinum atvinnulausu hafa tveir verið án vinnu til skamms tíma, tveir verið án vinnu í tæplega ár og tveir verið án vinnu í meira en eitt ár. **– jóe**

# Skipulagði hryðjuverkaárásirnar í París og Brussel

**FRAKKLAND** Franska lögreglan hefur lýst eftir Oussama Atar, 32 ára gömlum manni sem grunaður er um að hafa skipulagt hryðjuverkaárásirnar bæði í París í nóvember á síðasta ári og í Brussel í mars síðastliðnum.

Fyrir var vitað að hann tengdist sjálfsvígsárásunum á flugvöll og jarðlestarstöð í Brussel en nú telur lögreglan sig hafa vitneskju um að hann hafi einnig átt hlut að árásunum í París.

Atar er belgískur ríkisborgari, ættaður frá Írak og frændi bræðranna Ibrahims og Khalids El Bakraoui sem tóku þátt í sjálfsvígsárásunum í Brussel.

Árið 2005 var hann handtekinn í Írak og var um hríð fangi í hinu alræmda Abu Ghraib-fangelsi þar í landi. Þar er hann talinn hafa komist í kynni við harðskeytta vígamenn, meðal annars Abu Bakr al Baghdadi, leiðtoga Daish-samtakanna, sem kalla sig Íslamskt ríki og hafa undanfarin misseri verið með stór svæði í Írak og Sýrlandi á sínu valdi.

Belgíska lögreglan hefur fullyrt að það hafi verið Atar sem fékk frændur sína tvo á band vígamanna. **– gb**



Fjöldi fólks kom saman fyrir utan veitingastaðinn Le Crillon í París þann 15. nóvember, tveimur dögum eftir sjálfsvígsárásirnar þar í borg, til að minnast hinna látnu. NORDICPHOTOS/AFP



Um 2.800 hjúkrunarfræðingar eru við störf – 900 hætta innan þriggja ára á meðan helmingi færri útskrifast. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Nám í hjúkrun fast í flöskuhálsi

**Fjárveiting til verklegs hjúkrunarfræðináms takmarkar hversu marga er hægt að mennta. Færri komast að en vilja vegna þessa. Skortur á hjúkrunarfræðingum er viðvarandi og mun versna að öllu óbreyttu.**

**MENNTAMÁL** Skortur á hjúkrunarfræðingum er viðvarandi vandamál á sama tíma og aðsókn í hjúkrunarfræðinám er mikil. Flöskuhálsinn er hins vegar sá að fjárveiting til verklegs náms (klínísks náms) inni á heilbrigðisstofnunum er fjarri því að vera í samræmi við þörfina og takmarkar hversu marga er hægt að mennta.

Á hverjum skólavetri tekur Háskóli Íslands (HÍ) inn 120 nýnema í hjúkrunarfræði og Háskólinn á Akureyri (HA) aðra 55 nýnema. Mun fleiri sækjast eftir því að komast í námið og hjá HA sóttu til dæmis rúmlega 200 um á þessu ári. Af þeim hófu 130 nám í haust – en afföllin eru af ýmsum ástæðum. Þessi hópur „keppir“ um plássin 55 á vormisseri fyrsta árs í samkeppnisprófi í desember – sem er tilkomið vegna takmarkana inn í verklega námið. Hjá HÍ er annar háttur hafður á við inntöku nýnema. Þar gildir frammistaða á inntökuprófi og meðaleinkunn úr þremur kjarnagreinum í námi til stúdentsprófs. Fyrsta árs nemendur hafa þannig öðlast rétt til setu í hjúkrunarfræðideild strax í upphafi náms – innan ramma fjöldatakmarkana skólans.

> **Ef við gætum haft launaða kennara á vettvangi og ekki þurft að reiða okkur eins mikið og raunin er á hjúkrunarfræðinga, sem um leið annast stóran hóp sjúklinga, þá gætum við menntað fleiri og samtímis tryggt gæði námsins.**
>
> Helga Jónsdóttir, forseti hjúkrunarfræðideildar HÍ



Fjárveiting til verklegs hluta námsins er ásteytingarsteinninn og takmarkar fjöldann sem hægt er að taka í nám. Í hnotskurn eru plássin í verklega náminu færri en þörfin segir til um, en ekki síður að þeir sem fá það hlutverk að kenna verðandi kollegum sínum fá aðeins málamyndagreiðslu fyrir.

„Kjarninn er sá að eins og staðan er í dag þá er fjárveiting til þess að kenna nemendum í færnisetri og í öllu klínísku námi í skötulíki. Ef við gætum haft launaða kennara á vettvangi og ekki þurft að reiða okkur eins mikið og raunin er á hjúkrunarfræðinga, sem um leið annast stóran hóp sjúklinga, þá gætum við menntað fleiri og samtímis tryggt gæði námsins,“ segir Helga Jónsdóttir, forseti hjúkrunarfræðideildar HÍ.

„Hjúkrunarfræðingum sem vinna hjá undirmönnuðum heilbrigðisstofnunum þar sem álagið er mikið finnst það vera byrði að taka á móti hjúkrunarnemum án þess að fá fjárhagslega umbun fyrir,“ segir Eydís Kr. Sveinbjarnardóttir, forseti heilbrigðisvísindasviðs HA, og bendir á að finna þurfi nýjar leiðir við kennslu hjúkrunarnema og fjölga þannig brautskráðum hjúkrunarfræðingum í samhengi við þörfina í dag – og ekki síður þegar til framtíðar er litið.

Í Háskóla Íslands hefur námskrá verið endurskoðuð og gerðar verulegar breytingar til samræmis við þarfir íslensks heilbrigðiskerfis. Eins var byrjað að kenna og starfa eftir nýrri námskrá við Háskólann á Akureyri í haust; var hún stytt og aðlöguð klínísku námi í sérgreinum hjúkrunar þar sem erfiðast hefur verið að koma hjúkrunarnemum í klínískt nám á heilbrigðisstofnunum. **svavar@frettabladid.is**

### Vantar 900 innan fimm ára

- Skólaárið 2015–2016 brautskráðust 53 hjúkrunarfræðingar frá hjúkrunarfræðideild Háskólans á Akureyri og 58 hjúkrunarfræðingar frá hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands; alls 111 hjúkrunarfræðingar.
- Í mannekluskýrslu Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga frá 2007 var áætlað að útskrifa þyrfti a.m.k. 145 hjúkrunarfræðinga á ári.
- Tekist hefur að útskrifa að meðaltali 80% af þessum fjölda á undanförnum sex árum frá háskólunum tveimur.
- 1 af hverjum 4 starfandi hjúkrunarfræðingum í dag verður kominn á aldur innan þriggja ára.
- Um 900 hjúkrunarfræðinga mun vanta til starfa á Íslandi innan fimm ára, er mat Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga.

RENAULT
Passion for life

# GULLFALLEGIR CAPTUR OG KADJAR




## VERIÐ VELKOMIN AÐ REYNSLUAKA NÝJUM RENAULT Í DAG.

Hefur þú kynnt þér Captur eða Kadjar frá Renault? Tveir spennandi kostir sem eru hlaðnir staðalbúnaði, 5 stjörnu öryggi og þekktir fyrir þægindi, tæknibúnað og frábært verð. Renault Captur er snaggaralegur bíll í millistærð með hátt undir lægsta punkt, frábær í akstri og fæst í mörgum litaútfærslum. Renault Kadjar er glæsilegur sportjeppi sem fæst bæði með framhjóladrifi eða öflugu fjórhjóladrifi. Kadjar er rúmgóður og einstaklega vel hannaður. Og að sjálfsögðu er sparneytnin í fyrirrúmi í öllum Renault bifreiðum. Þú kemst einfaldlega lengra á Renault.

**Renault Captur**
**Bensín, beinskiptur**
**Eyðsla 5,1 l/100 km***
**Verð: 2.890.000 kr.**

**Renault Kadjar 2wd**
**Dísil, beinskiptur**
**Eyðsla 3,8 l/100 km***
**Verð: 3.890.000 kr.**

E F
**„ÞÚ TANKAR SJALDNAR Á RENAULT“**

ENNEMM / SÍA / NM78307

GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

# Væntanleg skref í stjórnarmyndun



Hafliði Helgason
hafllidi@frettabladid.is

Staðan í myndun ríkisstjórnar er nokkuð flókin, en þó verður að teljast líklegast að fyrst verði látið reyna til fulls á myndun stjórnar Sjálfstæðisflokks, Viðreisnar og Bjartrar framtíðar.

Slík stjórn hefur minnstan mögulegan meirihluta og mun því kalla á að agi verði í hernum og kórinn syngi einróma. Pólitískir einsöngvarar í slíku samstarfi fá líklega ekki að syngja merkilegar aríur.

Það má segja að Viðreisn og Björt framtíð hafi spilað skynsamlega úr sínum spilum og sýnt enn sem komið er meiri pólitísk klókindi en eldri og reynslumeiri stjórnmálaöfl. Flokkarnir birtast nú eins og einn flokkur í stjórnarmyndunarviðræðum. Með því að spyrða sig þétt saman eru þessi tvö öfl á miðju stjórnmálanna með næstflesta þingmenn. Einum fleiri en Vinstri græn og Píratar. Þegar upp er staðið kann að muna um þennan eina.

Ef horft er til möguleika á stjórn, þá virðast kostir Sjálfstæðisflokksins vera tveir. Annaðhvort með Viðreisn og Bjartri framtíð eða ríkisstjórn með Framsóknarflokki og Vinstri grænum. Samfylkingin er lömuð og Píratar virðast eyland sem hefur lítinn snertiflöt við aðra eins og staðan er núna.

Það er því ekki að undra að Vinstri grænir hafi opnað glufu og hleypt Steingrími Sigfússyni út með hvítan vasaklút til að veifa framan í Bjarna Benediktsson. Ólíklegt er annað en að þessir hófstilltu mökunartilburðir hafi verið með vitund og vilja annarra í forystu Vinstri grænna. Hitt er svo annað að grasrót flokksins er ekki skemmt yfir slíku daðri.

Framsóknarflokkurinn er óskrifað blað enn sem komið er í umræðunni um stjórnarmyndun. Saga flokksins er hins vegar saga aðdáunarverðs sveigjanleika þegar ríkisstjórnarmyndun er annars vegar. Það er því fullsnemmt að útiloka flokkinn, þó hann verði vart kallaður til leiks í fyrstu umferðum viðræðna.

Til að styrkja samningsstöðu er mikilvægt fyrir Sjálfstæðisflokkinn að halda á lífi þeirri hugmynd að möguleiki sé að mynda stjórn með Vinstri grænum og Framsóknarflokknum. Víst er að innan Sjálfstæðisflokksins eru öfl sem myndu kunna vel þeirri íhaldssemi sem yrði límið í slíkri stjórn, jafnvel þótt slíkt samstarf yrði á kostnað frjálslyndrar markaðshugsunar. Í slíkri stjórn myndu Vinstri grænir þurfa að búa við þá gagnrýni að hafa lengt líf ríkisstjórnar sem féll í síðustu kosningum.

Það bendir því flest til að reynt verði með formlegum hætti á myndun stjórnar Sjálfstæðisflokks, Viðreisnar og Bjartrar framtíðar. Ef ekki tekst að leiða það til lykta er líklegast að Katrín Jakobsdóttir fái stjórnarmyndunarumboðið. Ef ekki tækist að mynda stjórn frá vinstri til miðju, myndi Framsóknarflokkurinn komast í sterkari stöðu en hann er í nú.

**Til að styrkja samningsstöðu er mikilvægt fyrir Sjálfstæðisflokkinn að halda á lífi þeirri hugmynd að möguleiki sé að mynda stjórn með Vinstri grænum og Framsóknarflokknum.**


## Birting grunnlýsingar

Útgefandi: Orkuveita Reykjavíkur, kt. 551298-3029,
Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík

Orkuveita Reykjavíkur hefur birt grunnlýsingu í tengslum við útgáfuramma skuldabréfa og víxla. Grunnlýsingin er dagsett 8. nóvember 2016, staðfest af Fjármálaeftirlitinu, gefin út á íslensku og birt á vefsíðu Orkuveitu Reykjavíkur, www.or.is/um-or/fjarmal. Grunnlýsinguna má nálgast á vefsíðunni næstu 12 mánuði og hjá útgefanda á Bæjarhálsi 1, Reykjavík. Nánari upplýsingar um útgefanda og útgáfuramma má finna í grunnlýsingunni. Fjárfestingabankasvið Arion banka hf. hafði umsjón með því ferli að fá grunnlýsinguna staðfesta hjá Fjármálaeftirlitinu.

Reykjavík, 9. nóvember 2016
Orkuveita Reykjavíkur

OR Orkuveita Reykjavíkur    Arion banki


## Halldór




## Frá degi til dags

**Óljóst framhald**

**Ekki er nema vika frá því að Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokks fékk stjórnarmyndunarumboðið. Þveröfugt við eftirleik síðustu kosninga er ekki ljóst í hvaða ríkisstjórn stefnir. Allt frá því ljóst var að Framsókn og Sjálfstæðisflokkur gætu myndað meirihluta virtist stjórnarsamstarfið ákveðið þótt atriði stjórnarsáttmála væru óljós. Þá voru paraðir saman tveir flokkar sem höfðu lengi og oft unnið náið saman og höfðu í mörgum málum svipaða sýn. Ekkert slíkt samstarf er nærri því að vera mögulegt núna. Vinstri flokkarnir hafa ekki meirihluta og það hafa hægriflokkar ekki heldur. Viðreisn hefur þar að auki útilokað að ganga inn í fráfarandi stjórnarsamstarf.**

**Breið skírskotun**

**Mikið hefur verið fjallað um nauðsyn þess að næsta ríkisstjórn hafi breiða skírskotun. Það þýðir að hún verði í raun gjörólík samstarfi Framsóknar og Sjálfstæðisflokks. Ein hugmynd um slíka stjórn er samstarf Vinstri grænna, Sjálfstæðisflokks auk eins annars flokks, líklega annaðhvort Viðreisnar eða Framsóknar. Miðað við hversu dugleg Vinstri græn hafa verið að hafna slíku samstarfi á samfélagsmiðlum mætti ætla að samstarfsandinn innan slíkrar stjórnar yrði ansi skrítinn. En í ljósi útilokana og knappra meirihluta annarra samstarfsmynstra er ef til vill fátt annað í stöðunni. Nema forseti myndi utanþingsstjórn. thorgnyr@frettabladid.is**

# Halldór í ruglinu



Magnús Már Guðmundsson
borgarfulltrúi Samfylkingarinnar

Félagslegum íbúðum í Reykjavík hefur fjölgað á undanförnum árum. Miðað við höfðatölu býður borgin upp á allt að átta sinnum fleiri félagslegar íbúðir en nágrannasveitarfélögin.

Halldór Halldórsson, oddviti Sjálfstæðismanna í Reykjavík, hefur undanfarna daga farið í mikinn í umræðu um nýlega skýrslu Rauða krossins í Reykjavík og fullyrt að ekkert hafi gerst í að fjölga félagslegum íbúðum í höfuðborginni síðan 2010. Halldór hefur verið ansi gífuryrtur og sagt borgarstjóra bulla.

Að gefnu tilefni þá er því hér með komið á framfæri að félagslegar íbúðir í Reykjavík í september voru 2.351 talsins, þar af 1.916 almennar félagslegar íbúðir, og hefur þeim fjölgað um 109 á tveimur árum. Sé horft áratug aftur í tímann fjölgaði félagslegum íbúðum í Reykjavík um 612 í það heila. Félagslegum íbúðum hefur því ekki verið að fækka í Reykjavík þvert á það sem Halldór hefur haldið fram. Hins vegar er rétt að fram komi að íbúðunum fjölgaði ekki um eina árið 2010, en það er einmitt árið sem Sjálfstæðismenn voru síðast í meirihluta í Reykjavík.

Eflaust eru einhver tilefni fyrir oddvita Sjálfstæðismanna að gagnrýna meirihlutann fyrir seinagang en hér er ekki um slíkt tilefni að ræða. Félagslegum íbúðum hefur fjölgað og stefnumörkun borgarinnar gerir ráð fyrir að þeim fjölgi enn frekar á næstu árum.

Í stað þess að tala þessa hluti niður ætti Halldór miklu frekar að leggja meirihlutanum lið og um leið öllum borgarbúum. Eðlilegra væri að Halldór myndi sem oddviti Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík og formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga beina athyglinni að stöðunni á höfuðborgarsvæðinu. Í Reykjavík eru um 16 félagslegar íbúðir á hverja þúsund íbúa, í Kópavogi eru 12 íbúðir á hverja þúsund, í Hafnarfirði eru íbúðirnar 8 en hjá Seltjarnarnesi og Garðabæ eru um það bil tvær á hverja þúsund íbúa. Félagslegar íbúðir í Reykjavík eru því hlutfallslega átta sinnum fleiri en í Garðabæ og á Seltjarnarnesi. Íbúðunum er í þokkabót að fjölga í borginni og því ljóst að það er ekki Reykjavíkurborg sem dregur lappirnar heldur sveitarfélögin í kringum Reykjavík þar sem félagar Halldórs ráða ríkjum.

**Eflaust eru einhver tilefni fyrir oddvita Sjálfstæðismanna að gagnrýna meirihlutann fyrir seinagang en hér er ekki um slíkt tilefni að ræða.**

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir FORSTJÓRI: Sævar Freyr Þráinsson ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* ÞRÓUNARSTJÓRI: Tinni Sveinsson *tinni@365.is* HELGARBLAÐ: Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* MENNING: Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* LÍFIÐ: Sara McMahon *sara@frettabladid.is* LJÓSMYNDIR: Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* ÚTLITSHÖNNUN: Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Erum við reiðubúin?



**Siv Friðleifsdóttir**
verkefnastjóri Norrænu velferðarvaktarinnar

Eru velferðarsamfélög Norðurlandanna viðbúin áföllum? Er félagsþjónusta sveitarfélaganna tilbúin að takast á við vá? Hafa konur sérstöku hlutverki að gegna í kjölfar hamfara? Er unnt að sameinast um 30 velferðarvísa á Norðurlöndunum sem hjálpa okkur að greina hættur sem ógna velferð íbúanna? Hvernig er best að takast á við kreppur, hvort sem þær eru af mannavöldum eða sökum náttúruhamfara, þannig að velferð íbúanna verði ógnað sem minnst? Hvort er þá betra að beita úrræðum velferðarkerfisins eða láta lögmál frumskógarins gilda, hver sé sjálfum sér næstur? Hvað má læra af rannsóknum félagsvísinda um hvernig velferðarkerfi Norðurlandanna hafa tekist á við efnahagskreppur? Leitað verður svara við þessum spurningum og fleirum af sama toga á opinni lokaráðstefnu Norrænu velferðarvaktarinnar, sem haldin verður fimmtudaginn 10. nóvember nk. kl. 9-16 á hótel Hilton í Reykjavík.

**Náttúruvá og efnahagsáföll**
Norræna velferðarvaktin er þriggja ára rannsóknarverkefni sem stendur yfir árin 2014-2016 og er eitt verkefnanna í formennskuáætlun Íslands í norrænu samstarfi. Verkefnið miðar að því að undirbúa velferðarkerfin á Norðurlöndunum til að takast á við nýjar áskoranir og vá hvort sem hún er af völdum náttúruhamfara s.s. flóða, eldgosa eða jarðskjálfta, eða af mannavöldum, s.s. efnahagsáföll eða vegna flóttamannastraums, svo ný og nærtæk dæmi séu tekin. Verkefnið miðar einnig að því að ná samstöðu Norðurlandanna um val á 30 velferðarvísum, sem sýna tölulegar upplýsingar um þróun velferðar á Norðurlöndunum. Á ráðstefnunni verða eftirsóttir gestafyrirlesarar. Einnig munu forsvarsmenn einstakra verkefna Norrænu velferðarvaktarinnar kynna niðurstöður verkefna sinna. Verkefnin hafa verið leidd af Íslendingum, en innan þeirra allra eru starfandi stýrihópar skipaðir færustu fulltrúum Norðurlandanna á viðkomandi sviði. Í viðbót við fyrirlestra geta þátttakendur valið á milli stuttra kynninga á verkefnum svo þeir geti notið tímann sem best miðað við þeirra áhugasvið.

**Velferðarvísar**
Fyrir utan þá þekkingu og auknu norrænu samlegð sem rannsóknarverkefnin færa okkur mun Norræna velferðarvaktin leggja fram tvær tillögur til Norræna ráðherraráðsins til áframhaldandi úrvinnslu. Önnur snýr að nýjum norrænum velferðarvettvangi sem koma mun saman annað hvert ár og ræða framtíðaráskoranir og úrræði velferðarkerfa Norðurlandanna. Hin snýr að smíði 30 sameiginlegra norrænna velferðarvísa. Allt miðar þetta að því að auka viðbúnaðargetu norrænu velferðarríkjanna, draga úr tjónnæmi og efla viðnámsþrótt almennings. Sem verkefnastjóri Norrænu velferðarvaktarinnar hef ég fengið tækifæri til að fylgjast með því öfluga rannsóknarstarfi sem hefur farið fram innan hennar og er ég fullviss um að verkefnið verði glæsileg fjöður í hatt Íslendinga í norrænu samstarfi þegar fram í sækir. Unnt er að sjá dagskrá ráðstefnunnar og skrá sig til þátttöku á vefsíðunni www.nvv.is .

**Verkefnið miðar að því að undirbúa velferðarkerfin á Norðurlöndunum til að takast á við nýjar áskoranir og vá.**

# Airwaves sem aldrei fyrr



**Jakob Frímann Magnússon**
framkvæmdastjóri Miðborgarinnar okkar og stjórnarformaður Iceland Airwaves & ÚTÓN

Að baki er hin árvissa Iceland Airwaves tónlistarhátíð, nú fjölmennari og margþættari en nokkru sinni fyrr. Hátíðin skartaði 270 tónlistarviðburðum á 14 tónleikastöðum auk 830 viðburða á „off–venue“ dagskrá. Þá eru ótaldir ýmsir tengdir viðburðir, fundir og fyrirlestrar auk fjölmargra tónleika á Airwaves-miðborgarvökunni sl. föstudag er verslanir miðborgarinnar voru opnar fram eftir og buðu upp á lifandi tónlist, léttar veitingar o.fl.

Það eru því um 1.200 viðburðir að baki á sex dögum sem hlýtur að teljast Íslandsmet í tónleikamaraþoni. Á sjötta þúsund erlendra gesta sótti hátíðina að þessu sinni en greiðandi hátíðargestir á aðaldagskrá voru alls nærri tíu þúsundum. Gestir á „off-venue“ dagskrám hafa að líkindum ekki verið færri en 40.000. Um menningarlegan og efnahagslegan ávinning alls þessa þarf ekki að fjölyrða.

**Fjölþætting**
Allmargir sérviðburðir voru haldnir í þessari sömu viku, flestir tengdir tónlist, hlutverki hennar og útbreiðslu: Björn Blöndal, formaður borgarráðs Reykjavíkurborgar, stýrði áhugaverðum panel og umræðum í Hörpu um Tónlistarborgir þar sem fulltrúar Seattle, Chicago, Berlínar, Reykjavíkur og Lundúna voru meðal þátttakenda. ÚTÓN, Útflutningsskrifstofa íslenskrar tónlistar, stóð fyrir fjölþættum málstofum, m.a. um rapp og hip-hop, leiðir til að koma kvikmyndatónlist á framfæri, um alþjóðleg almannatengsl, markaðssóknir á breska og þýska tónlistarmarkaði og skipulagði að auki „speed-dating“ fundi íslenskra listamanna með erlendum umboðsaðilum, tónleikahöldurum og útgefendum.

NORDEX – Samstarfsvettvangur norrænu tónlistarútflutningsmiðstöðvanna, efndi til kynningarfunda um starfsemi sína, þ.m.t. Nordic Playlist – NPL – o.fl. og þýska vegglistateymið URBAN NATION efndi til fjölmargra Wall Poetry-viðburða, en þessi hópur á heiður af mörgum af best heppnuðu vegglistaverkum Reykjavíkurborgar og starfar náið með vegglista- og tónlistarfólki víða um heim.

**Björk og Bessi**
Þá ber að geta sérstaklega sýningarinnar Digital Björk í Hörpunni sem hófst á Airwaves og stendur til 9. desember, en Björk var einmitt aðalnúmerið á Iceland Airwaves þetta árið.

Forseti Íslands hélt síðan sérstaka Airwaves-móttöku á Bessastöðum fyrir lykilfólk úr alþjóðlega tónlistargeiranum. Móttakan mæltist afar vel fyrir og speglar í senn menningarog viðskiptalegt mikilvægi Iceland Airwaves.

**KEXP á KEX**
Á KEX hostelinu við Skúlagötu hefur á undanförnum árum verið efnt til samstarfs við hina útbreiddu útvarpsstöð KEXP í Seattle um beinar fjölþjóðlegar útsendingar. Þetta hefur gert KEX hostel að einum eftirsóttasta tónleikastað Airwavesvikunnar, enda fylgjast tugþúsundir með lifandi streymi stöðvarinnar og milljónir að auki þegar litið er til endurflutnings. Umrædd stöð hefur átt stóran þátt í að breiða út fagnaðarerindi íslenskrar tónlistar á undanförnum árum og á vissulega sinn þátt í þeirri ánægjulegu staðreynd að tónleikar íslenskra listamanna á erlendri grundu eru nú ekki færri en 1.400 á ári hverju! Að þessu sinni voru fjölmargir íslenskir listamenn í brennidepli KEXP-stöðvarinnar á Airwaves ásamt alþjóðlegum listamönnum á borð við Kronos kvartettinn og Digable Planets. Aðrar alþjóðlegar útvarpsstöðvar munu nú renna hýru auga til markaðssókna á Iceland Airwaves.

Ljóst er að þessi hátíð hefur fyrir löngu skipað sér í röð fremstu og áhrifamestu tónlistarhátíða heims, jafnhliða því að vera álitlegur búhnykkur fyrir fjölmörg íslensk fyrirtæki og einstaklinga, þ.m.t. þá er starfa við tónlist.

Vert er að óska þeim til hamingju sem haft hafa veg og vanda af undirbúningi og framkvæmd Iceland Airwaves 2016. Þakkað skal og öllum þeim listamönnum og öðrum sem lögðu sitt af mörkum. Til mikils var unnið.







# Alpa-EM hjá stelpunum okkar

**Íslenska kvennalandsliðið verður í C-riðli á Evrópumótinu í Hollandi næsta sumar og fyrsti leikur liðsins verður á móti Frakklandi alveg eins og á fyrsta Evrópumóti stelpnanna 2009.**

Óskar Ófeigur Jónsson
ooj@frettabladid.is



**FÓTBOLTI** Alpaþjóðirnar Frakkland, Sviss og Austurríki verða með stelpunum okkar í riðli á EM í fótbolta næsta sumar en bæði Frakkland og Sviss eru í hópi sterkustu liða keppninnar.

Margrét Lára Viðarsdóttir, fyrirliði íslenska liðsins, fylgdist með drættinum í gær og í fréttum Stöðvar tvö og á Vísi mátti sjá viðbrögð hennar á meðan á drættinum stóð. „Mér líst bara vel á þetta. Þetta er án efa erfiður riðill en það er ekkert óyfirstíganlegt í þessu,“ sagði Margrét Lára.

### Enginn annar riðill betri

„Kvennaboltinn er orðinn ofboðslega sterkur og við þurfum fyrst og fremst að hugsa um okkur sjálfar til að ná árangri. Það er samt enginn annar riðill sem ég hefði ekki viljað vera í,“ sagði Margrét Lára.

„Við erum að fá Frakka sem eru með eitt af bestu liðunum á EM og svo líka með Sviss sem mér fannst vera sterkasta liðið úr öðrum styrkleikaflokki. Þær eru búnar að taka okkur tvisvar illa og við höfum því harma að hefna. Þetta verður bara gaman,“ sagði Margrét Lára og vísaði þá í leiki Íslands og Sviss í undankeppni HM 2015. Íslenska liðið mætir Sviss í öðrum leik sínum og lokaleikurinn er síðan á móti Austurríki alveg eins og hjá strákunum á EM í Frakklandi síðasta sumar.

### Sluppu við Evrópumeistarana

Margrét Lára er nú á leið á sitt þriðja Evrópumót en í fyrsta sinn er íslenska liðið ekki með Evrópumeisturum Þjóðverja í riðli. Margrét Lára fagnaði því þó ekkert sérstaklega.

„Ég setti einhvern tímann saman dauðariðil og þá var Frakkland efst á blaði en ekki Þýskaland. Mér finnst þær hrikalega góðar og orðnar ansi hungraðar í að ná titli með landsliðinu. Frönsku liðin eru búin að vinna Meistaradeildina og það er bara tímaspursmál hvenær franska landsliðið vinnur til verðlauna,“ sagði Margrét Lára.

Sviss og Frakkland hafa spilað bolta sem hefur ekki hentað íslenska liðinu allt of vel. Hefur Margrét áhyggjur af því?

„Þær spila svolítið öðruvísi bolta en Norðurlandaþjóðirnar og við. Sviss er samt að fara á sitt fyrsta Evrópumót og þær hafa ekki reynslu af því sviði. Við höfum það umfram þær. Við eigum að geta tekið þær og Austurríki líka þó að það megi ekki vanmeta þær. Ég held að þetta verði barátta hjá okkur fram í síðasta leik,“ sagði Margrét Lára að lokum.

Ísland mætir Frökkum í fyrsta leik. Er það gott eða slæmt?

### Góð og falleg saga

„Eigum við ekki bara að segja að það sé gott. Við mættum þeim í okkar fyrsta leik á stórmóti 2009. Ég klúðraði vítaspyrnu í þeim leik en ætli það verði ekki bara þannig að við vinnum þennan leik 1-0 og ég skori úr víti. Er það ekki góð og falleg saga?“ sagði Margrét Lára að lokum. Hún gengur um með hækju þessa dagana eftir aðgerð. Margrét Lára ætti samt að vera komin aftur inn á fótboltavöllinn fljótlega á næsta ári.





**Þann 11. nóvember 2016 verður Garðaskóli 50 ára.**

Af því tilefni er þér boðið að heimsækja skólann á afmælisdaginn kl. 13:00-15:00. Einnig verður opið hús laugardaginn 12. nóvember kl. 11:00-14:00.

Sögusýning um skólann í formi mynda, texta og minja.

Það er von okkar að sem flestir fyrrverandi nemendur og starfsmenn skólans sjái sér fært að líta við og rifja upp gamlar minningar frá veru sinni í skólanum.

Boðið verður upp á kaffi og konfekt.

*Kær kveðja,*
*stjórnendur, nemendur og starfsfólk Garðaskóla*


## Nýjast

**Coca-Cola bikar kvenna**

**Valur - Fram 20-23**

**Mörk Vals (skot):** Diana Satkauskaite 9/3 (22/4), Díana Dögg Magnúsdóttir 5 (10), Eva Björk Hlöðversdóttir 2 (2), Íris Ásta Pétursdóttir 2 (4), Kristín Guðmundsdóttir 2 (10/1), Gerður Arinbjarnar (1), Birta Fönn Sveinsdóttir (1), Kristine Haheim Vike (2), Vigdís Birna Þorsteinsdóttir (3).
**Varin skot (víti):** Ástrós Anna Bender 20/2 (43/4, 47%).
**Mörk Fram (skot):** Ragnheiður Júlíusdóttir 6/1 (17/2), Steinunn Björnsdóttir 5 (6), Hulda Dagsdóttir 4/1 (5/2), Rebekka Rut Skúladóttir 3 (5), Sigurbjörg Jóhannsdóttir 2 (5), Hildur Þorgeirsdóttir 2 (6), Hekla Rún Ámundadóttir 1 (4).
**Varin skot (víti):** Guðrún Ósk Maríasdóttir 26/2 (46/5, 57%).

Stjarnan komst örugglega áfram eftir 18 marka sigur á Val 2, 32-14. Tvö Valslið duttu því út í gær.

**TVEIR HEIMALEIKIR HJÁ BÆÐI AKUREYRI OG HK Í BIKARNUM**
Akureyri og HK fengu bæði tvo heimaleiki fyrir liðin sín þegar dregið var í sextán liða úrslit Coca-Cola bikars karla í handbolta. Liðin sem mætast eru: ÍR–Afturelding, HK-Stjarnan, ÍBV2–Haukar, Víkingur–Selfoss, Fjölnir 2–Fram, HK2–Grótta, Akureyri–FH og Akureyri 2-Valur.

**ÞRÍR DOMINO'S-SLAGIR Í MALTBIKARNUM Í KÖRFU**
Það er öruggt að þrjú lið úr Domino's-deildinni munu detta út úr 16 liða úrslitum Maltbikarsins en dregið var í gær. Þrír úrvalsdeildarslagir verða í næstu umferð bikarsins en liðin sem mætast í byrjun desember eru: Keflavík-Þór Þorlákshöfn, Þór Akureyri-Tindastóll, Grindavík-ÍR, Valur-Skallagrímur, FSu-Sindri, Haukar-Haukar(b), Njarðvík (b)-Höttur og KR-Fjölnir.

**KVEÐJA GUÐMUNDUR OG DAGUR BÁÐIR Á NÆSTA HM?**
Guðmundur Guðmundsson tilkynnti það í gær að HM í Frakklandi í janúar næstkomandi verði hans síðasta stórmót sem þjálfari danska handboltalandsliðsins Guðmundur hættir með danska liðið þegar samningur hans rennur út næsta sumar en hann gerði Dani að Ólympíumeisturum í ágúst.

Annar íslenskur landsliðsþjálfari gæti einnig hætt með sitt landslið eftir HM í Frakklandi. Það er mikil óvissa með framtíð Dags Sigurðssonar sem þjálfara Evrópumeistara Þýskalands. Bild segir að Dagur hætti eftir HM og taki síðan við japanska landsliðinu. Dagur hefur ekki staðfest neitt um framtíð sína en hann hefur einnig verið orðaður við stórlið PSG og Veszprém.



## Í dag

**Coca-Cola bikar kvenna:**

| | | |
|---|---|---|
| 19.00 | HK - Selfoss | Digranes |
| 19.30 | ÍR - Haukar | Austurberg |
| 20.00 | FH - Grótta | Kaplakriki |

**Domino's-deild kvenna:**

| | | |
|---|---|---|
| 19.15 | Haukar - Grindav. | Schenkerh. |
| 19.15 | Stjarnan - Keflavík | Ásgarður |
| 19.15 | Snæfell - Skallagr. | Stykkish. |
| 19.15 | Valur - Njarðvík | Valshöllin |
| 19.05 | Snæfell - Skallagrímur | Sport |




# *Lækkað verð í nóvember – með kaupauka*

## FORD FIESTA
## ER VINSÆLASTI SMÁBÍLLINN

Fiesta er geysivinsæll á Íslandi, vinsælasti smábíllinn í Evrópu og býðst nú á lækkuðu vetrarverði með kaupauka. Fiesta er margverðlaunaður, sparneytinn og fáanlegur með magnaðri vél sem valin hefur verið „International Engine Of The Year“ þrjú ár í röð. Enginn gerir betur.

Staðalbúnaður er ríkulegur, hann fékk fimm stjörnur í öryggisprófi EURO NCAP og auðvitað er Fiesta sítengdur með Bluetooth. Þú færð framúrskarandi þjónustu hjá Brimborg og við tökum gamla bílinn upp í nýjan Fiesta.

### TILBOÐ

FULLT VERÐ: FORD FIESTA TREND
FRÁ 2.290.000 KR.

**VETRARVERÐ OG KAUPAUKI TIL 19. NÓVEMBER**

FRÁ **2.190.000** KR.

**Upplifðu frábæra akstursseiginleika Ford Fiesta**
**- komdu núna og tryggðu þér Fiesta á vetrarverði með kaupauka**

ford.is

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

FRÉTTABLAÐIÐ
# TÍMAMÓT
9. NÓVEMBER 2016 MIÐVIKUDAGUR



ÞETTA GERÐIST 9. NÓVEMBER 1986

## Hvalveiðiskipum sökkt

Á þessum degi árið 1986 sökktu umhverfissamtökin Sea Shepherd íslensku hvalveiðiskipunum Hval 6 og Hval 7 í Reykjavíkurhöfn. Vegna þessa var Paul Watson, einn af stofnendum samtakanna, fangelsaður stuttan tíma þegar hann kom til Íslands árið 1988 og í kjölfarið vísað úr landi.

Sea Shepherd Conservation Society eru umverfisverndarsamtök sem einkum berjast gegn veiðum á sjávardýrum. Samtökin eru þekktust fyrir baráttu gegn hvalveiðum en hafa einnig barist gegn veiðum á öðrum sjávardýrum eins og selum og sæskjaldbökum.

Sea Shepherd-samtökin voru stofnuð af hópi fólks sem þótti aðferðir Greenpeace-samtakanna ekki nógu róttækar. Núverandi höfuðstöðvar samtakanna eru í Friday Harbour í Washington-ríki í Bandaríkjunum.

## Merkisatburðir

**1932** Gúttóslagurinn í Reykjavík. Áheyrendur hleypa upp bæjarstjórnarfundi í Góðtemplarahúsinu vegna ákvörðunar bæjarstjórnar um að lækka laun í atvinnubótavinnu.
**1938** Kristalsnótt. Fyrstu skipulögðu gyðingaofsóknir nasista hefjast.
**1985** Minnisvarði afhjúpaður á Skógum í Þorskafirði um Matthías Jochumsson skáld, sem fæddist þar 150 árum áður.
**1989** Berlínarmúrinn fellur.
**2004** Útgáfa 1.0 af Mozilla Firefox kemur út.
**2005** Rúmlega 50 manns láta lífið og um 120 særast í sjálfsmorðssprengjuárásum í Amman í Jórdaníu.



Hið árlega kjólaball Heimilistóna verður haldið í Iðnó laugardaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Halda stórdansleik árlega

**Hljómsveitin Heimilistónar fagnar 20 ára afmæli sínu um þessar mundir. Fram undan eru árlegir tónleikar sveitarinnar sem haldnir verða í Iðnó 12. nóvember næstkomandi.**

Við höfum spilað saman í tuttugu ár, Hljómsveitin varð til eftir að Elva Ósk Ólafsdóttir flutti heim til Íslands eftir dvöl í Danmörku, þar sem hún lærði á bassa. Hún hafði samband við mig og Vigdísi Gunnarsdóttur og við ákváðum að slá til. Fljótlega fórum við á fullt að leita að söngkonu og Halldóra Björnsdóttir var söngkona hljómsveitarinnar um tíma, þar til hún ákvað að hætta og leitin að söngkonu fyrir sveitina hélt áfram. Við mönuðum okkur til að hafa samband við Kötlu Margréti og Ragnhildi Gísladóttur, sem varð söngkona hljómsveitarinnar í hátt í tíu ár. Hún hætti í fyrra þar sem hún fór í nám sem tónsmiður í Listaháskóla Íslands,“ segir Ólafía Hrönn Jónsdóttir leikkona um upphaf hljómsveitarinnar Heimilistóna, en árlegt kjólaball hljómsveitarinnar verður haldið í Iðnó 12. nóvember næstkomandi.

Margt hefur gerst á löngum ferli sveitarinnar, en í dag er hljómsveitin skipuð leikkonunum Elvu Ósk Ólafsdóttur, Kötlu Margréti Þorgeirsdóttur, Vigdísi Gunnarsdóttur og Ólafíu Hrönn Jónsdóttur. Hljómsveitin hefur æft stíft síðustu vikur fyrir stóra daginn en um er að ræða árlegt ball hljómsveitarinnar þar sem gleðin ræður ríkjum.

„Sparitónninn og tónlistarkonan Unnur Birna Björnsdóttir verður líka með okkur, en hún kemur oft með okkur að spila, sem er frábær viðbót við hópinn,“ segir Ólafía spennt fyrir næstu helgi.

Óhætt er að segja að ýmislegt verður í boði þetta kvöld. Meðal viðburða á kvöldinu sjálfu er happdrætti, lummukast, gógó-dansarar, gestaspilarar, ásamt kabarettatriði frá Margréti Erlu Maack.

„Það er tilvalið að dusta rykið af dansskónum því þetta verður sko bara stuð og gaman, þar sem fólk dansar fram á rauðanótt. Við erum að taka bestu lög seinustu áratuga, ásamt frumsömdu efni. Undirbúningurinn hefur gengið virkilega vel, við sjáum um að skreyta salinn, þetta er mikil krúttsamkoma og ekki má gleyma frábærum leynigesti, sem mætir á svæðið og tekur lagið, en hann verður ekki af verri endanum frekar en fyrri daginn,“ segir hún og hvetur sem flesta karlmenn til að mæta, þar sem þeir hafa nóg að gera á ballinu við að dansa við skvísurnar.

gudrunjona@frettabladid.is

---



✝

Elsku móðir okkar, amma, langamma og langalangamma,

**Guðfinna Ingimarsdóttir Fox**
sjúkraliði,
Miðbraut 19, Seltjarnarnesi,

andaðist á hjúkrunarheimilinu Grund við Hringbraut þann 29. október sl.
Útför fer fram frá Vídalínskirkju, Kirkjulundi 3, Garðabæ, föstudaginn 11. nóvember kl. 13.00.

**Guðrún Kolbrún Thomas**
**Gordon Fox**
**barnabörn, barnabarnabörn og langalangömmubarn.**

---



✝

Okkar ástkæri

**Tómas Árni Jónasson**
læknir
(1923-2016)

lést á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund laugardaginn 5. nóvember.
Jarðarförin fer fram frá Neskirkju mánudaginn 14. nóvember klukkan 13.

**Anna Jóhannesdóttir**

| | |
|---|---|
| **Jónas Tómasson** | **Sigríður Ragnarsdóttir** |
| **Jóhannes Tómasson** | **Málfríður Finnbogadóttir** |
| **Haukur Tómasson** | **Ragnheiður Elísdóttir** |
| **Guðrún Anna Tómasdóttir** | **Leon van Mil** |

**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Látin er í Bandaríkjunum systir okkar,

**Bryndís Grant**

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Einar Örn Grant**
**Kristján Grant**
**Ásgeir Friðrik Grant**

---



✝

Innilegar þakkir fyrir samúð, vináttu og hlýhug vegna andláts og útfarar ástkærrar eiginkonu, dóttur, móður, tengdamóður og ömmu,

**Soffíu Wedholm Gunnarsdóttur**

sem lést miðvikudaginn 26. október.
Sérstakar þakkir færum við starfsfólki krabbameins- og líknardeildar Landspítalans.

**Helgi Björnsson**
**Jóna Jóhannesdóttir Wedholm**

| | |
|---|---|
| **Gunnar Wedholm Helgason** | **Þóra Björk Eysteinsdóttir** |
| **Ólöf Helgadóttir** | **Guðmundur J. Kristjánsson** |
| **Erlen Björk Helgadóttir** | **Kristinn Ottason** |

**og barnabörn.**

---



✝

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**Sigríður Þorláksdóttir**
Norðurbrún 1,
áður Guðrúnargötu 5,

lést á Landspítalanum þann 29. október.
Útförin verður frá Fossvogskirkju í dag, 9. nóvember, kl. 13.00. Þeim sem vildu minnast hennar er bent á Barnaspítala Hringsins.

**Kristjana Aðalsteinsdóttir, Þorsteinn Aðalsteinsson,**
**Tryggvi Aðalsteinsson, Aðalbjörg Þorvarðardóttir,**
**Sólveig Aðalsteinsdóttir, Málfríður Aðalsteinsdóttir**
**og afkomendur.**

---



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, afi og langafi,

**Walter Jónsson Ferrua**
steinsmiður,
Miðbraut 5, Seltjarnarnesi,

lést á hjúkrunarheimilinu Sóltúni 27. október. Útför hefur farið fram í kyrrþey. Við þökkum ættingjum og vinum auðsýnda samúð og vinarhug. Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Sóltúns fyrir einstaklega hlýja og góða umönnun. Þeim sem vildu minnast Walters er bent á minningarkort Sóltúns.
Minningargreinar eru afþakkaðar að ósk hins látna.

**Pála H. Jónsdóttir**
**Nives E. Waltersdóttir Ferrua**
**Íris Waltersdóttir Ferrua**
**Sonja Irena Waltersdóttir Ferrua**
**barnabörn og barnabarnabarn.**





# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 9. nóvember 2016 | 43. tölublað | 10. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL

## Tengiltvinnbíllinn á hraðri uppleið

Það sem af er ári eru rafbílar einungis eitt prósent seldra bíla, en tengiltvinnbílar 2,9 prósent. Rafmagnsbíllinn getur verið samkeppnishæfur valkostur fyrir ákveðinn hóp. Byggja þarf upp innviði við fjölbýli. » 4





»2
**Þróar heyrnartól fyrir börn**
Pétur Hannes Ólafsson, frumkvöðull í Hong Kong, hugsar um samfélagslega ábyrgð við þróun vara.

»2
**24,5 milljóna króna laun**
Árið 2015 greiddi Brim hf. hæstu laun í landinu. Meðallaun fyrir árið námu 24,5 milljónum króna og hækkuðu um 27 prósent.

»5
**Svipmyndin: Karítas Diðriksdóttir**
Nýr markaðsstjóri iglo+indi flytur heim eftir átta ára dvöl erlendis. Hún segir draum að vinna við tísku á Íslandi.

»5
**Sjá tækifæri í Vaka**
Endanlega hefur verið gengið frá kaupum Pentair á Vaka fiskeldiskerfum.

»6
**Enn mesta ríki heims**
Lars Christensen skrifar um Bandaríkin og áhrif forsetakosninganna þar.





Skip útgerðarfélagsins Brims hf. við landfestar í Reykjavíkurhöfn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Hæstu launin hjá Brimi

Hæstu launin árið 2015 meðal 300 stærstu fyrirtækja landsins voru hjá Brimi hf. Meðallaun fyrir árið námu 24,5 milljónum króna, eða rúmum tveimur milljónum á mánuði. Launin hækkuðu um 27 prósent milli ára, að því er kemur fram í Frjálsri verslun.

Næsthæstu launin voru hjá Bergi-Hugin en þar námu árslaun 21,5 milljónum króna. Þriðju hæstu voru hjá Stefni þar sem þau námu 20,7 milljónum og fjórðu hæstu hjá GAMMA þar sem þau námu 20,2 milljónum króna.

Samkvæmt nýjum lista Frjálsrar verslunar er Icelandair Group stærsta fyrirtæki landsins með yfir 150 milljarða króna í veltu. Umsvif félagsins jukust um 15 prósent á síðasta ári. Marel er í öðru sæti listans og velti um 120 milljörðum króna. Efstu tvö sætin breytast ekki milli ára, en Arion banki er í þriðja sæti með 118 milljarða króna veltu, samanborið við fimmta sæti í fyrra. Velta Arion banka jókst um ríflega þriðjung milli ára.

Viðskiptabankarnir eru fyrirferðarmiklir þegar kemur að hagnaði eftir skatt. Mestur hagnaður var hjá Arion banka en hann nam 49,7 milljörðum króna á síðasta ári. Hagnaður Landsbankans nam 36,5 milljörðum og hagnaður Íslandsbanka 20,6 milljörðum króna. Listinn um mestan hagnað breytist töluvert milli ára en Icelandair Group færist úr fyrsta sæti í það fjórða með 20,6 milljarða hagnað.

Hagnaður sem hlutfall af veltu var hæstur hjá Veritas Capital árið 2015, næsthæstur hjá Framtakssjóði Íslands og þriðji hæstur hjá Smáragarði.

Mesta eigið fé var hjá Landsbankanum en það nam 264,5 milljörðum og hækkaði um fimm prósent milli ára, næsthæst var það hjá Landsvirkjun þar sem það nam 248,4 milljörðum og hækkaði um 15 prósent milli ára. Þriðja mesta eigið fé var hjá Íslandsbanka þar sem það nam 202 milljörðum og hækkaði um níu prósent milli ára. Listi yfir mesta eigið fé breyttist verulega milli ára. Icelandair Group var með mest eigið fé á síðasta ári en er nú í 13. sæti. **– sg**

## Vikan sem leið

**2.000**
***íbúðir***

Leigufélagið Ásabyggð á Ásbrú sameinast Heimavöllum leigufélagi og verður stærsta leigufélag landsins á almennum markaði. Sameinaða félagið undir merkjum Heimavalla mun reka um tvö þúsund íbúðir og stefnir félagið að skráningu á hlutabréfamarkað í lok næsta ári. Samanlögð heildarvelta félaganna á fyrstu sex mánuðum ársins var um 960 milljónir króna.

**2,4%**
***verðbólga***

Í nýrri þjóðhagsspá Hagstofunnar til ársins 2022 er gert ráð fyrir að verðbólgan fari upp í 2,4 prósent árið 2017 og 3,4 prósent 2018 en að úr henni dragi eftir það. Þá er gert ráð fyrir að hagvöxtur árið 2016 nemi 4,8 prósentum, einkaneysla aukist um 7,1 prósent, og fjárfesting um 21,7 prósent.

MARKAÐURINN
**ÚTGÁFUFÉLAG 365 miðlar ehf.,** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000
Netfang **ritstjorn@markadurinn.is** | Sími **512 5000** | Fax **512 5301**
Umsjón **Hafliði Helgason** **hafliði@365.is**
Ábyrgðarmaður **Kristín Þorsteinsdóttir**
Netfang auglýsingadeildar **auglysingar@markadurinn.is** Veffang visir.is





Pétur Hannes er viðskiptafræðingur og hefur starfað í fjórtán ár erlendis. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Mikil tækifæri í sölu barnvænna tækja

**Pétur Hannes Ólafsson, frumkvöðull í Hong Kong, hóf fyrir tveimur árum að þróa heyrnartól fyrir börn. Þau eru nú seld í yfir 25 löndum og er 100 prósent söluaukning milli ára. Stefnt er á fleiri lönd og samninga við flugfélög.**

„Við fundum að það var gat á markaði fyrir heyrnartól sem væru sérsniðin fyrir krakka, allt frá pakkningunni til desíbelastillingu. Við fundum að heyrnartól fyrir börn voru annaðhvort gerð af risum eins og Sony og Philips sem tóku bara tæknina sem var til staðar og stilltu hana á 85 desíbel, eða þá að þau voru gerð í gegnum sérleyfissamninga þar sem hár kostnaður við einkaleyfi var tekinn út á gæðunum. Okkar árangur felst í því að við höfum hugsað þetta frá grunni fyrir börn. Heyrnartólin eru mjög endingargóð, þú getur farið illa með þau án þess að þau skemmist,“ segir Pétur Hannes Ólafsson.

Pétur Hannes hóf að þróa BuddyPhones, heyrnartól sem sérsniðin eru fyrir börn, fyrir rúmum tveimur árum í gegnum fyrirtæki sitt í Hong Kong. Vörurnar hafa hlotið gríðarlegar vinsældir á stuttum tíma. „Við erum að selja í yfir 25 löndum og í dag er vörumerkið númer eitt í Japan og Kóreu á þessu sviði,“ segir Pétur Hannes.

Hann er menntaður viðskiptafræðingur og hefur starfað erlendis í fjórtán ár, þar af síðustu ellefu ár í Hong Kong. Upp úr MBA-náminu stofnaði hann fyrirtækið Onanoff sem var að þróa ansi margar vörur, til að mynda Bluetooth-hátalara, heyrnartól og töskur fyrir Macbook-tölvur. BuddyPhones var stofnað fyrir tveimur og hálfu ári til að sinna vaxandi þörf á markaði.

„Tölfræði frá Bandaríkjunum sýnir að 13 prósent 16 ára barna í dag eru með heyrnarskaða að einhverju leyti á öðru eða báðum eyrum sem hægt er að tengja beint


Moomin-lína BuddyPhones fer í sölu í mánuðinum. MYND/SIGURÐUR Ó. SIGURÐSSON

> **Ég er búinn að lifa á núðlusúpu og allt það. Maður gerir 100 þúsund mistök sem frumkvöðull. Það verður eiginlega ekkert harðara heldur en alþjóðamarkaðurinn.**
>
> Pétur Hannes Ólafsson

við notkun á heyrnartólum. Allur heyrnarskaði er varanlegur,“ segir Pétur Hannes. „Við erum því ekki bara að þróa græju heldur einnig huga að samfélagslegri ábyrgð í því sem við gerum.“

Að sögn Péturs Hannesar hefur varan gengið vel og er um 100 prósent söluaukning milli ára, og 20 til 30 prósent söluaukning í hverjum mánuði. „Við erum nú komin úr eins manns fyrirtæki í fimmtán manna skrifstofu í Hong Kong, þar er allt hannað innanhúss og svo framleitt í verksmiðju í Kína.“

Pétur Hannes segist vera búinn að taka allan „frumkvöðlapakkann“. „Ég er búinn að lifa á núðlusúpu og allt það. Maður gerir 100 þúsund mistök sem frumkvöðull. Það verður eiginlega ekkert harðara heldur en alþjóðamarkaðurinn.“

Nýlega stofnaði Pétur Hannes fyrirtæki í Bandaríkjunum og Evrópu í kringum BuddyPhones, og stefnir hann á sölu varanna í fleiri löndum, en fyrirtækið hefur einnig verið að semja við fjölda flugfélaga. Á dögunum kemur svo út vara í samstarfi við Moomin. Hann segir að áfram verði haldið að þróa vörur fyrir börn, með samfélagslegri ábyrgð.

Pétur Hannes segist opinn fyrir því að selja á íslenska markaðnum og segir Ísland, og sérstaklega íslenska sumarið, toga heim. Hins vegar sé mikilvægt í svona starfsemi eins og staðan er núna að vera annaðhvort nálægt kúnnanum eða framleiðslunni. **saeunn@frettabladid.is**

## Á döfinni

keldan dagatal viðskiptalífsins

**Miðvikudagur 9. nóvember**

**LÁNAMÁL RÍKISINS**
- Mánaðarlegar upplýsingar Lánamála ríkisins

**ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS**
- Fasteignamarkaðurinn í mánuðinum eftir landshlutum

**EIK**
- Kynningarfundur uppgjörs þriðja ársfjórðungs 2016

**Miðvikudagur 10. nóvember**

**HAGSTOFA ÍSLANDS**
- Velta í virðisaukaskattskyldri starfsemi

**HAGSTOFA ÍSLANDS**
- Efnahagslegar skammtímatölur í nóvember 2016

**Þriðjudagur 15. nóvember**

**HAGSTOFA ÍSLANDS**
- Fiskafli í október 2016

**VINNUMÁLASTOFNUN**
- Atvinnuleysistölur Vinnumálastofnunar

**Miðvikudagur 16. nóvember**

**SEÐLABANKI ÍSLANDS**
- Vaxtaákvörðun og útgáfa Peningamála

**ARION BANKI**
- Þriðji ársfjórðungur 2016

Vísir **Allar markaðsupplýsingar**

# ÚTLIT
HÚSGAGNABANKINN

# LAGERSALA
**FAXAFEN 10, 108 REYKJAVÍK - 511 0030**
**Opið frá 13.00 - 18.00 virka daga og 13 - 16 laugardaga**



| Hornskápur | Vanilla leðurtaska | Bow Fronted skápur | Hobo leðurtaska | French Curio skápur |
|---|---|---|---|---|
| Verð áður kr. 135.000 | Leður - 4 litir | Verð áður kr. 297.000 | Leður - 3 litir | Verð áður kr. 165.000 |
| Tilboð kr. 94.500 | Verð 17.900 | Tilboð kr. 222.750 | Verð 15.900 | Tilboð kr. 107.250 |
| 76 x 55 sm - h. 190 sm | Stærð 34 x 16 sm - h. 26 sm | 180 x 50 sm - h. 210 sm | Stærð 41 x 14 sm - h. 29 sm | 70 x 40 sm - h. 190 sm |



| Blaðgrindarborð | Teborð með bakka | Regency borð | Innskotsborð | Hliðarborð | Campaign skrifpúlt |
|---|---|---|---|---|---|
| Verð 43.000 | Verð 66.000 | Verð 57.000 | Verð 57.000 | Verð áður 79.000 | Verð 149.000 |
| Tilboð 35.000 | Tilboð 52.800 | Tilboð 45.600 | Tilboð 48.450 | Tilboð 63.200 | Tilboð 104.300 |
| 58 x 40 sm - h. 65 sm | 75 x 50 sm - h. 75 sm | 60 x 60 sm - h. 71 sm | 60 x 45 sm - h. 60 sm | 90 x 40 sm - h. 86 sm | 112 x 65 sm - h. 93 sm |

# Lagersala - Rýmingarsala
## Tungusófar, hornsófar og svefnsófar



**Tilboð kr. 118.000** plús-mínus

**Tilboð kr. 49.000** plús-mínus

**Tilboð kr. 198.000** plús-mínus



**Tilboð kr. 269.000** plús-mínus

**Tilboð kr. 195.000** plús-mínus

**Tilboð kr. 194.700** plús-mínus

**www.husgagnabankinn.is**

# Rafbílar einungis eitt prósent nýskráðra bíla

**Rafbílavæðingin er að gerast hægt á Íslandi að mati viðskiptastjóra hjá Ergo. Það er fljótt að tínast úr eftirspurninni. Rafbíllinn getur þó verið samkeppnishæfur valkostur fyrir ákveðinn notendahóp. Útlit er fyrir að sala rafbíla muni dala á milli ára. Tengiltvinnbíllinn virðist frábært milliskref og nýtur vinsælda.**

Sæunn Gísladóttir
saeunn@frettabladid.is



Rafbíllinn getur verið hagkvæmur fyrir einstaka hópa, en sá hópur er ekki eins og stór og maður hefði haldið. Þetta er mjög lágt hlutfall af heildarbílaflotanum í dag og salan er innan við tvö prósent af öllum seldum fólksbílum á Íslandi,“ þetta segir Kári Auðun Þorsteinsson, viðskiptastjóri hjá Ergo.

Hann heldur erindi um rafmagnsbíla á fundi Íslandsbanka, Ergo og Samorku um rafbílavæðingu Íslands sem fram fer á fimmtudaginn í Hörpu.

Á fyrstu tíu mánuðum ársins voru rafbílar einungis eitt prósent seldra bíla samkvæmt tölum Samgöngustofu. Tengiltvinnvélar voru 2,9 prósent.

Rafbíllinn er ekki nýr af nálinni. Um aldamótin nítján hundruð voru rafmagnsbílar í Bandaríkjunum um þriðjungur af öllum bílaflota landsins. Með stærra vegakerfi og lengri akstursleiðum varð stutt drægni rafhlöðunnar hins vegar rafbílnum að falli og hinn langdrægi bensínbíll tók völdin.

Í dag eru loftslagsmál í brennideplinum á ný og aukinn pólitískur vilji er hjá ríkjum heims að beita sér fyrir því að útblásturslausir bílar nái fótfestu að mati Kára. Hann segir þó mjög erfitt að spá um framtíðarþróun rafbílavæðingarnnar. „Þetta getur verið hagkvæmt ef bíllinn hentar þér. Hægst gæti þó á þróuninni ef bensínverð lækkar og krónan styrkist áfram. Hinum megin gæti þróunin aukist ef rafhlöðuverð lækkar. “

„Miðað við flest önnur lönd erum við örugglega nokkuð framarlega í rafbílavæðingunni. Það er bara Noregur sem stendur mjög framarlega en þar eru rafbílar að slaga í 30 prósent af öllum seldum fólksbílum," segir Kári. Hann bendir þó á að hlutfallið sé enn mjög lágt hér á landi. „Þetta er að gerast mjög hægt eins og þetta er.“

„Það er fljótt að tínast úr eftirspurninni. Ef fólk þarf að fara út á land oft, ef það býr í blokk og getur ekki hlaðið heima hjá sér, eða ef það er flókið að hlaða bílinn framan við húsið, dregur það úr vilja fólks til að kaupa rafbíl,“ segir Kári.

**Góður kostur fyrir ákveðinn hóp**

Í erindi sínu mun Kári víkja að því hvort hagstætt sé að kaupa rafbíl, í þeim tilfellum sem drægi þeirra skiptir ekki máli. Án allra skatta kostar bensínbíllinn um 60 prósent af kaupverði rafbíls. Ofan á verð bensínbílsins leggjast svo vörugjöld og virðisaukaskattur. Með sköttum kostar bensínbíllinn því 83 prósent af kaupverði rafbíls. Að mati Kára gengi dæmið aldrei upp án skattalegra ívilnana. Án ívilnana þyrfti rafbíllinn að lækka í verði um að minnsta kosti 25 til 30 prósent.

Kári setur upp sem dæmi að rafbíllinn kosti um 700 þúsund krónum meira en sambærilegur bensínbíll. Ef bílkaupandinn ætlar að keyra 15 þúsund kílómetra á ári og sparar um 133 þúsund krónur á því árlega að keyra rafbíl er bensínsparnaðurinn búinn að greiða upp hærra kaupverð rafbílsins í upphafi á sjö árum.

Eitt vandamál við þetta er að kaupandinn þekkir engan sem á sjö ára gamlan rafbíl á Íslandi og getur ekki hringt til að spyrja hvernig rafbíllinn hafi reynst. Framleiðandinn gefur út fimm ára ábyrgð á rafhlöðunni og segir jafnframt að endingartími sé áætlaður að minnsta kosti tíu ár. Ef rafhlaðan er ónothæf eftir tíu ár þá er rafbílakaupandinn allavega búinn að hagnast um 240 þúsund krónur á bensínsparnaði. Fyrir tíu ára bensínbíl fengi hann 340 þúsund krónur. Þannig að til að koma út á sama stað þá þurfa að fást að minnsta kosti 100 þúsund krónur fyrir 10 ára gamlan rafbíl sem virðist vera raunhæft jafnvel þó að rafhlaðan sé léleg eða ónýt. Það er því hægt að færa að því rök að fyrir ákveðinn notendahóp sé rafbíllinn samkeppnishæfur valkostur.

**Tengiltvinnbíllinn milliskrefið**

Miðað við söluna á fyrstu tíu mánuðum þessa árs lítur út fyrir að sala rafbíla muni dala á milli ára. Ef sölu á tengiltvinnbílum (eða Plug-In Hybrid) er bætt við sést þó að markaðurinn er í auknum mæli að leita þangað.

„Plug-In Hybrid leysir málið fyrir marga sem hafa verið að setja drægið fyrir sig, sérstaklega ef þeir geta keyrt langmesta hlutann innanbæjar, til dæmis fram og til baka í vinnuna, á rafmagni,“ segir Kári.

„Með tengiltvinnbíl er líka hægt að læra á rafmagnið meðan við erum að bíða og sjá hvernig rafbíllinn þróast. Það er pínu hræðslufaktor í þessu líka. Þetta er því ágætt milliskref þó að þetta sé ekki 100 prósent hreinn bíll, og þetta getur líka hjálpað við uppbyggingu á hraðhleðslustöðvum,“ segir Kári. Hann bætir þó við að tengiltvinnvélar leysi ekki öll vandamál rafbílavæðingarinnar á Íslandi.

## Við erum á réttri leið

Það er meira sem þarf að gera í innviðauppbyggingu til að þróunin í rafbílavæðingu geti haldið áfram. Það er mat Tryggva Þórs Haraldssonar, forstjóri RARIK, en hann heldur einnig erindi á fundinum á fimmtudag. Hann telur þó að uppbyggingin sé á réttri leið.



„Það þarf að huga að flutningskerfinu, það þarf að gera af öðru orsökum, ekki bara út af þessu. Vonandi verður löngu búið að gera það áður en þörfin verður meiri vegna rafbíla. Það er nú þegar orðið fulllestað, getur maður sagt,“ segir Tryggvi Þór.

Hann segir að víðast hvar á landinu sé hægt að setja upp hraðhleðslustöðvar. „Það eru dæmi um það upp til sveita að það sé erfitt að koma þeim fyrir, og kannski dálítill kostnaður, en það er meira eða minna leysanlegt.“

Tryggvi Þór tekur undir með Kára að það sé ákveðið vandamál að íbúar fjölbýlishúsa geti ekki hlaðið rafbíla. Hann telur að huga þurfi að ákvæðum í byggingarreglugerð þannig að gera verði ráð fyrir hleðslustöðvum á bílaplönum fjölbýlishúsa og á bílastæðum. „Það er mikilvægt upp á alla innviði, það er sjálfsagt að taka þetta inn í byggingarreglugerð sem fyrst.“

Hann telur að dreifiveiturnar muni ráða við það að hægt verði að hlaða yfir nótt við blokkir. „Hraði í uppbyggingu í endurnýjun bílaflotans er ekki meiri en svo að dreifiveiturnar geta annað því, en þetta er verkefni sem við þurfum að vita af.“

Að mati Tryggva Þórs erum við þó á réttri leið í uppbyggingu. „Það er minna vandamál að anna þessu en margir telja, hluti kerfisins er bara hannaður til að taka við þessu því á móti þessari aukningu hefur verið samdráttur í öðrum þáttum, LED-perur hafa til dæmis verið að leysa aðrar perur af hólmi.“




Kári áætlar að á sjö árum sé bensínsparnaður búinn að greiða upp hærra kaupverð rafbílsins í upphafi. Eftir það hagnist eigandinn á sparnaðinum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**Það er fljótt að tínast úr eftirspurninni. Ef fólk þarf að fara út á land oft, ef það býr í blokk og getur ekki hlaðið heima hjá sér, eða ef er flókið að hlaða bílinn framan við húsið, dregur það úr vilja fólks til að kaupa rafbíl.**



Kári Auðun Þorsteinsson, viðskiptastjóri hjá Ergo

**Kaupverð bíla** Heimild: Ergo




**Sala rafbíla** Heimild: Ergo



# STÍGA FRAM Í SVIÐSLJÓSIÐ

Anddyri Háskólabíós verður á morgun vettvangur pop-up markaðar vefverslana sem kynna vörur sínar. Fjölbreytt úrval verður í boði og tilvalið að hefja jólainnkaupin þar. Hugmyndin kviknaði í tíma í Háskóla Íslands.

Starri Freyr Jónsson
starri@365.is



Pop-up markaður vefverslana verður haldinn á morgun, fimmtudag, í stóra anddyrinu í Háskólabíói. Viðburðurinn stendur yfir milli kl. 17 og 21 en um fimmtán vefverslanir sem selja mjög fjölbreytt úrval vara hafa boðað komu sína. Það eru þær Aldís Rúna Þórisdóttir, Andrea Kristín Kristjánsdóttir og Kristín Guðlaugsdóttir sem skipuleggja markaðinn en þær eru allar nemendur í viðskiptafræði við Háskóla Íslands.

Hugmyndin að pop-up markaðinum kviknaði í áfanga sem kallast viðburðastjórnun en þar eiga nemendur að setja á fót viðburð sem hluta af námsmati sínu. Þær segjast hafa haft fulla trú á hugmyndinni og voru sannfærðar um að vefverslanir hefðu einnig áhuga. „Það sannaði sig, því að fljótlega eftir að við auglýstum viðburðinn fengum við strax mikið af fyrirspurnum frá ýmsum vefverslunum sem vildu ólmar taka þátt í þessu með okkur.“

### GOTT ÚRVAL VARA

Fjölbreytt úrval vara verður til sölu á morgun að þeirra sögn. „Flestar verslanir sem þarna verða eru að selja föt, skartgripi eða snyrtivörur en svo eru líka verslanir sem selja barnavörur, veggskraut og glermuni. Snyrtivörurnar eru allt frá því að vera íslensk framleiðsla með kaffiskrúbbi og baðsalti yfir í vinsæl erlend snyrtivörumerki.“

Einnig verða seldar ýmsar fallegar vörur fyrir heimilið. „Fyrir barnið er hægt að fá buxur, smekki, sængurföt, snuddubönd og krúttlega bangsa. Einnig selur ein verslunin einungis vegan og „cruelty free“ fatnað sem mörgum þykir mikill kostur. Það má því segja að vöruúrvalið sé afar fjölbreytt þannig að flestir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi.“



Skipuleggjendur Pop-up markaðarins eru (f.v.): Aldís Rúna Þórisdóttir, Andrea Kristín Kristjánsdóttir og Kristín Guðlaugsdóttir. Um fimmtán vefverslanir selja þar vörur sínar. MYND/GVA



Mikið úrval af fallegum fatnaði er í boði.

### TRAUSTIÐ EYKST

Á markaðinum verða einungis hreinræktaðar vefverslanir og því er viðburðurinn frábært tækifæri fyrir þær til þess að koma sér betur á framfæri og vera sýnilegri. „Margir eru hræddir við að versla á netinu af ýmsum ástæðum, t.d. varðandi stærðir á fatnaði. Vefverslanir gætu aukið traust sitt eftir að hafa sýnt sig og sannað á viðburði sem þessum. Einnig er möguleiki á að einhverjir hafi ekki endilega kunnáttu eða kreditkort til þess að versla á netinu og sækist þá sérstaklega eftir því að kíkja á viðburðinn og kaupa sér eitthvað fallegt.“

> Flestar verslanir sem þarna verða eru að selja föt, skartgripi eða snyrtivörur en svo eru líka verslanir sem selja barnavörur, veggskraut og glermuni.
>
> Aldís, Andrea og Kristín.

### STYTTIST Í JÓLIN

Þær segja markaðinn líka vera tilvalið tækifæri til að byrja jólagjafainnkaupin eða eiga gott kvöld með vinum og vinkonum. „Þær verslanir sem hafa staðfest komu sína eru Akíla, Barkode, Blúndugler, B & G Studio, Camelia, Deisymakeup, Fínindi, LineUp, S chokers, Sirkusshop, Skinboss, Smekkir, Tara Shop og Voodoo. Flestar verslanirnar bjóða upp á afslætti og tilboð þetta eina kvöld og boðið verður upp á drykki frá Vífilfelli ásamt veitingum frá Lemon á meðan birgðir endast.“




Um fimmtán vefverslanir kynna og selja vörur sínar á morgun.

**Allar nánari upplýsingar má finna á Facebook undir Pop-up markaður vefverslana.**

JÓLABLAÐ FRÉTTABLAÐSINS

Stóra jólablaðið frá Fréttablaðinu kemur út þriðjudaginn 22. nóvember.

Blaðið er stútfullt af allskonar skemmtilegu efni tengdu jólunum.

Áhugasamir auglýsendur hafið samband við auglýsingadeild sérblaða í síma 512 5402



VETRARMARKAÐUR
LAGERSALA
Á LAXDAL VETRAFATNAÐI
Í KJÖRGARÐI KJALLARA
50- 60% AFSLÁTTUR
Rýmum fyrir nýjum vetrarfatnaði
VETRAKÁPUR, VETRARÚLPUR, LÉTTAR YFIRHAFNIR, BUXNAÚRVAL, SVARTAR KLASSÍSKAR, GALLABUXUR BLÁAR OG SVARTAR, BOLIR, PEYSUR, KJÓLAR, PILS, BLÚSSUR SKINN OG M. FLEIRA
Opið 12-17
Komið og gerið frábær kaup
BERNHARÐ LAXDAL
Laugavegi 63 • S: 551 4422


Kirkja heilags Stefáns í Búdapest er fallega skreytt fyrir jólin.


Jólamarkaður í Strassborg í Frakklandi.


Tréhermenn fást á jólamörkuðum í Þýskalandi en þeir setja fallegan svip á jólaumhverfið.


Jólamarkaðurinn í Hamborg í Þýskalandi dregur til sín fjölda ferðamanna.

# FLOTTIR EVRÓPSKIR JÓLAMARKAÐIR

Það styttist í að jólamarkaðir víða í Evrópu verði opnaðir. Margir þeirra eru mjög fallegir og draga til sín mikinn fjölda ferðamanna. Fólk kemur til að kaupa gjafir og upplifa gleðina sem fylgir þessum mörkuðum.

Elín Albertsdóttir
elin@365.is



Þjóðverjar eru mikil jólabörn. Í Þýskalandi eru margir bestu jólamarkaðir heims. Sömu sögu má segja um Austurríki. Um miðjan nóvember verða jólamarkaðirnir í Innsbruck opnaðir en þeir eru taldir með þeim bestu í Evrópu. Mesta rómantíkin er í Altstadt þar sem eru gömul hús og skrautlegir, upplýstir sölubásar allt um kring. Piparkökur, jólatré, leikföng og handgerðir hlutir gleðja augu og munn. Volgir kleinuhringir með trönuberjasósu eru vinsælir á jólamörkuðum í Austurríki. Jólasöngurinn ómar víða.

Jólamarkaðurinn í Vín verður opnaður 12. nóvember, hann á sér sögu allt frá þrettándu öld. Yfir 150 sölubásum er komið upp á ráðhústorginu. Tívolístemning fyrir börnin.

Í borginni Lille í Frakklandi er fallegur jólamarkaður. Hann byrjar 18. nóvember. Þar má finna ýmislegt góðgæti fyrir matgæðinga, vín, konfekt, karamelluepli og margt fleira. Hægt er að skreppa til Lille með lest frá Lundúnum en það tekur 80 mínútur.

Strassborg í Frakklandi er með fallega jólamarkaði en einnig má finna afar sérstaka markaði í vínhéraðinu Alsace sem gaman er að heimsækja. Gömlu timburhúsin eru skreytt á fallegan hátt. Nauðsynlegt að smakka þjóðlegar smákökur sem fram eru bornar á mörkuðum í öllum helstu þorpum í Alsace, Kökurnar eru með margvíslegum bragðtegundum, heslihnetu, appelsínu, kanil, valhnetum eða kókos. Frakkar hengja gjarnan kökurnar á jólatréð.

Hamborg í Þýskalandi breytist í jólabæ 21. nóvember. Fimmtán mismunandi jólamarkaðir eru í borginni. Haldið er í gamlar hefðir í skreytingum og matargerð. Hægt er að kaupa fallegar gjafir á jólamörkuðunum í Hamborg.

Stuttgart er með vinsælan jólamarkað. Hann hefur verið settur upp þar í borg frá árinu 1692. Jólamarkaðir verða opnaðir 23. nóvember. Í loftinu liggur ilmur af kryddvíni og furu. Ýmsir handgerðir munir sem eiga bakgrunn í Svartaskógi eru til sölu. Má þar nefna þæfða inniskó og prjónavörur margs konar. Jólatónleikar eru víða á götum úti.


Gríðarlega fallegur jólamarkaður í Vín í Austurríki.

Í klukkustundar akstursfjarlægð frá Frankfurt í suður er elsti bær Þýskalands, Worms. Bærinn er lítill en þykir einstaklega fagur. Gamlar byggingar, kastalar og hallir, setja svip sinn á umhverfið. Allt lifnar við 21. nóvember þegar jólamarkaðurinn er opnaður. Jólaljósin skína skært og skautafólk getur svifið um sérútbúið skautasvell. Tónlistin er líka í aðalhlutverki fram að jólum.

Köln er ekki síður borg jólamarkaða. Þar eru sjö fallegir jólamarkaðir sem verða opnaðir 21. nóvember. Mikið úrval af fallegri handunninni jólavöru á mörkuðunum, leikföngum og jólatrjám.

Ítalir eru líka með sína jólamarkaði. Í Bologna hefst markaðurinn 20. nóvember. Sérstök áhersla er á mat og vín svo þarna eiga matgæðingar heima.

Svíar eru með jólamarkað við Stortorget í Stokkhólmi. Sænskir jólamarkaðir eiga sér langa sögu og þar, eins og á svo mörgum slíkum mörkuðum, er haldið í hefðirnar. Heitt glögg og piparkökur verða allir að fá sér á jólamarkaði í Svíþjóð. Mælt er með að taka með sér heim saffranbollur og pylsur sem eru gerðar úr hreindýrakjöti.

Norðmenn eru líka með jólamarkaði. Bæði er hægt að heimsækja jólamarkað í Ósló en sérstaklega er mælt með Þrándheimi. Á aðaltorginu er ákaflega fallegur jólamarkaður þar sem hægt er að gera góð kaup, keramik, handofnir klútar, ostar og þurrkað hreindýr svo eitthvað sé nefnt. Jólaglögg er að sjálfsögðu í boði. Jólamarkaðurinn í Þrándheimi verður opnaður 9. desember.

Jólamarkaðir eru víða í Evrópu. Margir eru ótrúlega fallegir og spennandi. Í A-Evrópu er Búdapest með langa hefð fyrir jólamörkuðum. Þar er fagurlega skreytt með jólaljósum og margt sem gleður jólabörnin. Aðrar borgir í Evrópu sem eru með fallega og spennandi jólamarkaði eru til dæmis St. Gallen í Sviss sem er í klukkustundar fjarlægð frá Zürich. Brugge í Belgíu þar sem súkkulaði er í hávegum haft. Vilníus er með fallegar skreytingar á jólamarkaði sem gleður augað en mjög stórt jólatré er sett upp í miðborginni. Þá er eftir að nefna Prag, en þar er löng hefði fyrir jólamörkuðum. Kórar og hljómsveitir syngja á götum úti og margt er hægt að kaupa á mörkuðum, eins og handskorinn kristal, tréleikföng og skartgripi.

Sérstök stemning myndast á jólamörkuðum víða um Evrópu fyrir jólin. Vilji fólk fá í sig einstaka jólastemningu er margt í boði.



# Hjá Prentvörum er hagstæðasta lausnin fundin fyrir hvern og einn

**Prentvörur** eru með allar tegundir prentara til sölu ásamt úrvali blek- og tónerhylkja auk annarra vara. Meginmarkmið fyrirtækisins er að hagræða í rekstri prentumhverfis viðskiptavina sinna. Starfsfólk Prentvara setur markið alltaf hátt þegar kemur að þjónustu.

Prentvörur ehf. var stofnað árið 2005 og er því ellefu ára á þessu ári. Hlutverk og leiðarljós fyrirtækisins er að flytja inn og selja vörur sem hægt er að prenta með eða prenta á. Hjá Prentvörum fást prentarar, blek, tóner, pappír og hefðbundnar skrifstofuvörur.

Meginmarkmið fyrirtækisins er að hagræða í rekstri prentumhverfis viðskiptavina sinna. „Síðustu ár höfum við lagt áherslu á þjónustu við einstaklinga og minni og meðalstór fyrirtæki en nú erum við klárir í að sinna öllum stærðum fyrirtækja,“ segir Jón Sigurðsson, aðaleigandi og framkvæmdastjóri Prentvara.

### Prentarar sem standast kröfur

Jón bætir við að hjá Prentvörum séu allar tegundir prentara til sölu svo lengi sem þeir standist gæðakröfur og séu hagstæðir í rekstri. „Við erum ekki háð því að vera með umboð fyrir ákveðna prentframleiðendur og getum því fundið bestu og hagstæðustu lausnina fyrir hvern og einn viðskiptavin okkar. Við vörum fólk til dæmis við að kaupa ódýra tveggja hylkja bleksprautuprentara því oftar en ekki þá kostar blek í slíka prentara jafn mikið og prentarinn sjálfur. Við bendum okkar viðskiptavinum á fjögurra til fimm hylkja prentara þar sem öll hylkin frá okkur kosta um fjögur þúsund krónur.“




**Prentvörur eru í Skútuvogi 11, á móti Húsasmiðjunni og Blómavali. Verslunin er opin frá klukkan níu til sex alla virka daga.** MYND/GVA

### Reynsluboltar í innkaupum

Endurgerð og samheitahylki eru hvað vinsælust að sögn Jóns enda sé þumalputtareglan sú að þau hylki séu fimmtíu til sjötíu prósent ódýrari en hylki frá upprunalegum framleiðendum. Prentvörur framleiða ekki hylkin heldur flytja þau inn frá vottuðum framleiðsluaðilum í Evrópu og Asíu. „Á undanförnum árum höfum við prófað ýmislegt og erum við orðnir algjörir reynsluboltar í innkaupum á góðum vörum. Í dag erum við með einkaumboð fyrir einn besta framleiðanda tóner- og blekhylkja í heiminum en fyrirtækið heitir Ninestar,“ útskýrir Jón og heldur áfram. „Ninestar skartar öllum þeim gæðavottunum sem hægt er að ávinna sér í þessari framleiðslu. Lág gallatíðni hefur leitt til þess að Ninestar tekur við ábyrgð framleiðanda ef bilun í tæki er rakin til hylkja frá Ninestar.“




**Hjá Prentvörum færðu prentara, blek, tóner, pappír og aðrar skrifstofuvörur.**



**Jón Sigurðsson, aðaleigandi og framkvæmdastjóri Prentvara, segir að hjá Prentvörum séu allar tegundir prentara til sölu svo lengi sem þeir standist gæðakröfur.**

### Góð þjónusta

Að sögn Jóns þá skiptir mestu máli að prentarinn virki hundrað prósent hjá viðskiptavininum þegar kemur að því að nota hann. „Þetta er ekki flókinn bransi, ef prentararnir virka ekki hjá viðskiptavininum þá kaupir hann ekki tóner eða blek, þess vegna setjum við markið hátt þegar kemur að þjónustuþættinum. Það er sama hvaðan blekið kemur, það þornar í prentaranum ef hann er lítið notaður. Ef viðskiptavinur kemur til okkar með bilaðan prentara reynum við að laga prentarann á meðan hann bíður, það sparar bæði okkur og viðskiptavininum tíma og peninga,“ segir Jón og brosir.

> **„Á undanförnum árum höfum við prófað ýmislegt og erum við orðnir algjörir reynsluboltar í innkaupum á góðum vörum.**
>
> *Jón Sigurðsson*

**Prentvörur eru í Skútuvogi 11, á móti Húsasmiðjunni og Blómavali. Verslunin er opin frá klukkan níu til sex alla virka daga og vefverslunin www.prentvorur.is er opin allan sólarhringinn.**

# Prentsmiðjurnar eru til fyrirmyndar

Fáar starfsgreinar hafa gengið í gegnum jafn miklar breytingar á undanförnum árum og prentiðnaðurinn. Vöruframboðið hefur aukist mikið, atvinnutækifærin innan greinarinnar eru miklu fjölbreyttari en áður og mikið átak hefur verið unnið í umhverfismálum.

**Starri Freyr Jónsson**
starri@365.is



Prentfyrirtæki hér á landi eru hátæknivædd þjónustufyrirtæki en fáar starfsgreinar hafa á undanförnum árum gengið í gegnum jafn miklar breytingar og prentiðnaðurinn. Tækniþróun hefur verið gífurlega hröð og hefur hún gjörbreytt ásýnd iðnaðarins á undanförnum árum að sögn Jóhönnu Kláru Stefánsdóttur, viðskiptastjóra á framleiðslu- og matvælasviði Samtaka iðnaðarins (SI).

„Prentsmiðjur landsins eru í dag allt önnur fyrirtæki en fyrir 10-20 árum. Þær eru orðnar mjög tæknivædd framleiðslufyrirtæki sem geta boðið viðskiptavinum sínum fjölbreyttara vöruúrval og lausnir. Það er mikið að gera í stafrænni breytilegri prentun þar sem hvert upplag er sérstakt. Einnig eru upplögin orðin minni og þá er jafnvel meira lagt í hvern grip. Þetta gefur mikla möguleika í notkun prentunar í alls kyns markaðssetningu."

Einnig má minnast á annan vaxtarsprota í greininni sem eru umbúðir. „Það er orðin mikil fjölbreytni í prentun þeirra, framleiðslu og hönnun. Mikil þróun og gróska er í umbúðaprentun hér á landi og má m.a. tengja það við metnaðarfulla vöruþróun í matvæla- og ferðamannaiðnaði."

## Áhugaverð blanda

Störf í prentiðnaði eru því mjög fjölbreytt og hafa tekið talsverðum breytingum undanfarin ár. „Það eru gerðar miklar kröfur til fyrirtækja að skila af sér hágæðavöru á miklum hraða og starfsfólk í prentiðnaðinum stendur sig vel í að mæta þeim kröfum. Það er því komin mjög áhugaverð blanda af störfum innan greinarinnar. Bæði er mikilvægt fyrir fyrirtækin að halda í rótgrónari þekkingu á borð við forvinnslu prentgripa, prentun og bókband en svo hefur einnig verið aukin áhersla á aðkomu hönnuða, tæknimanna, gæðastjóra og markaðs- og sölufólks."

Það er líka mikill metnaður í greininni að standa sig vel í umhverfismálum. „Fjölmörg fyrirtæki eru t.d. með Svaninn sem er norrænt umhverfismerki. Til að fá hann þarf að standast strangar kröfur sem snúa að góðri nýtingu hráefna, notkun vistvænna efna og að sem minnst sé losað í úrgang og frárennsli. Hér áður fyrr einkenndist prentiðnaður af notkun sterkra efna og mikil lykt einkenndi starfsemina. Mikið átak var unnið í því að skipta út efnum og vélbúnaði til að losna við heilsuspillandi vinnuumhverfi. Notkun leysiefna og framköllunarefna er hverfandi núorðið og prentlitir eru vistvænni. Í dag eru prentsmiðjur til fyrirmyndar í umhverfismálum og vinnuaðstaðan er góð."

## Spennandi áskoranir

Greinin stendur því frammi fyrir nýjum og spennandi áskorunum. Að sögn Jóhönnu felast þær fyrst og fremst í því að vinna úr þeirri óvissu sem fylgir hraðri tækniþróun og nýjum mörkuðum en auðvitað hefur prentun dregist saman með tilkomu nýrra miðla. „Það er mikilvægt að iðnaðurinn hér á landi sé samkeppnishæfur og að fyrirtækin búi við gott starfsumhverfi og stöðugleika. Við sjáum dæmi um stór prentverk sem fara erlendis eingöngu vegna verðs og þá oft á kostnað gæða og umhverfissjónarmiða. Sá misskilningur hefur líka verið ríkjandi að pappír sé ekki umhverfisvæn afurð og það verður áfram áskorun fyrir greinina að koma réttum staðreyndum á framfæri. Allur pappír sem unninn er til pappírsgerðar er unninn úr 100% sjálfbærum nytjaskógum í Evrópu eða N-Ameríku. Enginn pappír er unninn úr regnskógum Amazon."



**„Það eru gerðar miklar kröfur til fyrirtækja að skila af sér hágæðavöru á miklum hraða og starfsfólk í prentiðnaðinum stendur sig vel í að mæta þeim kröfum," segir Jóhanna Klara Stefánsdóttir, viðskiptastjóri á framleiðslu- og matvælasviði Samtaka iðnaðarins.** MYND/GVA




Ísafold er ein stærsta prentsmiðja landsins og þjónustar daglega stóran hóp viðskiptavina. Verkefni okkar eru jafn fjölbreytt og viðskiptavinir okkar eru margir. Allt frá einföldum nafnspjöldum til bæklinga sem dreift er í öll heimili landsins. Bækur, tímarit, bæklingar og umbúðir. Við komum hugmyndum þínum í framkvæmd.

**Hafðu samband og við klárum þetta saman.**

ÍSAFOLDAR PRENTSMIÐJA

UMHVERFISMERKI 141 825 Prentgripur

Suðurhrauni 1 | 210 Garðabæ | Sími: 59 50 300 | www.isafold.is

Ísafoldarprentsmiðja er umhverfisvottuð prentsmiðja af Svaninum, norræna umhverfismerkinu. Við erum aðilar að Rammasamningi Ríkiskaupa og Rammasamningi Reykjavíkurborgar.
Við framleiðum dagblöð, bækur, tímarit, bæklinga, umbúðir, veggspjöld, bréfsefni, umslög, nafnspjöld, fjölpóst og margt fleira.

ÚTGEFANDI 365 miðlar ehf. | Skaftahlíð 24 | s. 512 5000 | fax 512 5301
VEFFANG visir.is
UMSJÓNARMAÐUR AUGLÝSINGA Jóhann Waage| johannwaage@365.is | s. 512-5439
ÁBYRGÐARMAÐUR Svanur Valgeirsson

# Ekkert verk of lítið og ekkert of stórt

**Prentsmiðjan Oddi** er ein stærsta prentsmiðja landsins. Hún þjónar stórum sem smáum viðskiptavinum, innlendum sem erlendum. Ekkert verk er of lítið fyrir Odda og ekkert verk of stórt. Rík áhersla er lögð á að sinna þeim öllum fljótt og vel og á það jafnt við nú á annasamasta tíma ársins og á öðrum árstímum.

„Við sinnum öllu frá nafnspjöldum yfir í aldreifingar í hvert hús og erum að jafnaði með um 15.000 verk á ári,“ segir Stefán Hjaltalín, sölustjóri Odda. Hann segir vikurnar fyrir jól annasaman en jafnframt skemmtilegan tíma. „Fyrirtækið er einstaklega vel tækjum búið og hér starfa á þriðja hundrað reyndir og vel menntaðir starfsmenn. Við getum því auðveldlega annað eftirspurn.“

Oddi er stærsta bókaprentsmiðja landsins og prentar um 80 prósent af þeim bókum sem prentaðar eru hér á landi. Frumprentanir fyrir jólin eru að sögn Stefáns komnar vel á veg en síðan taka endurprentanirnar við.

Það er þó ekki eingöngu jólabókaflóðið sem stendur fyrir dyrum. „Það er líka gríðarlega mikil fjölpóstdreifing vikurnar fyrir jól sem við eigum stóra hlutdeild í. Þá er mikið um hinar ýmsu sérprentanir fyrir jafnt einstaklinga, fyrirtæki og félagasamtök sem þurfa að vera tilbúnar fyrir jól. Eins hefur prentsmiðjan gott orð á sér fyrir utan landsteinanna og erum við alltaf með einhver erlend verkefni.“

> **Við leggjum sömu alúð í að prenta nafnspjöld fyrir einstaklinga og í bæklinga sem fara inn um hverja einustu lúgu landsins.**
>
> *Stefán Hagalín*

Að sögn Stefáns er þó enn nægur tími til stefnu og ekkert vandamál að leggja inn pöntun í byrjun desember og fá hana afgreidda fyrir jól. Hann segir þó vissulega skemmtilegra að hafa tímann fyrir sér. „Við getum hins vegar alltaf aðlagað prentaðferðina afhendingartíma með því að blanda saman stafrænni tækni, sem er mun fljótlegri, og hefðbundinni tækni. Við eigum því auðvelt með að bregðast hratt við.“

Stefán segir gengið út frá því að stórir sem smáir viðskiptavinir fái sömu þjónustu hjá Odda. „Við leggjum sömu alúð í að prenta nafnspjöld og bæklinga sem fara inn um hverja einustu lúgu landsins svo dæmi séu nefnd.“

Hin síðari ár hefur einstaklingsprentun að sögn Stefáns færst í vöxt en Oddi rekur sérstakan myndabókavef þar sem fólk getur hannað persónulegar myndabækur, jólakort og dagatöl. „Þetta verður æ vinsælla og sífellt fleiri sem gefa slíkt í jólagjöf.“

Stefán býður öllum sem þurfa á prentþjónustu að halda að hafa samband hvort sem verkefnið er stórt eða smátt. Allar nánari upplýsingar er að finna á Oddi.is.



Fyrirtækið er að sögn Stefáns einstaklega vel búið bæði mannskap og tækjum.
MYND/GVA


# ORÐ Í TÍMA TÖLUÐ

## Skjót þjónusta og vandað prentverk

Þegar koma þarf mikilvægum boðskap til skila þarf oft að hafa snör handtök en um leið vanda vel til verka. Hjá Odda höfum við langa reynslu í prentun hverskyns bæklinga og kynningarefnis þar sem hraði og vönduð vinnubrögð fara saman. Láttu okkur prenta fyrir þig.

ODDI
Prentun og umbúðir



Plaköt




Bæklingar



Nafnspjöld og bréfsefni



Kort



Hvernig getum við aðstoðað þig?
Hafðu samband við viðskiptastjóra
í síma **515 5000** og kynntu þér málið.

**www.oddi.is**

# Fjölskyldufyrirtæki í nærri hálfa öld

**Litlaprent** við Skemmuveg 4 prentar allt frá nafnspjöldum upp í stóra bæklinga, blöð og bækur. Fyrirtækið var stofnað árið 1969 og hefur alla tíð verið í eigu sömu fjölskyldu. Litlaprent fékk Svansvottun á árinu og starfar náið með Miðaprenti sem fyrirtækið festi kaup á fyrir þremur árum. Fyrirtækið hefur vaxið og dafnað frá því það var stofnað fyrir um hálfri öld en í dag starfa 25 starfsmenn hjá fyrirtækjunum.

„Það var faðir minn, Guðjón Long, sem stofnaði Litlaprent árið 1969. Þá var tækjakosturinn ein trukkaprentvél sem staðsett var í sumarbústað á Digraneshæð. Það er því óhætt að segja að prentsmiðjan hafi staðið fyllilega undir nafni,“ segir Georg Guðjónsson hjá Litlaprenti. Prentsmiðjan hefur síðan þá vaxið og dafnað og er í dag í 1.800 fermetra húsnæði við Skemmuveg 4 með um 25 starfsmenn.

Litlaprent hefur alla tíð verið í eigu sömu fjölskyldunnar. „Ég var í þessu með föður mínum frá upphafi og var framkvæmdastjóri þangað til synir mínir, þeir Helgi Valur og Birgir Már Georgssynir, tóku við. Í dag vinn ég bara hérna,“ segir Georg glettinn en fleiri úr fjölskyldunni starfa í Litlaprenti. „Ein tengdadóttir mín starfar hér og svo hefur konan mín, Hrafnhildur Helgadóttir, verið fjármálastjóri frá byrjun.“

### Fjölbreyttur kúnnahópur

Verkefni Litlaprents eru margvísleg. „Við prentum allt frá nafnspjöldum upp í almanök, gormabækur, bæklinga og bækur. Viðskiptavinir okkar eru að sama skapi afar fjölbreyttir. Við erum með yfir tvö þúsund kúnna. Sumir eru litlir en einnig sinnum við mjög stórum fyrirtækjum.“

### Góður tækjakostur

Litlaprent fékk Svansvottun á árinu og fyrir þremur árum var Miðaprent keypt og vinna fyrirtækin vel saman að sögn Georgs. „Almenn prentun hefur dregist nokkuð saman hin síðari ár. Þess vegna keyptum við Miðaprent. Það er mun meiri vöxtur í því að prenta á umbúðir og miða,“ segir Georg og bætir við að fyrirtækin vinni nú að því að bæta tækjakostinn enn meir. „Annars erum við með öll tæki innanborðs og getum sinnt nánast hvaða verkefni sem er.“

Georg hefur lítinn hug á að hætta. „Ég er ekki nema 69 ára gamall og engin ástæða til að hætta strax að vinna,“ segir hann og hlær hjartanlega.

> **Við getum sinnt nánast hvaða verkefni sem er.**
> *Georg Guðjónsson*

**Nánari upplýsingar um Litlaprent og Miðaprent má finna á www.prent.is og www.midaprent.is eða í síma 540 1800.**


Georg í miðjunni með sonum sínum Birgi Má og Helga Val. MYND/EYÞÓR


Prentsmiðjan er vel tækjum búin.


Litlaprent hefur vaxið og dafnað í þá tæpu hálfu öld sem það hefur verið starfrækt. Í dag er prentsmiðjan í 1800 fm húsnæði við Skemmuveg 4.

# Þar sem skáldaandinn svífur um

Það kæmu engar bækur út ef ekki væru prentsmiðjur. Nú eru jólabækurnar á leið í verslanir hver af annarri. Rithöfundasamband Íslands er með aðstöðu í húsi Gunnars Gunnarssonar við Dyngjuveg 8. Þar svífur andi skálda yfir vötnum þegar rithöfundar lesa úr jólabókunum.

**Elín Albertsdóttir**
elin@365.is



Á hverju fimmtudagskvöldi kl. 20 eru Höfundakvöld á Dyngjuveginum. Þá lesa rithöfundar upp úr nýjum bókum sínum. Allir eru velkomnir á þessi kvöld. Annað kvöld koma þrír rithöfundar saman í Gunnarshúsi en það eru Aðalsteinn Ásberg, Gyrðir Elíasson og Magnús Sigurðsson. Þeir ætla að bera saman nýútkomnar ljóðabækur sínar, lesa upp og láta gamminn geisa. Bækur þeirra nefnast Sumartungl, Síðasta sumarbréfið og Veröld hlý og góð. Síðasta Höfundakvöldið verður 8. desember.

### Ekki safn

Ragnheiður Tryggvadóttir, framkvæmdastjóri Rithöfundasambandsins, segir að höfundarnir ráði sjálfir hvernig fyrirkomulag kvöldanna er. Hægt er að kynna sér hvaða höfundar lesa upp úr bókum sínum á heimasíðunni rsi.is. Ragnheiður bætir við að í húsinu sé mikið skáldayfirbragð og góður andi. „Eitt af skilyrðum fyrir því að Rithöfundasambandið fékk húsið að gjöf frá Reykjavíkurborg var að halda minningu Gunnars Gunnarssonar á lofti. Við erum ekki safn en við leggjum mikla áherslu á að halda í minningu skáldsins. Hér er boðið upp á fjórar vinnustofur fyrir rithöfunda sem hafa verið vinsælar. Í húsinu er móttökuherbergi fyrir alls kyns viðburði og í kjallara er gestaíbúð fyrir erlenda höfunda og þýðendur sem eru hér á ferð. Hún er nær fullbókuð árið 2017. Hér er því alltaf mikið um að vera og líf í húsinu,“ segir Ragnheiður.

Þess má geta að þriðja sunnudag í aðventu, 11. desember, er sérstök hátíðarstund í Gunnarshúsi. Þá les Gunnar Helgason leikari upp úr Aðventu eftir Gunnar Gunnarsson en bókin kom úr árið 1936 og er því 80 ára á þessu ári. Það er árlegt að lesa upp úr þessari frægu bók undir kertaljósum og kósíheitum.

### Merkileg saga

Húsið að Dyngjuvegi 8 á sér merka sögu. Annars vegar var þar síðasti bústaður rithöfundarins Gunnars Gunnarssonar og Franziscu konu hans. Hins vegar er húsið merkur áfangi í sögu byggingarlistar á Íslandi. Það var teiknað og byggt á árunum 1950-52. Arkitekt var Hannes Kr. Davíðsson, sem þá var tiltölulega nýkominn frá námi og bar nýja strauma til landsins. Hann lét þarfir og óskir hjónanna ráða innri gerð hússins, sem um margt var óvenjuleg og stakk í stúf við það sem tíðkaðist hérlendis, segir á vefnum rsi.is.

Reykjavíkurborg keypti húsið árið 1991 en Franzisca Gunnarsdóttir, sonardóttir skáldsins, var hvatamaður þess að það yrði gert að félagsaðstöðu rithöfunda. Sumarið 1997 var gengið frá samningi milli Reykjavíkurborgar og Rithöfundasambandsins um ótímabundin afnot sambandsins af húsinu við Dyngjuveg. Borgarstjórinn í Reykjavík, Jón Gnarr, afhenti Rithöfundasambandinu húsið til eignar á Menningarnótt 18. ágúst 2012. Í Gunnarshúsi eru húsgögn sem Franzisca Gunnarsdóttir afhenti sambandinu til varðveislu og myndir Gunnars Gunnarssonar yngri, úr Fjallkirkjunni og Sonnettusveignum, sem RSÍ voru færðar að gjöf við vígslu hússins.

Gunnar Gunnarsson fæddist 18. maí 1889 á Valþjófsstað í Fljótsdal. Átján ára fór hann á lýðháskóla í Askov á Jótlandi. Í Danmörku varð hann fljótlega kunnur rithöfundur, einkum fyrir skáldsögur sínar. Þegar fram í sótti voru verk hans þýdd á flestar höfuðtungur Evrópu. Gunnar lést 21. nóvember 1975 og Franzisca, kona hans, 22. október 1976.


Gunnarshús þótti framúrstefnulegt þegar það var byggt á árunum 1950-1952.


Skrifstofa Gunnars Gunnarssonar í Gunnarshúsi við Dyngjuveg.


HVER Á SÉR FEGRA FÖÐURLAND
„...með fjöll og dal og bláan sand,
með norðurljósa bjarmaband
og björk og lind í hlíð? ”
Umhverfisvæn
prentsmiðja
pixel
prentþjónusta
Ármúla 1 | 108 Reykjavík | 575 2700 | www.pixel.is

# Leturgerð er heillandi fag

**Sigríður Rún Kristinsdóttir** er leturgerðarnörd eins og títt er um grafíska hönnuði. Steinskriftarletur er hennar uppáhald en Comic Sans fer í taugarnar á henni. Hún segir mörg ár geta tekið að hanna letur en sjálf útfærði hún íslenska stafrófið í óræðar lífverur.

**Ragnheiður Tryggvadóttir**
heida@365.is



„Letur og stafir eru svo lifandi fyrir mér. Það gerir leturgerð heillandi. Þegar búa á til letur sökkvir hönnuðurinn sér ofan í hvern einasta staf og verður afar smámunasamur. Þetta er heljarinnar mál og getur jafnvel tekið mörg ár. Leturgerðir annarra tungumála geta líka verið ofboðslega fallegar, eins og í arabísku sem er bæði fallegt og lifandi og eins kínverska letrið sem er þó meira tákn. Það er svo margt hægt að skoða í tengslum við leturfræði,“ segir Sigríður Rún Kristinsdóttir, grafískur hönnuður, sem gengst fullkomlega við því að vera leturgerðarnörd.

Hún er einnig áhugamanneskja um líffræði og útfærði íslenska stafrófið í óræðar lífverur í lokaverkefni sínu við Listaháskólann og kallaði Líffærafræði leturs.

„Í leturgerð er notast við anatómíu og líffræðileg hugtök, bókstafir hafa „hrygg“ „augu“ og „eyru“. Ég tók það bókstaflega og bjó til alvöru anatómíu fyrir stafina.

Ég gerði heilmikla rannsókn við vinnslu lokaverkefnisins í samstarfi við Árnastofnun. Fann í Egilssögu afar fallegt letur sem innihélt gamla bókstafi sem ekki eru lengur til í íslenska stafrófinu.



Sigríður Rún Kristinsdóttir, grafískur hönnuður, segir bókstafi og leturgerðarfræði afar heillandi. Hún sameinaði áhuga sinn á líffræði og leturgerð í Líffærafræði leturs.

Útskriftarverkefnið voru 7 bókstafir, fimm þeirra „útdauðir“ og svo stafirnir ð og þ, sem segja má að séu í „útrýmingarhættu“ því svo fáir nota þá, bara Íslendingar og Færeyingar. Íslendingar hafa einnig verið grimmir við stafrófið og hent út stöfum, eins og z. Við erum í hálfgerðri „sérræktun“ á bókstöfum hér á Íslandi,“ segir Sigríður.



**Stafirnir þ og ð gætu verið í „útrýmingarhættu“, segir Sigríður.**

Líffærafræði letursins er enn á teikniborðinu og mun verða lengi áfram en Sigríður útfærði meðal annars tölustafi á sama máta. En eru tölustafir jafn spennandi og bókstafir?

„Já, reyndar. Þeir eru ekki eins einfaldir og ég hélt og ég var lengi að finna út úr því hvernig ég gæti látið þá ganga upp sem lífverur og hvernig þeir fjölguðu sér en tölur margfaldast náttúrlega og fjölga sér í stærðfræðinni,“ útskýrir Sigríður.

*Áttu þér uppáhaldsletur?* „Ég er hrifnust af þessum klassísku, Helvetica, Universe og Sentinel nota ég mikið. En ég mundi aldrei nota Comic Sans, ekki eftir að ég varð svona snobbaður hönnuður,“ segir hún hlæjandi. „Comic Sans er í sjálfu sér ekki illa hannað sem slíkt en það er of hamingjusamt, einhver dillandi hlátur í því sem fer í taugarnar á mér.“



**„Ég bjó til alvöru anatómíu fyrir stafina, setti líffæri inn í þá og gaf þeim líf.“**



**„Í leturgerð er notast við anatómíu og líffræðileg hugtök, bókstafir hafa „hrygg“, „augu“ og „eyru“.**




VIÐ ELSKUM UMSLÖG
- en prentum allt mögulegt

- Nafnspjöld
- Reikninga
- Veggspjöld
- Bréfsefni
- Einblöðunga
- Borðstanda
- Bæklinga
- Markpóst
- Ársskýrslur
- Boðskort




Frá hugmynd til viðtakanda

UMSLAG
Lágmúli 5 • 533 5252
umslag@umslag.is • facebook/umslag

vörumerking

GRAFÍA
Stéttarfélag í prent- og miðlunargreinum






**Hagkvæmari prentun**

**Hraðþjónusta**

leturprent
í einum grænum

Dugguvogi 12 - 104 Reykjavík - leturprent@letuprent.is - sími 533 3600 - www.leturprent.is



Það er alltaf skemmtilegt þegar jólabækurnar streyma á markaðinn.

# Íslensk skáldverk fleiri en í fyrra

Margir bíða væntanlega spenntir eftir að lesa jólabækurnar sem margar eru þegar komnar í verslunin. Bókatíðindi koma út um miðjan mánuðinn en samkvæmt tölum þar eru heldur fleiri íslensk skáldverk gefin út fyrir þessi jól en í fyrra. Hins vegar eru mun færri þýdd skáldverk. Ævisögur eru aðeins færri en á síðasta ári en matreiðslubókum fjölgar nokkuð á milli ára. Nýjar barnabækur virðast færri en í fyrra en fræðibækur eru fleiri.

**Hér eru nokkur dæmi um fjölda titla í ár og í fyrra.**

| | 2016 | 2015 |
|---|---|---|
| Íslensk skáldverk | 117 | 102 |
| Þýdd skáldverk | 78 | 103 |
| Ævisögur og endurminningar | 29 | 34 |
| Ljóð og leikrit | 40 | 49 |
| Matur og drykkur | 21 | 11 |
| Fræðibækur og bækur almenns eðlis | 150 | 141 |
| Barnabækur, myndskreyttar | 78 | 84 |
| Barnabækur, skáldverk | 60 | 75 |

# Upphaf prentlistarinnar

Þjóðverjinn Johannes Gutenberg (um 1400 til 1468) er oft kallaður faðir prentlistarinnar, það er þeirrar aðferðar að prenta með lausaletri og í pressu. Raunar er prentið mun eldra en í margar aldir hafði verið prentað bæði í Kína og Kóreu, en blokkprentun var seinvirk og kostnaðarsöm þar sem bókstafir voru skornir út á heilar síður í einu og ekki hægt að taka þá í sundur.

Gutenberg þróaði aðferð til að steypa lausa prentstafi úr hentugri málmblöndu. Stöfunum var svo raðað saman í orð og hægt að nota hvern staf aftur og aftur. Prentvélinni svipaði til vínpressu en Gutenberg hafði slíkt tól sem fyrirmynd. Með þessari aðferð tókst honum að fjöldaframleiða bækur, það var algjör bylting en áður höfðu bækur verið handskrifaðar og afar dýrar.

Þekktasta verk Gutenbergs er hin svokallaða Gutenbergsbiblía sem kom út árið 1455. Hún var prentuð í um 160-180 eintökum og hafa um 40 eintök varðveist. Um svipað leyti og biblían kom út tapaði Gutenberg prentsmiðjunni í kjölfar málaferla.

## Fyrsta prentsmiðjan á Íslandi

Talið er að Jón Arason, síðasti kaþólski biskup Íslands, hafi fyrstur flutt prentsmiðju til Íslands en ártalið er á reiki. Sumir telja það hafa verið í kringum 1530 meðan aðrir telja hana eldri, eða frá 1525. Fyrsti prentarinn á Íslandi hét Jón Matthíasson hinn sænski. Prentsmiðjan var til húsa á Breiðabólstað í Vesturhópi en var síðan flutt að Hólum í biskupstíð Guðbrands Þorlákssonar.

Fyrsta heildarútgáfa Biblíunnar á íslensku er nefnd í höfuðið á Guðbrandi biskupi. Guðbrandsbiblía var prentuð á Hólum í Hjaltadal árið 1584. Prentuð voru 500 eintök og tók það tvö ár. Upprunalegt eintak af Guðbrandsbiblíu er til sýnis í Þjóðminjasafni Íslands.

*Heimild: Vísindavefur Háskóla Íslands og Wikipedia.*



Gutenberg með starfsmönnum sínum í Gutenberg prentsmiðjunni.
NORDICPHOTOS/GETTY



Úr Gutenbergsbiblíu.




vörumerking

Við viljum aðstoða þig!

VEL MERKT VARA VEKUR ATHYGLI

Umbúðir og merkingar er andlit vörunnar þinnar út á við

Þarfir þínar geta verið margvíslegar og möguleikarnir eru miklir hjá okkur í Vörumerkingu

Vörumerking endurnýjaði vélakost og húsnæði nýlega til að uppfylla ströngustu kröfur matvæla og lyfjaiðnaðarins auk þess var fest kaup á stafrænni prentvél sem býður upp á mikla möguleika s.s. með val á efni og breytilegum upplýsingum á texta og myndum.
Við höfum lausnina fyrir þig. Við prentum á límmiða, pappír, ál, plast og fleira.
Líttu við hjá okkur í Suðurhraun 6, Garðabæ. Við tökum vel á móti þér.







Suðurhraun 6 · 210 Garðabæ · Sími: 414 2500 · vorumerking.is

bilfang.is
S. 567 2000



**SJÁÐU VERÐIÐ !**
Renault Trafc Diesel Langur 9 manna 05/2016 ek 12 þ.km Bakkmyndavel, AC, ofl ,Möguleiki á niðurfellingu fyrir ferðaþj. Og TAXI. Okkar verð aðeins 4990 þús !!

**Mikið úrval sendibíla á staðnum. Gott verð !!!**

**Bílasalan Bílfang**
**Malarhöfða 2, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2000**
**Seljum í dag !**
**www.bilfang.is**

100bilar.is bílasala



MMC OutlanderInstyle Hybrid, 9/2016, nýr og ónotaður bíll, leður, topplúga, leiðsögukerfi ogfl, ásett verð 5.750 þús, er á staðnum, raðnr 230133. ( eigum fleiri liti)



Volvo V60 new buisness, 13/2013, ek 85 þús km, dísel, sjsk, tilboðsverð 3.650 þús, er á staðnum, raðnr 151802.

**100 bílar ehf**
**Stekkjarbakki 4, 109 Reykjavík**
**Sími: 517 9999**
**Opið 10-18 virka daga & laugardaga 11-15**
**www.100bilar.is**

ASKJA
NOTAÐIR BÍLAR



VW Caravelle 4x4.. Árgerð 2015, ekinn 51 Þ.KM, dísel, 6 gírar. Verð 6.290.000. Rnr.290463.



MERCEDES-BENZ B 200 cdi 4matic. Árgerð 2015, ekinn 36 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 4.970.000. Rnr.310425.



AUDI A4 avant. Árgerð 2012, ekinn 44 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 3.890.000. Rnr.992033.



KIA Sportage EX 4 wd. world cup.. Árgerð 2014, ekinn 37 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 4.990.000. Rnr.290130. 5 ár eftir af verksmiðjuábyrgð.

**ASKJA notaðir bílar**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 590 2160**
**www.notadir.is**

VAKA



Vinnuvéla- Lyftara- og Bifreiðaflutningar á verði fyrir þig.

**Vaka**
**Skútuvogi 8, 104 Reykjavík**
**Sími: 567 6700**
**24 tíma þjónusta**
**http://www.vakahf.is**

HEIMS BÍLAR



**ÓAÐFINNANLEG HONDA CRV**
HONDA Cr-v lifestyle . Árgerð 2015, ekinn 12 Þ.KM, bensín, leður og rússkinn.sjálfskiptur 5 gírar. tiilboðsverð 5.590.000. Rnr.324841. skoðar skipti á ódýrari, uppl. s.567-4000

**Heimsbílar**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5674000**
**http://heimsbilar.is**

## 250-499 þús.



**SJÁLFSKIPTUR 2004 - TILBOÐ 250.000**
PEUGEOT 406 árg 2004,ek.176 sjálfskiptur, sk17, heilsársdekk, krókur ofl. fínasti bíl og góður í akstri en miðstöð biluð, ásett verð 590 þús Fæst á tilboðsverði 250 þús möguleiki á 100% láni s.841 8955

## 500-999 þús.



**SKIPTI EÐA 100% LÁN Í BOÐI!**
VW CADDY ECOFUEL 6/2007 lengri ek.108 þús, skipt um tímareim í 82 þús, ,snyrtilegur vinnubíll, ásett verð 1290 þús TILBOÐ 850 þús skoða skipti á fólksbíl eða möguleiki á 100% láni S.841 8955

## Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

## Hjólbarðar

VAKA



**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**
Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

## Varahlutir

**Startarar & alternatorar**
í bíla, báta og vinnuvélar



**Bílaraf**
Flatahrauni 25 - Hafnarfirði
Sími 564 0400
www.bilaraf.is

# ÞJÓNUSTA

## Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta Þvegillinn 5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

**REGNBOGALITIR**
Getum bætt við okkur verkefnum. Vönduð vinna unnin af fagmönnum. Góð umgengni. malarar@simnet.is Sími 8919890

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði. S. 616 1569

## Tölvur

Tölvuviðgerðir og uppfærslur Mac & Windows. Sæki / sendi.Tölvukarlinn Sími 5671 919 & 666 1919

## Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 695 9434, Zanna.

## Spádómar

**SPÁSÍMINN 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Árspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

**SÁ SÍMASPÁ Í S. 844 6845 / 462 4564**
Frá kl. 14:00. Spái í spil og bolla. Leiðb. Geymið auglýsinguna. Er á facebook: SÁ

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

# KEYPT & SELT

## Til sölu




Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir díóðuljósakrossar á leiði. JS Ljósasmiðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502. Opið virka daga 8-18

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
s. 552-4910.

## Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

Barnaheill
Save the Children á Íslandi
Vissir þú að...
Það er bannað að mismuna börnum eftir litarhætti

# HEILSA

## Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir þör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2014, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

# HEIMILIÐ

## Barnavörur



**VAGNSTYKKI, KERRUSTYKKI OG SKIPTITASKA**
Verð frá kr. 99.900. Barnið Okkar Hlíðasmára 4, 201 Kóp. Barnidokkar.is

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**LEIGJENDUR, TAKIÐ EFTIR!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR!**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**NONNABITI**
Hressa og duglega starfskrafta vantar til starfa á Nonnabita, fullt starf/hlutastarf.
**Umsóknir sendist á nonnabiti@nonnabiti.is eða S. 699 1095 Elmar**

Zinkstöðin Hafnarfirði óskar eftir starfsfólki til framtíðarstarfa. Trú og kyn ekki vandamál en þarf að vera fullra 18 vetra. Uppl. í síma 896-5759

Vantar hraustan einstakling í útivinnu, aðallega labb. Tímabundið, mikil vinna í boði. Uppl. í s. 821 0883.





GLUGGA GERÐIN
Gamli glugginn úr, nýi glugginn í …svo einfalt er það
Nýsmíði á gluggum og hurðum, ásamt ísetningum og viðhaldi.
Hafðu samband og við metum ástandið.
Súðarvogur 5 • Sími 566-6630 • gluggagerdin@gluggagerdin.is

## SVIPMYND

### KARÍTAS DIÐRIKSDÓTTIR

„Ég hef mjög mikla trú á þessu fyrirtæki sem er búið að byggja upp mjög sterkan grunn. Mér finnst þetta mjög spennandi tækifæri. Ég hefði aldrei getað trúað því þegar ég útskrifaðist árið 2007 að ég gæti komið heim og unnið við tísku á Íslandi,“ þetta segir Karítas Diðriksdóttir. Hún var á dögunum ráðin markaðsstjóri hjá íslenska barnafatamerkinu iglo+indi.

**Nýflutt heim**

Karítas er nýflutt heim eftir átta ára dvöl í New York, London og Þýskalandi. Hún starfaði síðast sem Director of Brand Partnerships hjá hátískufyrirtækinu Moda Operandi í New York þar sem hún vann meðal annars með tískumerkjunum Marc Jackobs, Kenzo og Valentino. Hún er viðskiptafræðingur frá Háskólanum í Reykjavík og hefur starfað á fyrirtækjasviði hjá Straumi fjárfestingarbanka á Íslandi og í London, hjá fjármálafyrirtækinu SNL Financial í London og hjá Icelandair í Frankfurt.

> **Iglo er eitt flottasta tískufyrirtæki sem við eigum. Það er spennandi að þetta er rekið eins og tískufyrirtæki, það koma út tvær stórar línur á ári og smærri línur inn á milli og oft skemmtilegt samstarf.**

„Þegar við vorum að flytja aftur heim ákváðum við að hafa samband við þau fyrirtæki sem við höfðum mestan áhuga á sem og ráðningarstofur, og það var spennandi að sjá hvað voru mörg tækifæri í boði. Efst hjá mér hafði allan tímann verið iglo af því að mig langaði að vera áfram í tísku. Iglo er eitt flottasta tískufyrirtæki sem við eigum. Það er spennandi að þetta er rekið eins og tískufyrirtæki, það koma út tvær stórar línur á ári og smærri línur inn á milli og oft skemmtilegt samstarf,“ segir Karítas.

**Með yfir hundrað verslanir**

Vörur iglo+indi eru nú komnar í yfir 100 verslanir í 18 löndum. „Við erum orðin rótgróið fyrirtæki á Íslandi sem er æðislegt, fókusinn hjá mér í markaðsstarfinu verður því meira á erlendum mörkuðum,“ segir Karítas.

„Hér er mjög öflugt sköpunarteymi og við erum að vinna með flottustu aðilunum í barnafataheiminum. Það er því gaman að koma inn þegar er búið að byggja svona sterkan grunn og fókusa þá á að auka söluna erlendis. Við erum að fá pantanir frá fleiri en þessum 18 löndum sem við erum í.“



Karítas hefur búið í sex löndum og hefur áhuga á ferðalögum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Spennandi að vinna hjá tískufyrirtæki á Íslandi

Karítas Diðriksdóttir er nýr markaðsstjóri iglo+indi. Hún er nýflutt heim eftir átta ára dvöl erlendis. Hún hefur alltaf haft áhuga á tísku, en einnig ferðalögum, fólki og öðrum menningarheimum.

Maður Karítasar er Ólafur Hrafn Höskuldsson, en hann er yfir fjárfestingum hjá Títan fjárfestingafélagi og eiga þau einn son.

**Hefur áhuga á fólki**

Karítas segist hafa sérstaklega gaman af ferðalögum en hún hefur búið í sex löndum. „Svo hef ég mikinn áhuga á fólki, mér finnst gaman að kynnast nýju fólki og nýjum menningarheimum.“ Fjölskyldulífið er í forgangi hjá Karítas og segir hún mjög dýrmætt að geta tvinnað vel saman fjölskyldulíf og feril á Íslandi. „Ég vann að minnsta kosti tólf tíma á dag erlendis, en hérna get ég sótt strákinn í leikskólann, þó maður vinni oft á kvöldin og um helgar.“

Karítas sér einnig um Facebooksíðuna I Love Iceland, gæluverkefni sem hún hóf fyrir nokkrum árum. Síðan er með yfir 100 þúsund fylgjendur og þar birtir hún fréttir og myndir um Ísland. Myndband af víkingaklappi strákanna okkar í sumar sló þar heldur betur í gegn og fékk yfir 7 milljón áhorf. saeunn@frettabladid.is

# Pentair sér mikil tækifæri í Vaka

Endanlega hefur verið gengið frá kaupum Pentair á Vaka fiskeldiskerfum. Barney Leddy, fulltrúi Pentair sem leiðir starfsemi fyrirtækisins á sviði tækni fyrir fiskeldi segist sjá mikil tækifæri með kaupunum á Vaka.

Pentair sérhæfir sig í hreinsun og dælingu vatns bæði fyrir neysluvatn og nýtingu og hreinsun vatns til atvinnustarfsemi. „Við erum með tækni sem nýtist vel í matvælaiðnaði, hreinsun neysluvatns og fyrir sundlaugar og Vaki er með tækni sem fellur vel að okkar vöruframboði og við teljum að saman höfum við mikla möguleika á að vaxa,“ segir Barney.

Hann segir að Pentair hafi selt hreinsunarbúnað og þar hafi vaknað áhugi á að stækka frekar á þeim markaði. „Með vaxandi mannfjölda og bættum efnahag vex eftirspurn eftir gæðapróteini og við sjáum fyrir okkur að þessi markaður muni vaxa mikið.“

Hann segir Vaka vel rekið og sterkt fyrirtæki og tækifærin liggi í að sameina krafta, tækni og markaði til að ná enn betri árangri. Barney segir ekki uppi áætlanir um annað en að Vaki verði rekinn áfram í óbreyttri mynd.

Íslenskt efnahagslíf hefur verið sveiflukennt, en Barney segir að ekki hafi verið mikið horft til þess. „Við skoðuðum sjálfsögðu grunnþætti í efnahagslífinu, en við erum að fjárfesta í góðu fyrirtæki til langs tíma og við vitum að á þeirri vegferð geta orðið sveiflur. Við gerum ráð fyrir því.“ – hh



Hermann Kristjánsson, forstjóri Vaka, Barney Leddy frá Pentair og Benedikt Hálfdanarson, framkvæmdastjóri Vaka. Kaup Penair á Vaka opna ný tækifæri beggja.


## Norðurorka – Útboð hitaveitumæla

Norðurorka óskar eftir tilboðum í hitaveitumæla.

Útboðsgögn verða afhent frá og með föstudeginum 11. nóvember 2016 á rafrænu formi.
Þeim sem hafa áhuga á því að bjóða í verkið er bent á að senda tölvupóst til þjónustuvers Norðurorku, netfang no@no.is, eða hringja í síma 460-1300 og óska eftir útboðsgögnum.

Nánari lýsing á tækni og gæðakröfum eru í útboðsgögnum.

Tilboðum ber að skila eigi síðar en föstudaginn 2. desember 2016 kl. 13:00 en þá verða þau opnuð í fundarsal Norðurorku á Rangárvöllum að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

NORÐURORKA
Vatnsveita - Rafveita - Hitaveita - Fráveita

RANGÁRVÖLLUM | 603 AKUREYRI | SÍMI 460 1300 | no@no.is | www.no.is

UNNUR PÁLMARSDÓTTIR



## Unnur til Zenter

Unnur Pálmarsdóttir hefur gengið til liðs við Zenter ehf. sem mannauðsráðgjafi. Zenter eykur með þessu þjónustu í mannauðsmálum og er Unnur þriðji mannauðsráðgjafinn sem bætist við öflugt teymi mannauðssviðs Zenter.

Unnur mun meðal annars aðstoða fyrirtæki og stofnanir við að móta og innleiða stefnu í heilsumálum starfsmanna. Unnur hefur unnið við mannauðsstjórnun, fræðslumál, stefnumótun og breytingastjórnun í heilsu- og líkamsræktariðnaðinum bæði hérlendis og erlendis.

MARGRÉT ARNARDÓTTIR



## Margrét til Ölgerðarinnar

Ölgerðin Egill Skallagrímsson hefur ráðið Margréti Arnardóttur, vélaverkfræðing og viðskiptafræðing, sem framkvæmdastjóra tæknisviðs Ölgerðarinnar.

Margrét er með MBA-gráðu frá Háskóla Íslands og M.Sc.-gráðu í vélaverkfræði frá háskólanum í Álaborg í Danmörku. Þá stundaði hún nám í bifvélavirkjun í Iðnskólanum í Reykjavík.

Margrét Arnardóttir starfaði áður sem verkefnastjóri vindorku hjá Landsvirkjun frá árinu 2012 og hjá Rio Tinto Alcan í Straumsvík frá árinu 2003, þar sem hún stýrði m.a. starfsemi kersmiðju og síðar endurhönnun á rafbúnaði vegna straumhækkunar í kerskálum. Margrét situr í fagráði Tækniþróunarsjóðs og er varamaður í stjórn Lífsverks, lífeyrissjóðs verkfræðinga.

Margrét tekur við starfi framkvæmdastjóra tæknisviðs Ölgerðarinnar af Ingibjörgu Ólafsdóttur.

## Hjúkraðu og haltu kjafti




Hjúkrunarfræðingar og heilbrigðisstarfsfólk mótmælti í gær vinnuaðstöðu sinni í Lyon. Mótmælin voru hluti af mótmælum út um allt Frakkland en starfsfólkið mótmælti hnignun ástandsins á vinnustöðum sínum. Á skiltunum stendur meðal annars „Hjúkraðu og haltu kjafti“ og „Ég elska starfið mitt vegna þess að það er mannlegt og ég vil að það haldist þannig“. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Enn mesta ríki heims



**Lars Christensen**
alþjóðahagfræðingur

Í dag getum við verið viss um að næstum helmingur allra bandarískra kjósenda sé mjög vonsvikinn eða jafnvel reiður og að hinn helmingurinn sé ekkert sérstaklega ánægður heldur, jafnvel þótt „hans“ frambjóðandi hafi unnið í gær. Staðreyndin er sú að bæði Hillary Clinton og Donald Trump hafa verið einstaklega óvinsælir frambjóðendur svo það er sama hvort þeirra hefur unnið í gær, það er ólíklegt að það hafi sameinað Bandaríkjamenn og fært þeim mikla hamingju. Svo það er auðvelt að örvænta.

En ef við gleymum fjögurra ára kosningahringnum og horfum aðeins lengra fram á við, yfir næsta áratug eða tvo, þá er ástæða til að vera miklu bjartsýnni.

**Bandaríkin endurskapa sig alltaf**

Síðan sjálfstæði var lýst yfir 1776 hafa Bandaríkin farið upp og niður efnahagslega, félagslega og pólitískt. Þau hafa lifað af blóðuga borgarastyrjöld og tvær heimsstyrjaldir, Watergate og 11. september. Þrátt fyrir allt þetta er bandaríska hagkerfið enn stærsta og farsælasta hagkerfi veraldarsögunnar. Ekkert annað land í heiminum hefur skapað meiri auð. Ekkert annað land hefur átt fleiri Nóbelsverðlaunahafa. Ekkert annað land í heiminum kemst nálægt þeim – sama hvaða efnahagslegu mælikvarða við notum.

Það eru í raun litlar líkur á því að eitthvert annað hagkerfi í heiminum verði stærra en það bandaríska á okkar líftíma. Vissulega hefur Kína saxað hratt á forskotið síðustu þrjá áratugina, en mælt í Bandaríkjadölum er bandaríska hagkerfið enn næstum tvöfalt stærra en það kínverska og þótt Kína haldi í einhvern tíma áfram að vinna á eru miklar líkur á að Kína verði gamalt áður en landið verður ríkt. Þannig hefur Kína mjög sterkan lýðfræðilegan mótbyr – eins og við höfum séð í Japan síðustu 20 árin. Svo jafnvel þótt Bandaríkin hafi einnig lýðfræðilegan mótbyr þá endurskapar landið sig alltaf. Það heldur alltaf áfram að vaxa og þróast.

> **Þrátt fyrir allt þetta er bandaríska hagkerfið enn stærsta og farsælasta hagkerfi veraldarsögunnar. Ekkert annað land í heiminum hefur skapað meiri auð.**

Lítið bara á bandaríska verðbréfamarkaðinn. Sum stærstu fyrirtækin í Bandaríkjunum – fyrirtæki eins og Google, Apple og Uber – hafa verið sett á stofn á síðustu 1-2 áratugum. Og mörg þessara fyrirtækja hafa verið stofnuð af innflytjendum með litla eða enga menntun sem hafa komið til lands hinna frjálsu og heimkynna hinna hugdjörfu í leit að lífi, frelsi og hamingju. Og þetta er leyndarmálið á bak við árangurssögu bandaríska hagkerfisins – kapítalískt kerfi þar sem allir geta náð árangri – með mikilli vinnu og auðvitað talsverðri heppni. Staðreyndin er sú að það mikilvæga á bak við langtímavelgengni bandaríska hagkerfisins er ekki hvort forsetinn heitir Trump eða Clinton, heldur hið einstaka stofnanaskipulag sem tryggir réttarríkið og heldur aftur af pólitíkinni. Kerfi sem byggist í grundvallaratriðum á frjálsum markaði.

Það eru vissulega margir gallar á bandaríska kerfinu og það má með réttu gagnrýna það fyrir marga hluti – bæði frá sjónarmiði sósíalista og frá sjónarhóli hins frjálsa markaðar. En spyrjið hvaða fátækling sem er í þróunarríkjum Afríku eða Asíu hvar hann vildi helst búa og flestir þeirra munu ekki hika við að segjast vilja búa í Bandaríkjum Norður-Ameríku frekar en nokkrum öðrum stað í heiminum.

Og það er þess vegna sem Bandaríkjamenn ættu að fagna í dag – þeir eru enn öfundaðir af heiminum og þeir búa enn, líka eftir gærdaginn, í stórkostlegasta landi í heimi.

# Losun hafta, ekki afnám



**Hin hliðin**
**Vala Valtýsdóttir,** meðeigandi hjá Lögfræðistofu Reykjavíkur

Nú nýverið tóku gildi breytingar á gjaldeyrislögum er varða losun gjaldeyrishafta. Heildarheimild fjármagnshreyfinga samkvæmt ákvæðunum nemur allt að 30 milljónum fram til áramóta og síðan hækkar þessi heimild í 100 milljónir frá og með 1. janúar 2017 (ótímabundið en ekki per ár).

**Hvað má og hvað má ekki**

Það má fyrirframgreiða og uppgreiða lán. Auk þess má fjárfesta í verðbréfum í erlendum gjaldeyri og tekur sú heimild gildi 1. janúar 2017. Bein erlend fjárfesting innlendra aðila er heimil að því gefnu að fjárfestingin nemi a.m.k. 10%. Einnig er heimilt nú að fyrirframgreiða arf milli landa – já, það er ótrúlegt að þetta hafi verið harðbannað. Einstaklingar mega kaupa eina fasteign erlendis á ári og það er heimilt að greiða staðfestingargjald af kaupverði fasteignar án fyrirfram samþykkis Seðlabankans.

Það má hins vegar ekki taka út gjaldeyri af eigin gjaldeyrisreikningi hérlendis nema viðkomandi eigi ónýtta heimild (100 milljónir). Þó er heimilt að taka út eigin gjaldeyri í íslenskum banka ef hann er notaður til fyrirframgreiðslu láns eða uppgreiðslu að því gefnu að viðkomandi hafi ekki nýtt sér heildarheimildina. Það er ekki hægt að kaupa gjaldeyri nema sé um að ræða undanþegna fjármagnsflutninga. Til dæmis er nú heimilt að kaupa aðra fasteign fyrir tjónabætur sem viðkomandi móttekur vegna tjóns á annarri fasteign. Síðan er líka heimilt að nota leigutekjur af erlendri fasteign til að greiða rekstrarkostnað af þeirri fasteign.

**Bindiskylda erlendra aðila**

Erlendir fjárfestar geta þurft að sæta því að 40% af fjárfestingu, í íslenskum krónum, sæti bindiskyldu í eitt ár. Bindiskyldan á við um fjárfestingu sem ber 3% vexti eða meira.

**Meðferð aflandskróna**

Um svipað leyti og breytingar voru gerðar á gjaldeyrislögum vegna losunar hafta voru sett lög um meðferð krónueigna sem í daglegu tali eru nefndar aflandskrónur. Aðferðin við að taka á því „vandamáli“ var að efna til gjaldeyrisútboðs þar sem eigendur fengu evrur í stað krónueignanna, á afslætti að sjálfsögðu. Það sem kom á óvart vegna þessarar lagasetningar var hins vegar að innlendir aðilar sem voru svo óheppnir að eiga t.d. ríkisskuldabréf, sem voru í vörslu erlendra fjármálastofnana, lentu einnig í þessari „eignaupptöku“.

Að sjálfsögðu er umfjöllunin hér að framan mjög yfirborðskennd en er vonandi eitthvað lýsandi fyrir lesendur.

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Fréttablaðið eykur þjónustu sína við lesendur á landsbyggðinni.**

Þú getur nálgast frítt eintak af Fréttablaðinu á
eftirfarandi sölustöðum víðsvegar um landið:

N1 olís Samkaup BÓNUS




FRÉTTABLAÐIÐ
mest lesna dagblað landsins.

# MARKAÐURINN

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL | Miðvikudagur 9. nóvember 2016

Íslenska úrvalsvísitalan
1.687,89 -0,84%
(-14,39)

vísir
www.visir.is

Viðskiptavefur Vísis
@VisirVidskipti





10-11 var fyrst matvöruversluna opin allan sólarhringinn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## 10-11 í 25 ár

Rekstrarfélag Tíu ellefu fagnar um þessar mundir 25 ára afmæli en fyrsta verslunin var opnuð í Engihjalla þann 10.11. 1991 klukkan 10:11. Í dag rekur rekstrarfélagið 35 verslanir undir vörumerki 10-11. Einnig á rekstrarfélagið og rekur tvær verslanir undir merkjum Háskólabúðarinnar, eina Inspired by Iceland verslun og veitingastaðinn Bad Boys Burgers & Grill. Rekstrarfélagið opnaði fyrstu matvöruverslunina sem var opin allan sólarhringinn í 10-11. Árleg velta 10-11 er í dag sjö milljarðar og eru starfsmenn orðnir 350.

## Vöxtur hjá Eik

Hagnaður fasteignafélagsins Eikar nam 963 milljónum króna á þriðja fjórðungi ársins. Rekstrartekjur námu 18 milljörðum króna. Rekstrarhagnaður fyrir matsbreytingar og fjármagnsgjöld nam 1.229 milljónum króna á fjórðungnum.

Rekstrarhagnaður fyrir matsbreytingar og fjármagnsgjöld nam 3.354 milljónum króna fyrstu níu mánuði ársins og heildarhagnaðurinn 2.391 milljón króna. Fram kemur í tilkynningu að mikil eftirspurn sé eftir atvinnuhúsnæði og hækkaði útleiguhlutfall félagsins um 1,3 prósent.

Félagið greiddi 818 milljónir króna í arð, en stefna þess er að greiða út 35% af handbæru fé frá rekstri til hluthafa. Handbært fé frá rekstri nam tæplega 2,2 milljörðum króna fyrstu níu mánuði ársins.

## I8 Gallerí tapar 18,5 milljónum

I8 Gallerí ehf. sem rekur samnefnt gallerí tapaði 18,5 milljónum króna á síðasta ári. Viðsnúningur varð á rekstrinum en árið áður hagnaðist félagið um 3,2 milljónir króna.

Rekstrartekjur félagsins á árinu námu 142,7 milljónum króna. Eignir félagsins námu 108,6 milljónum króna í árslok, samanborið við 99,2 milljónir í árslok 2014. Eigið fé var neikvætt um 33,8 milljónir króna í árslok 2015, samanborið við 15,3 milljóna króna eigið fé árið áður. Skuldir námu 142 milljónum, samanborið við 114 milljónir árið áður.

Hluthafar voru þrír í árslok eins og í byrjun árs. Hlutafé nam alls tveimur milljónum. Dexter fjárfestingar ehf. átti 50 prósent hlutfjár og Edda Jónsdóttir og Börkur Arnarson 25 prósent hvort. Ekki verður greiddur út arður á árinu 2016 vegna rekstrarársins 2015.


ÁSTRÍÐA
GuðjónÓ
VISTVÆNA PRENTSMIÐJAN
Sími 511 1234 • www.gudjono.is


## 1.004

**MILLJARÐAR KRÓNA**

Um síðustu áramót áttu Íslendingar samtals 1.004 milljarða króna í beinni erlendri fjármunaeign samkvæmt nýjustu tölum Seðlabanka Íslands. Íslendingar áttu aðeins hærri upphæð erlendis árið áður, eða 1.067 milljarða króna. Stærsti hluti eigna er í félögum sem skráð eru í Hollandi, eða 324 milljarðar króna, í Bretlandi, eða 213 milljarðar króna, og Lúxemborg, 98 milljarðar króna.

## 85

**MILLJARÐA VELTA**

Metvöxtur verður milli ára í jólaverslun innanlands samkvæmt spá Rannsóknaseturs verslunarinnar. Áætlað er að jólaverslunin aukist um 10,3 prósent frá síðasta ári og að veltan verði um 85 milljarðar án virðisaukaskatts. Í fyrra var vöxtur jólaverslunarinnar 6,6 prósent frá árinu þar áður. Spáð er að Íslendingar verji 53.813 krónum til innkaupa í nóvember og desember.

**7.11.2016**

**Þannig að á næstu örfáum árum verður meðalkennarinn kona á sjötugsaldri með 20-30 krakka fyrir framan sig kennandi 26 tíma á viku. Það er stóra myndin.**

Ágúst Tómasson








## Breiðavík 4
íbúð 101



Glæsileg 4ra herbergja
Sérinngangur
Sérafnotaréttur
Endaíbúð
Aðstaða til dýrahalds
Endurnýjað baðherbergi og eldhús

Verð: **39,5 millj.**



Nánari upplýsingar veitir
**Jórunn Skúladóttir**
löggiltur fasteignasali
sími: 845 8958
jorunn@miklaborg.is

FASTEIGNASALAN MIKLABORG **569 7000** Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -

---

# HRAUNHAMAR
FASTEIGNASALA
Bæjarhrauni 10 - Hafnarfirði - Sími 520 7500 - www.hraunhamar.is

## Norðurbakki 17 - Glæsileg sjávaríbúð – Hfj.



Glæsileg 160 fm endaíbúð á 3.hæð ásamt stæði í bílahúsi, glæsilegt nýlegt lyftuhús. Íbúðin er til afhendingar strax. Fullbúin eign í sérflokki. Frábært útsýni yfir fjörðinn. **Verð: 67 millj.**
Nánari upplýsingar gefur Helgi Jón sölustjóri í s: 893-2233 eða helgi@hraunhamar.is

**Magnús Emilsson Löggiltur fasteignasali.**

---

# TRAUSTI
fasteignasala



**Kristján Baldursson hdl.**
Löggiltur fasteignasali og leigumiðlari
867-3040

## HRANNARSTÍGUR 3, 101 REYKJAVÍK



OPIÐ HÚS

**OPIÐ HÚS MIÐVIKUDAGINN 9. NÓV. KL.17:30-18:00**
Glæsileg efri hæð og ris í virðulegu steinhúsi við Hrannarstíg 3 í gamla Vesturbænum, rétt aftan við Landakot. Húsið er hið eina við Hrannarstíg sem liggur þvert á Túngötu, Marargötu og Öldugötu. Íbúðin er mikið endurnýjuð og tækifæri til stækkunar.
Stærð 100,4 fm. **Verð 56.7 m**

**Trausti fasteignasala, trausti@trausti.is, s.546-5050, Vegmúla 4, 108 Reykjavík**

---

# Til sölu

Fyrirtæki sem sérhæfir sig í gólflögnum fyrir fyrirtæki, stofnanir og íbúðarhúsnæði

- Vel rekið og arðbært fyrirtæki
- 200 milljón króna velta / EBITDA 50 milljónir
- Mikil veltuaukning milli ára
- Gott orðspor / Mikil góðvild
- Tækifæri til veltuaukningar
- Stórir viðskiptavinir
- Mörg verkefni framundan



**Jón Rafn Valdimarsson**
löggiltur fyrirtækja, fasteigna- og skipasali
sími: 695 5520
jon@miklaborg.is

FASTEIGNASALAN MIKLABORG **569 7000** Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -

---

# EIGNAMIÐLUN
588 9090 · www.eignamidlun.is · Grensásvegi 11 · 108 Reykjavík

*Sala fasteigna frá* **1957**
Elsta starfandi fasteignasala landsins

2013–2015 Framúrskarandi fyrirtæki

## FÁKAHVARF 9 203 - KÓPAVOGI





Glæsilegt 270,1 fm einbýlishús á einstaklega góðum stað í Kópavogi. Húsið er á tveimur hæðum. Fjögur svefnherb. Háglans hvítar innréttingar, parket og flísar, tvö baðherbergi. Stórar svalir. Glæsilegt útsýni. Húsið er til afhendingar við kaupsamning. **Verð 79,9 millj.** Nánari uppl. veitir Þórarinn M. Friðgeirsson löggiltur fasteignasali s: 899-1882 , thorarinn@eignamidlun.is.
**Opið hús miðvikudaginn 9. nóv. milli 17:15 og 17:45.**

## BÁSBRYGGJA 51 - 110 REYKJAVÍK





Glæsileg samtals 334,2 fm íbúð með tvöföldum bílskúr. Íbúðarrými er skráð 272,6 fm og bílskúrar 61,6 fm. Upphaflega voru þetta tvær íbúðir en hafa verið sameinaðar í eina stóra á tveimur hæðum (á efstu hæðum í húsinu). Þrennar svalir, fallegt útsýni. Þrjú baðh. eru í íbúðinni. Mikil lofthæð. Íbúðin er laus við kaupsamning. **Verð 84,9 millj.** Nánari uppl. veitir Brynjari Þ. Sumarliðasyni aðstoðarm. fasteignasala s: 896-1168 , brynjar@eignamidlun.is
**Opið hús miðvikudaginn 9. nóv. milli 17:00 og 17:30 (íbúð merkt 03-03).**

## TRÖLLATEIGUR 23 - 270 MOSFELLSBÆ





Góð og vel skipulögð 115,6 fm. fjögurra herbergja endaíbúð á jarðhæð með sérinngangi og sér afnotareit í 4-býli. Þrjú svefnherbergi, þvottaherbergi og geymsla innan íbúðar. Merkt bílastæði og sér hjóla- og vagnageymsla. Íbúðin er laus við kaupsamning. Nánari uppl. veitir Gunnar J. Gunnarsson löggiltur fasteignasali s: 695-2525 , gunnarj@eignamidlun.is
**Opið hús miðvikudaginn 9. nóv. milli 17:15 og 17:45 (íbúð 01-02)**

## MARKHOLT 7 - 270 MOSFELLSBÆ





Einbýlishús með bílskúr alls 280,1 fm. að stærð. Eignin skiptist í forstofu, 6 svefnherbergi, tvær stofur, eldhús, þvottaherbergi, tvö salerni, bílskúr og gróðurhús. Eignin þarfnast viðhalds, bæði hús og lóð. Eignin er laus við kaupsamning. **Verð 62,5 millj.** Nánari uppl. veitir G. Andri Guðlaugsson s: 662-2705 , andri@eignamidlun.is
**Opið hús miðvikudaginn 9. nóv. milli 17:15 og 17:45.**

## ÞORRAGATA 9 - 101 REYKJAVÍK





Glæsileg, björt og frábærlega staðsett ca 131 fm íbúð á 5. hæð (efstu) á þessum vinsæla stað. Auk þess fylgir 19 fm bílskúr og er eignin því samtals ca 150 fm. Glæsileg og björt stofa með góðu útsýni til sjávar-, fjalla- og borgar. Sólskáli auk svala til suðurs. Íbúðin er fyrir 63 ára og eldri. **Verð 72 millj.** Nánari uppl. veitir Reynir Björnsson löggiltur fasteignasali s: 895-8321, reynir@eignamidlun.is. **Opið hús miðvikudaginn 9. nóv. milli 17:15 og 17:45.**

## LAUTARVEGUR 32 BYGGINGARLÓÐ, 103 REYKJAVÍK

Lautarvegur 32 er 357 fm byggingarlóð.
Samkvæmt Borgarskipulagi er gert ráð fyrir að byggt verði alls ca 350 fm raðhús á lóðinni á tveimur hæðum auk kjallara sem er gert ráð fyrir að verði um 100 fm efri hæðirnar báðar auk bílskúrs eru ca 250 fm að meðtöldum bílskúr.
Gatnagerðargjöld virðast greidd.
**Verð 25,5 millj.**
**Nánari uppl. veitir G. Andri Guðlaugsson s: 662-2705, andri@eignamidlun.is**

---




---

**Reykjavíkurborg**
Umhverfis- og skipulagssvið

## Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030
# Íbúðarbyggð og blönduð byggð 2010-2030
### Fjöldi íbúða og framsetning stefnu

Þann 3.nóvember 2016 samþykkti Borgarráð Reykjavíkur verkefnislýsingu vegna fyrirhugaðra breytinga á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030, er varða heimildir um fjölda íbúða á nokkrum byggingarreitum og almenna framsetningu stefnu um íbúðarhúsnæði, sbr. mynd 13 í kaflanum Borgin við Sundin. Breytingarnar varða einkum uppfærslu íbúðarheimilda á reitum sem þegar eru skilgreindir í stefnu aðalskipulagsins. Megin markmið breytingartillagna er skapa betri yfirsýn, endurmeta íbúaforsendur, mæta breyttum þörfum á húsnæðismarkaði og tryggja framfylgd húsnæðisáætlunar borgarinnar.

Með vísan til 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er verkefnislýsingin lögð fram til kynningar og umsagnar (sjá adalskipulag.is og reykjavik.is/skipulag og eru kynningu). Óskað er eftir því að athugasemdum við verkefnislýsinguna verði komið á framfæri í netfangið skipulag@reykjavik.is fyrir 24. nóvember 2016. Þeir sem óska nánari upplýsinga geta snúið sér til umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar.

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, sími: 411 1111, www.reykjavik.is

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Miðvikudagur




Suðaustan 5-10 í dag og skúrir eða slydduél, en hægari vindur og þurrt fyrir norðan og austan. Hiti 0 til 6 stig.

### Fimmtudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 4° | 1° | -1° |
| ↗ 5 | ↑ 7 | ↗ 4 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 1° | 1° | -2° |
| ↑ 3 | ↘ 5 | ↑ 5 |

### Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 7° | 2° | 2° |
| ↖ 16 | ← 9 | ↖ 5 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 3° | 5° | 1° |
| ↖ 11 | ← 14 | ↖ 22 |

## Þrautir

### Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. eyja í Asíu
6. samtök
8. efni
9. fyrirboði
11. tveir eins
12. mælieining
14. fjandi
16. hola
17. traust
18. málmur
20. gangþófi
21. vingjarnleiki

**LÓÐRÉTT**
1. ónæði
3. ólæti
4. fiskur
5. for
7. fíflalæti
10. geislahjúpur
13. sigað
15. ekkert
16. munda
19. nudd



**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2. Java, 6. aa, 8. tau, 9. spá, 11. rr, 12. karat, 14. satan, 16. op, 17. trú, 18. tin, 20. il, 21. alúð.
**LÓÐRÉTT:** 1. rask, 3. at, 4. vartari, 5. aur, 7. apaspil, 10. ára, 13. att, 15. núll, 16. ota, 19. nú.

### Skák Gunnar Björnsson



Bárður Örn Birkisson (2.126) átti leik gegn Nansý Davíðsdóttur (1.901) á Unglingameistaramóti Íslands um síðustu helgi.

**Svartur á leik**

**13. ... Rdxe5! 14. Dxd8+ Hxd8 15. Rxe5 Rxe5.** Svartur hefur unnið peð bótalaust og það dugði Bárði til sigurs í 46 leikjum. Það styttist í heimsmeistaraeinvígi Carlsen og Karjakíns sem hefst á föstudaginn kl. 18 í New York.

**www.skak.is:** Framsýnarmótið næstu helgi.






## Sudoku

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 3 | | 4 | | 1 | | 9 | 7 |
| | 7 | | 9 | 8 | 2 | | | |
| | | | | 5 | | 4 | 2 | |
| | 2 | 6 | 1 | 3 | | 9 | 8 | |
| 9 | | | 7 | | | | 6 | |
| | 1 | 8 | | | | | | |
| 3 | | | | | | | | |
| | | | 8 | | | 7 | 4 | |
| 1 | | | 6 | 2 | 4 | 3 | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 7 | | | | 8 | | 5 | |
| | | | 5 | | | | | |
| | 9 | 1 | | 7 | 3 | | | |
| | | | | | | 5 | | |
| 8 | 4 | 3 | | | 5 | | | |
| 9 | 6 | | 7 | 2 | | | 1 | |
| 2 | | | | 9 | | | 3 | |
| | | 8 | 6 | | | 9 | | 2 |
| | 5 | | 4 | | | | 7 | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 6 | | 8 | | | 9 | 1 | |
| | | 1 | 6 | | | | 4 | 3 |
| | 5 | | | 2 | | 6 | | |
| 4 | | 6 | | | | | | 9 |
| | 9 | | | 4 | | | | |
| | | | 9 | 3 | | | 5 | |
| | 4 | | | 5 | 7 | | 8 | |
| 1 | | | | | | | | |
| 2 | | 5 | | | 1 | | | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

**Lausn síðustu sudoku →**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 7 | 6 | 3 | 9 | 2 | 5 | 1 | 8 |
| 8 | 5 | 9 | 1 | 6 | 4 | 3 | 7 | 2 |
| 1 | 2 | 3 | 5 | 7 | 8 | 4 | 6 | 9 |
| 6 | 4 | 1 | 2 | 8 | 3 | 7 | 9 | 5 |
| 2 | 3 | 5 | 9 | 4 | 7 | 6 | 8 | 1 |
| 9 | 8 | 7 | 6 | 1 | 5 | 2 | 3 | 4 |
| 3 | 6 | 8 | 4 | 2 | 1 | 9 | 5 | 7 |
| 5 | 1 | 4 | 7 | 3 | 9 | 8 | 2 | 6 |
| 7 | 9 | 2 | 8 | 5 | 6 | 1 | 4 | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 8 | 6 | 4 | 1 | 7 | 9 | 2 | 3 |
| 7 | 9 | 1 | 2 | 5 | 3 | 4 | 6 | 8 |
| 2 | 3 | 4 | 6 | 8 | 9 | 5 | 1 | 7 |
| 8 | 1 | 3 | 7 | 2 | 5 | 6 | 4 | 9 |
| 4 | 2 | 5 | 9 | 3 | 6 | 7 | 8 | 1 |
| 6 | 7 | 9 | 8 | 4 | 1 | 2 | 3 | 5 |
| 9 | 4 | 7 | 1 | 6 | 8 | 3 | 5 | 2 |
| 1 | 5 | 2 | 3 | 7 | 4 | 8 | 9 | 6 |
| 3 | 6 | 8 | 5 | 9 | 2 | 1 | 7 | 4 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 8 | 4 | 7 | 1 | 3 | 9 | 2 | 6 |
| 2 | 3 | 9 | 4 | 5 | 6 | 1 | 7 | 8 |
| 7 | 6 | 1 | 8 | 9 | 2 | 3 | 5 | 4 |
| 6 | 7 | 8 | 5 | 3 | 4 | 2 | 9 | 1 |
| 9 | 1 | 3 | 2 | 7 | 8 | 6 | 4 | 5 |
| 4 | 5 | 2 | 9 | 6 | 1 | 8 | 3 | 7 |
| 3 | 9 | 6 | 1 | 4 | 5 | 7 | 8 | 2 |
| 1 | 2 | 5 | 3 | 8 | 7 | 4 | 6 | 9 |
| 8 | 4 | 7 | 6 | 2 | 9 | 5 | 1 | 3 |

## Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





Uppselt kl. 20
Auka tónleikar
kl. 16
Hera Björk
Ilmur af jólum
Jólatónleikar í Grafarvogskirkju
26. nóvember kl. 20.00
Hera Björk • Lisa Angell • Kristinn Sigmundsson • Greta Salóme • Friðrik Dór
Karlakór Kjalnesinga og sönghópurinn Harmonia ásamt hljómsveit
undir stjórn Óskars Einarssonar
Miðasala á miði.is
Góa
Stofnað 1968







## Niðurbrot ástarinnar

**LEIKHÚS**

**Brot úr hjónabandi**
eftir Ingmar Bergman
★★★★☆

**Borgarleikhúsið**
**Leikstjórn og leikgerð:** Ólafur Egill Egilsson
**Leikarar:** Björn Thors og Unnur Ösp Stefánsdóttir
**Leikmynd og búningar:** Ilmur Stefánsdóttir
**Lýsing:** Kjartan Þórisson
**Tónlist:** Barði Jóhannsson
**Hljóð:** Baldvin Þór Magnússon
**Myndband:** Elmar Þórarinsson
**Þýðing:** Þórdís Gísladóttir


Björn Thors og Unnur Ösp í hlutverkum sínum í verki Bergmans, Brot úr hjónabandi.

Fyrir rúmlega fjörutíu árum sýndi sænska ríkissjónvarpið sex sjónvarpsþætti undir nafninu Scener ur ett äktenskap í leikstjórn Ingmars Bergman, sem einnig skrifaði handritið. Skemmst er frá því að segja að þættirnir slógu í gegn og ótal áhorfendur endurspegluðu sig í hjónabandi Marianne og Johans. Nokkrum árum síðar skrifaði Bergman leikgerð upp úr þáttunum fyrir svið sem nú er sýnd með uppfærðu sniði á Litla sviði Borgarleikhússins.

Í Brot úr hjónabandi, í fínni þýðingu Þórdísar Gísladóttur, kryfur Bergman samband ónefndra hjóna nánast niður í frumeindir sínar á meðan það hrynur. Leikverkið hverfist um traust, ást og ástríðu milli tveggja einstaklinga á tímapunkti þegar allt ætti að vera fallið í ljúfa löð í lífi þeirra en í áhugaleysinu og daglegu amstri birtast brestirnir. Nístandi tilvistarkreppa herjar á hjónin sem þvingar þau til að horfast í augu við sannleikann um samlíf sitt.

Ábyrgðin sem hvílir á herðum hjónanna Björns Thors og Unnar Aspar Stefánsdóttur er mikil enda þurfa þau að halda áhorfendum við efnið í tvær klukkustundir nánast upp á sitt eindæmi. Björn sýnir og sannar með leik sínum hér að hann er einn af albestu leikurum landsins um þessar mundir, svo einfalt er það. Hann notar hvert tækifæri til að afhjúpa nýjar hliðar á manni sem er algjörlega búinn að tapa sínum stað í heiminum. Líkamsstaða, raddbeiting og jafnvel augnaráð endurspegla þá brotnu sjálfsmynd sem þessi maður hefur að geyma en berst við að fela fyrir öðrum og sjálfum sér. Unnur Ösp gerir vel í mótleik sínum en þrátt fyrir mjög góða spretti og gríðargóðar senur, sérstaklega eftir hlé, þá er leikur hennar örlítið einsleitur á köflum. En samspil þeirra tveggja á sviðinu er bæði áhrifamikið og eftirtektarvert.

Ólafur Egill Egilsson stýrir þessari sýningu af miklu öryggi og nálgast efnið á skýran hátt, bæði í leikstjórn sinni og leikgerð. Gjáin sem myndast á milli hjónanna verður öllum ljós með líkamstjáningu þeirra, löngum þögnum og staðsetningu á sviðinu en Ólafur Egill vinnur vel með þessa dínamík.

Það getur verið erfitt að hanna í kringum nándina sem Litla sviðið getur skapað milli áhorfenda og leikara en Ilmur Stefánsdóttir, sem sér um bæði sviðsmynd og búninga, nálgast verkefnið með naumhyggjuna að vopni. Leifar úr lífi ónefndu hjónanna liggja líkt og rekaviður á sviðinu, nánast eins og fyrirboði um komandi skipbrot. Gervigrasið og grashnúðarnir eru þó einstaklega truflandi í annars ágætri sviðsmynd.

Tónlistarval Barða Jóhannssonar er áhugvert en lagalistinn er troðfullur af þekktum poppslögurum um ástina, nánast eins og staðlaður listi fyrir staðlað tilhugalíf. Frumsömdu innslögin eru ljúf en hefðu jafnvel mátt vera meira afgerandi. Ljósahönnun er í höndum Kjartans Þórissonar og tekst honum vel upp. Sviðið er hjúpað ofurbjörtum ljósum nánast eins og á rannsóknarstofu, afleiðingin er að áhorfendur spegla sig bæði í persónum verksins og öðrum áhorfendum.

Myndbandsvinna Elmars Þórarinssonar er að öllu jöfnu góð og greinilegt að andi Bergmans svífur þar yfir vötnum. Aftur á móti var lokamyndbandið of mikið af því góða því þar fer sýningin að fjalla um sjálfa sig og leikarana í sýningunni frekar en persónur verksins.

Veikustu punktar sýningarinnar eru einmitt tilraunirnar í byrjun sýningar og í síðustu senum hennar til að opna verkið út á við. Þetta daður við sviðsetningu sjálfsins innan leikhússins er óþarfi, Brot úr hjónabandi er nægilega áhrifamikil sýning án þess. Leikur Björns Thors og Unnar Aspar, undir styrkri stjórn Ólafs Egils, er bæði góður og gegnumheill án þess að nokkurt prjál þurfi til.

**Sigríður Jónsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Firnasterk sýning um mannlega bresti.

## Flóvent og Thorson snúa aftur

**BÆKUR**

**Petsamo**
★★★☆☆

**Arnaldur Indriðason**
Forlagið
341 bls.
**Kápa:** Ragnar Helgi Ólafsson
Prentuð í Finnlandi

Arnaldur Indriðason kann að skrifa glæpasögur. Næstum frá fyrstu bók hefur hann sýnt að hann hefur bæði einstök tök á frásagnarlist og næmt innsæi í fólk og tilfinningar og þetta tvennt setur bækur hans í hillu með bestu glæpasögum. Enda hafa þær selst í gámavís um allan heim og verið þýddar á fjölda tungumála.

Í þessari bók, eins og þeirri síðustu, Þýska húsið, er sögusviðið Reykjavík og nágrenni stríðsáranna. Sagan hefst reyndar í Danmörku og sögusviðið er um stund á Atlantshafinu en einnig í Hvalfirði, í Nauthólsvík og á Klambratúni. Lögreglufélagarnir Flóvent og Thorson sem lesendur kynntust um leið og þeir hvor öðrum í síðustu bók Arnaldar þó þeir hafi komið við sögu í bókinni þar á undan, rannsaka þrjú ólík mál sem rekur á fjörur þeirra í misbókstaflegri merkingu. Maður finnst drukknaður og lítur út fyrir að um sjálfsmorð sé að ræða, ungum hermanni er misþyrmt í nánd við alræmda knæpu og kona sem leggur lag sitt við hermenn virðist hafa horfið sporlaust. Stríðið og herinn er miðlægt í öllum málunum og félagarnir komast oft í hann krappan í leit sinni að lausnum.




Þetta er tuttugasta bók Arnaldar Indriðasonar á jafnmörgum árum og mjög eðlilegt að hann hafi komið sér upp frásagnartækni og sögubyggingu sem dyggir lesendur eru farnir að kannast við. Enda eru hvergi hnökrar á frásögninni, plottið gengur upp, persónur eru misdjúpar en persónulýsingar oft áhugaverðar og um margt vel gerðar. Bækur Arnaldar eru þó auðvitað misjafnar, þó þær fari aldrei niður fyrir ákveðinn gæðakvarða, og að mínu mati er þessi bók ekki meðal hans bestu. Er þar kannski helst um að kenna á köflum of kunnuglegum stefjum úr svipuðum verkum og ekki næst að tengja málin þrjú saman þannig að um eina sannfærandi heild sé að ræða, nokkuð sem Arnaldi hefur oft tekist snilldarvel að gera. En engu að síður prýðisgóð afþreying og skemmtileg innsýn inn í lífið í Reykjavík á stríðsárunum þar sem sagnfræðingurinn Arnaldur fær sannarlega að njóta sín.

Eitt vakti athygli mína, og raunar hef ég veitt þessu athygli í fleiri íslenskum glæpasögum upp á síðkastið, og það er val nafna á persónurnar í bókinni. Af einhverjum ástæðum heita langflestar íslensku sögupersónurnar í Petsamo nöfnum sem fara vel í munni vestrænna lesenda og eru þekkt um allan heim. Þannig koma Tóbías, Ellý, Karólína, Ósvaldur og Manfreð við sögu í Petsamo að ógleymdum þeim Flóvent og Thorson en Þorbjörg, Guðsteinn, Sigurður, Elínborg og Erlendur eru fjarri góðu gamni. Það má vel vera að þetta sé helber tilviljun og að næsta bók verði stútfull af Brynhildum, Þórðum og Guðríðum en kannski er þetta líka til marks um að Arnaldur hugsi síðari bækur sínar frekar til erlendra lesenda án þess þó að glata nokkru af viljanum til að halda sögusviðinu á Íslandi og gera það að ekki síður spennandi og áhugaverðum stað en Los Angeles eða London. Í framhaldi af þessu væri fróðlegt að vita hversu margir ferðamenn leggja leið sína til Íslands í kjölfar lestrar á bók eftir Arnald Indriðason.

**Brynhildur Björnsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Prýðileg glæpasaga og skemmtileg sagnfræði en nær ekki sama flugi og bestu bækur höfundar.

Rétti tíminn til að koma lagi á elhúsið fyrir jól

ORMSSON

# Búsáhaldadagar

Afsláttur af gæðavörum frá þekktum framleiðendum

Búsáhöld & smáraftæki

## Tefal

Tefal hefur verið hjá Ormsson í 25 ár, og það köllum við meðmæli.

25% afsláttur

Jamie Oliver Tefal-panna með höldum - 30 cm

Jamie Oliver Tefal-Professional 28 cm

Jamie Oliver-sett

Úrval eldhústækja

## staub en France

Franskt merki sem kokkarnir þekkja

15% afsláttur

Grillpönnur

Vertical roaster

Cocottes

## de BUYER DEPUIS 1830

Þekktur framleiðandi sem hefur starfað síðan 1830.

15% afsláttur

Mandolin

Koparpottar

Pönnur

## AEG

AEG þekkja flestir Íslendinga enda hafa þeir þjónað okkur í yfir 90 ár.

25% afsláttur

Kaffivél með tímastillingu

Töfrasproti

Expresso-kaffivél

Hraðsuðuketill

Blandari

## OBH NORDICA

Nordica hefur verið hjá Ormsson um árabil og vörurnar frá þeim halda áfram að koma á óvart.

25% afsláttur

Smoothie Twister

Eggjasuðuvél

Hraðsuðuketill

Poppvél

Kaffivél sem sýður vatnið

ormsson.is

Opnunartímar:
Virka daga kl. 10-18
Laugardaga kl. 11-15.

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

VR FYRIRMYNDAR FYRIRTÆKI 2016

ORMSSON Greiðslukjör
Vaxtalaust
í allt að 12 mánuði

| | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ORMSSON | ORMSSON | KS | SR BYGG | ORMSSON | PENNINN | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | GEISLI | TÆKNIBORG | OMNIS | BLÓMSTURVELLIR |
| KEFLAVÍK | ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI | SAUÐÁRKRÓKI | SIGLUFIRÐI | AKUREYRI | HÚSAVÍK | VÍK -EGILSSTÖÐUM | PAN-NESKAUPSSTAÐ | ÁRVIRKINN-SELFOSSI | VESTMANNAEYJUM | BORGARNESI | AKRANESI | HELLISSANDI |
| SÍMI 421 1535 | SÍMI 456 4751 | SÍMI 455 4500 | SÍMI 467 1559 | SÍMI 461 5000 | SÍMI 464 1515 | SÍMI 4712038 | SÍMI 477 1900 | SÍMI 480 1160 | SÍMI 481 3333 | SÍMI 422 2211 | SÍMI 433 0300 | SÍMI 436 6655 |

LAUGARÁS BÍÓ
midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar
HACKSAW RIDGE
POWERSÝNING KL. 22.45

| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| HACKSAW RIDGE | 5.30, 8, 10.45 (P) |
| DR. STRANGE 3D | 8, 10.30 |
| TRÖLL 2D ÍSL.TAL | 6 |
| BRIDGET JONES'S BABY | 5.30, 8, 10.25 |

SAMBÍÓIN SAMbio.is
BENEDICT CUMBERBATCH · CHIWETEL EJIOFOR · TILDA SWINTON
"FLAT OUT COOL" THE WRAP
ENTERTAINMENT WEEKLY · EMPIRE
MARVEL STUDIOS DOCTOR STRANGE
CHICAGO SUN TIMES · LOS ANGELES TIMES
THE ACCOUNTANT
Blanda af Jason Bourne og The Usual Suspects
SJÖ HETJUR. SJÖ SINNUM SKEMMTILEGRA.
7 UNDI DVERGURINN
Frábær mynd fyrir alla fjölskylduna
Sýnd með íslensku tali

| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | |
|---|---|
| THE ACCOUNTANT | KL. 5:20 - 8 - 10:40 |
| THE ACCOUNTANT VIP | KL. 10:40 |
| SJÖUNDI DVERGURINN ÍSLTAL | KL. 6 |
| DOCTOR STRANGE 3D | KL. 6:30 - 9 |
| DOCTOR STRANGE 2D | KL. 5:30 - 8 - 10:40 |
| DOCTOR STRANGE 2D VIP | KL. 5:30 - 8 |
| JACK REACHER 2 | KL. 8 - 10:30 |
| THE GIRL ON THE TRAIN | KL. 8 |
| STORKAR ÍSLTAL | KL. 6 |
| SULLY | KL. 10:40 |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | |
|---|---|
| THE ACCOUNTANT | KL. 8 - 10:40 |
| SJÖUNDI DVERGURINN ÍSLTAL | KL. 6 |
| DOCTOR STRANGE 3D | KL. 8 |
| DOCTOR STRANGE 2D | KL. 5:30 - 10:40 |

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | |
|---|---|
| THE ACCOUNTANT | KL. 5:30 - 8 - 10:40 |
| SJÖUNDI DVERGURINN ÍSLTAL | KL. 5:30 |
| DOCTOR STRANGE 3D | KL. 8 - 10:30 |
| DOCTOR STRANGE 2D | KL. 5:30 - 7 - 10 |
| JACK REACHER 2 | KL. 8 - 10:30 |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI | |
|---|---|
| THE ACCOUNTANT | KL. 6 - 9 |
| SJÖUNDI DVERGURINN ÍSLTAL | KL. 6 |
| DOCTOR STRANGE 3D | KL. 8 - 10:30 |
| DOCTOR STRANGE 2D | KL. 8 |
| JACK REACHER 2 | KL. 10:30 |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | |
|---|---|
| THE ACCOUNTANT | KL. 8 - 10:40 |
| HACKSAW RIDGE | KL. 10:40 |
| DOCTOR STRANGE 3D | KL. 8 |

STORKS Sýnd með íslensku tali
JACK REACHER
THE GIRL ON THE TRAIN

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ
Allt · Smárabíó · Háskólabíó · Væntanlegt
Upplýsingar um kvikmyndir og sýningartíma eru á smarabio.is
Kaupa miða


# Hvað? Hvenær? Hvar? Miðvikudagur

hvar@frettabladid.is

## 9. NÓVEMBER 2016

### Tónlist

**Hvað?** Baraflokkurinn
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Græna herbergið, Lækjargötu

Nýbylgjuhljómsveitin Baraflokkurinn treður upp í Græna herberginu í kvöld og ætlar að taka öll gömlu góðu lögin sín auk þess sem það gæti allt eins verið að eitthvað nýtt og áður óbirt fengi að heyrast. Miðaverð er 3.000 krónur.

**Hvað?** Múlinn Jazzklúbbur: Stolin stef
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Björtuloft, Hörpu
Múlinn Jazzklúbbur er að sjálfsögðu með djassinn á hreinu og í kvöld í Hörpu munu þeir Steingrímur Teague, söngvari og píanóleikari, Ómar Guðjónsson gítarleikari, Andri Ólafsson bassaleikari og Magnús Trygvason Elíassen trommuleikari leika nokkur uppáhaldslög sín. Miðaverð 2.000 krónur.

**Hvað?** DJ KGB
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Prikið, Bankastræti
Sjálfur KGB spilar á Prikinu í kvöld. KGB ættu flestir að þekkja fyrir bæði tónlistarferil hans sem og feril hans sem plötusnúður en drengurinn hefur líklega spilað á flestöllum klúbbum, knæpum, búllum og börum í bænum og þó víðar væri leitað.

**Hvað?** „Við María“ – Svanlaug Jóhannsdóttir söngkona og Agnar Már Magnússon píanóleikari
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Fella- og Hólakirkja
Maríur, allar Maríur, eru viðfangsefni tónleikanna. Fyrir hlé verða fluttar Ave Maríur eftir ýmsa höfunda, þar á meðal í fyrsta skipti utan Spánar eftir Beatriz Gutierrez. Eftir stutt hlé förum við þó úr íburðarmiklum sölum kirkna í skúmaskot á götum Buenos Aires. Þar kynnumst við enn einni Maríunni og lærum hvernig rétt er að deyja að hætti ástríðufullra manna sem ekki hafa blóð í æðum sér heldur bara taktfastan tangótakt.



Hugleikur Dagson og Jonathan Duffy ætla að taka upp Icetralia podcastinn sinn saman fyrir framan áhorfendur á Húrra í kvöld.

### Viðburðir

**Hvað?** PIDapalooza
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Hótel Saga

**Hvað?** Bókakonfekt Forlagsins
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Café Rosenberg, Klapparstíg
Næstu fjögur miðvikudagskvöld, þar á meðal kvöldið í kvöld, verður haldið upp á bókmenntir á Rosenberg. Höfundar kvöldsins eru Árni Þórarinsson sem les upp úr verki sínu 13 dagar, Sigurbjörg Þrastardóttir með Óttaslegna trompetleikarann og aðrar sögur, Gerður Kristný les úr Hestvík, Lilja Sigurðardóttir flytur valdar klausur úr Netinu, Kristín Marja Baldursdóttir ætlar að leyfa gestum að heyra brot af Svartalogni, Sölvi Björn Sigurðsson les úr Blóminu – sögu um glæp og síðastur en ekki sístur les Sjón upp úr Codex 1962.

**Hvað?** Útgáfuhóf og fyrirlestur Øyvinds Kvalnes: Smugur í siðferðinu
**Hvenær?** 16.00
**Hvar?** Þjóðminjasafnið
Øyvind Kvalnes, dósent í viðskiptasiðfræði í Ósló, heldur fyrirlestur um smugur í siðferðinu. Í fyrirlestrinum verður fjallað um siðareglur starfsstétta og þá tilhneigingu að fylgja þeim bókstaflega og líta svo á að það sem ekki er sérstaklega nefnt í þeim sé siðferðilega heimilt. Fyrirlesturinn er haldinn í tilefni útgáfu bókar hans Siðfræði og samfélagsábyrgð í íslenskri þýðingu. Á eftir verður boðið upp á veitingar og bókin verður á sérstöku tilboði.

**Hvað?** Ferðamáladagur Norðurlands vestra
**Hvenær?** 11.00
**Hvar?** Félagsheimilið Húnaver, Blönduósi
Í boði þennan dag verða fyrirlestrar um ferðamenninguna á Íslandi. Meðal þess sem verður talað um er fuglaskoðun, ferðaþjónustutekt frá Arionbanka, svæðisbundin samvinna og margt fleira. Boðið verður upp á léttar veitingar eins og súpu og kaffi og þetta endar svo allt saman með hópavinnu og kynningar hópanna.

**Hvað?** Buffy og Angel
**Hvenær?** 19.30
**Hvar?** Gaukurinn, Tryggvagötu
Sýndir verða fyrstu þættir seríu sex af Buffy og seríu þrjú af Angel. Happy hour fyrst um sinn og rosalega góð 90s stemming.

**Hvað?** The Icetralia live podcast og standup sýning
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Húrra, Naustunum
Jonathan Duffy og Hugleikur Dagsson ætla að taka upp Icetralia podcastinn sinn lifandi fyrir framan áhorfendur á Húrra þetta kvöldið. Þeir munu ræða allt milli himins og jarðar en aðallega þó kynlíf. Aðgangseyrir er 2.000 krónur.

**Hvað?** Skiptinám og starfsnám fyrir nemendur Hugvísindasviðs
**Hvenær?** 11.40
**Hvar?** Háskólatorg, Háskóla Íslands
Á kynningunni verður farið yfir þá spennandi möguleika á skiptinámi og starfsnámi sem standa nemendum á hugvísindasviði til boða. Háskóli Íslands er í samstarfi við yfir 400 háskóla víða um heim og árlega nýta sér fjölmargir að taka hluta af náminu erlendis. Kynningin er haldin í tengslum við Alþjóðaviku HÍ 7.-11. nóvember.

**Hvað?** Hvað er í deiglunni? Málþing um rannsóknir í guðfræði- og trúarbragðafræðideild.
**Hvenær?** 13.00
**Hvar?** Háskóli Íslands, aðalbygging, stofa 229
Á málþinginu munu kennarar við guðfræði- og trúarbragðafræðideild HÍ halda erindi sem byggjast á rannsóknum þeirra. Málþingsstjóri er Steinunn Arnþrúður Björnsdóttir. Erindi munu halda Sólveig Anna Bóasdóttir, Hjalti Hugason, Sigfinnur Þorleifsson, Gunnlaugur A. Jónsson og Rúnar M. Þorsteinsson. Boðið verður upp á léttar veitingar og lýkur málþinginu á spjalli.

**Hvað?** Skiptinám og starfsnám fyrir nemendur jarðvísindadeildar og líf- og umhverfisvísindadeildar
**Hvenær?** 12.30
**Hvar?** Askja, Háskóla Íslands
Á kynningunni verður farið yfir þá spennandi möguleika á skiptinámi og starfsnámi sem standa nemendum til boða.


FUDGE
Mættu og taktu númer
Rakarastofan Klapparstíg
S: 5513010

50% AFSLÁTTUR!
KING KOIL SUMMER GLOW
AÐEINS 12.424 kr. Á MÁNUÐI* OG FYRSTA GREIÐSLAN Í FEBRÚAR 2017
EITT VINSÆLASTA HEILSURÚMIÐ OKKAR FRÁ KING KOIL
Fullt verð 278.710 kr.
TILBOÐSVERÐ 139.355 kr.
(*Miðað við 12 mánaða vaxtalausan raðgreiðslusamning með 3,5% lántökugjaldi og 405 kr. greiðslugjaldi)
rekkjan HEILSURÚM
ARGH!!! 081116

BIO ★ PARADIS
HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19

| | |
|---|---|
| The Girl With All The Gifts | 17:30, 20:00 |
| Ransacked | 18:00 |
| Eiðurinn ENG SUB | 17:45 |
| Innsæi / The Sea Within | 20:00 |
| Can't Walk Away | 20:00 |
| Child Eater | 22:30 |
| Captain Fantastic | 22:00 |
| Embrace Of The Serpen | 22:00 |


365
Lækkaðu verðið á GSM reikningnum þínum
ENDALAUS
SÍMTÖL & SMS
Í ALLA
OG ÞÚ VELUR ÞANN
GAGNAMAGNSPAKKA SEM HENTAR ÞÉR
0 GB
790 KR
1 GB
1680 KR
5 GB
2680 KR
30 GB*
2990 KR
Greitt er fyrir farsímanotkun erlendis, til útlanda og í upplýsinganúmer. Á ferðalögum erlendis eru boðnir ferðapakkar Evrópski Draumurinn og Ameríski Draumurinn
NÁNARI UPPLÝSINGAR Á 365.IS OG SÍMA 1817




**ÍSSKÁPASTRÍÐ**

Nýr og stórskemmtilegur matreiðsluþáttur í umsjón Evu Laufeyjar og Gumma Ben sem jafnframt gegna hlutverki liðsstjóra. Dómarar eru Siggi Hall og Hrefna Sætran og það kemur í þeirra hlut að velja sigurvegara kvöldsins.

MAGNAÐ
**MIÐVIKUDAGSKVÖLD**

Fáðu þér áskrift á **365.is**

365

**GREY'S ANATOMY**

Hörkuvinsælir dramaþættir sem gerast á Grey Sloan spítalanum í Seattle-borg þar sem starfa ungir og bráðefnilegir skurðlæknar.



HEIMILI HBO

**DIVORCE**

Skemmtilegur gamanþáttur þar sem Frances er búin að klúðra hjónabandinu og sér eftir öllu saman en leiðin til baka er ekki greið.



**PURE GENIUS**

Vandaður nýir þættir um James Hill sem fer ótroðnar slóðir þegar hann stofnar byltingarkenndustu læknamiðstöð í heimi.



**NASHVILLE**

Skemmtileg sería um kántrísöngkonurnar Raynu James og Juliettu Barnes sem eiga í stöðugri valdabaráttu í bransanum.



**THELMA AND LOUISE**

Tvær konur sem eru orðnar leiðar á lífinu ákveða að fara í helgarferð út á land og þar gerast atburðir sem snúa lífi þeirra á hvolf.



3

**ROME**

Frábærir þættir frá framleiðendum Sopranos sem gerast á tímum Rómaveldis og fjalla um ástir og afbrýði, svik og svall Sesars keisara og annarra fyrirmenna.




Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag. 365.is




# DAGSKRÁ

# Miðvikudagur

## STÖÐ 2

07.00 **Simpson-fjölskyldan**
07.25 **Teen Titans Go!**
07.50 **Mindy Project**
08.10 **The Middle**
08.35 **Ellen**
09.15 **Bold and the Beautiful**
09.35 **Logi**
10.25 **The Doctors**
11.10 **Atvinnumennirnir okkar**
11.50 **Dallas**
12.35 **Nágrannar**
13.00 **Neyðarlínan**
13.35 **Junk Food Kids. Who's to Blame**
14.25 **Project Greenlight**
15.05 **The Comeback**
15.40 **Mr. Selfridge**
16.30 **Baby Daddy**
16.55 **Bold and the Beautiful**
17.20 **Nágrannar**
17.45 **Ellen**
18.30 **Fréttir Stöðvar 2**
18.55 **Íþróttir**
19.05 **Fréttir Stöðvar 2**
19.20 **Víkingalottó**
19.25 **Mom**
19.50 **Ísskápastríð**
20.35 **Grey's Anatomy**
21.20 **Divorce**
21.50 **Pure Genius** Vandaðir nýir þættir sem fjalla um James Hill en hann fer svo sannarlega ótroðnar slóðir þegar hann stofnar byltingakenndustu læknamiðstöð í heimi en þar ætlar hann að leiða saman nýjustu tækni og vísindi með úrvalsteymi með sér. Þar ætlar hann að nálgast viðfangsefnin á nýjan og framúrstefnulegan hátt en til þess þarf hann að fá færasta en jafnframt umdeildasta skurðlækni heims með sér í lið. Með aðalhlutverk fara Augustus Prew og Dermot Mulroney.
22.35 **Nashville** Þriðja syrpa þessara frábæru þátta þar sem tónlistin leikur stórt hlutverk og fjallar um kántrísöngkonurnar Raynu Jaymes og Juliette Barnes sem eiga í stöðugri valdabaráttu. Með aðalhlutverk fara Connie Britton og Heyden Panettiere.
22.35 **Nashville**
23.20 **Real Time with Bill Maher**
00.20 **NCIS**
01.05 **The Blacklist**
01.50 **StartUp**
02.45 **High Maintenance**
03.20 **Mad Dogs**
04.15 **Stalker**
05.00 **Crimes That Shook Britain**
05.50 **Battle Creek**

## STÖÐ 2 SPORT

07.00 **UEFA Europa League**
08.40 **UEFA Europa League**
10.20 **UEFA Europa League**
12.00 **Evrópudeildarmörkin**
12.50 **UEFA Champions League**
14.30 **Messan**
16.00 **Premier League Review**
16.55 **Þýsku mörkin**
17.25 **Körfuboltakvöld**
19.05 **Domino's-deild kvenna**
21.05 **Any Given Wednesday**
21.35 **UEFA Champions League**
23.15 **Domino's-deild kvenna**
00.55 **UFC Now**

## STÖÐ 2 SPORT 2

08.30 **Premier League**
10.10 **Premier League**
11.50 **Premier League**
13.30 **Premier League**
15.10 **Premier League World**
15.40 **Spænski boltinn**
17.20 **Spænsku mörkin**
17.50 **NFL**
20.10 **Enska 1. deildin**
21.50 **Football League Show**

## STÖÐ 3

17.45 **The League**
18.10 **Mike & Molly**
18.30 **New Girl**
18.55 **Modern Family**
19.20 **Fóstbræður**
19.50 **Dagvaktin**
20.25 **Lögreglan**
21.40 **Flash**
22.25 **Rome**
22.45 **Klovn**
23.20 **True Detective**
00.20 **Fóstbræður**
00.50 **Dagvaktin**
01.25 **Lögreglan**
02.35 **Tónlist**

## KRAKKASTÖÐIN

07.00 **Áfram Diego, áfram!**
07.24 **Svampur Sveinsson**
07.49 **Lalli**
07.55 **Rasmus Klumpur og félagar**
08.00 **Lína Langsokkur**
08.25 **Gulla og grænjaxlarnir**
08.37 **Stóri og litli**
08.49 **Hvellur keppnisbíll**
09.00 **Zigby**
09.10 **Ævintýraferðin**
09.25 **Latibær**
09.47 **Mæja býfluga**
10.00 **Dóra könnuður**
10.24 **Mörgæsirnar frá Madagaskar**
10.47 **Doddi litli og Eyrnastór**
11.00 **Áfram Diego, áfram!**
11.24 **Svampur Sveinsson**
11.49 **Lalli**
11.55 **Rasmus Klumpur og félagar**
12.00 **Lína Langsokkur**
12.25 **Gulla og grænjaxlarnir**
12.35 **Stóri og litli**
12.47 **Hvellur keppnisbíll**
13.00 **Zigby**
13.10 **Ævintýraferðin**
13.25 **Latibær**
13.47 **Mæja býfluga**
14.00 **Dóra könnuður**
14.24 **Mörgæsirnar frá Madagaskar**
14.47 **Doddi litli og Eyrnastór**
15.00 **Áfram Diego, áfram!**
15.24 **Svampur Sveinsson**
15.49 **Lalli**
15.55 **Rasmus Klumpur og félagar**
16.00 **Lína Langsokkur**
16.25 **Gulla og grænjaxlarnir**
16.35 **Stóri og litli**
16.47 **Hvellur keppnisbíll**
17.00 **Zigby**
17.10 **Ævintýraferðin**
17.25 **Latibær**
17.47 **Mæja býfluga**
18.00 **Dóra könnuður**
18.24 **Mörgæsirnar frá Madagaskar**
18.47 **Doddi litli og Eyrnastór**
19.00 **Ævintýraeyja Ibba**

## GOLFSTÖÐIN

08.00 **Shriners Hospitals for Children Open**
10.20 **Ladies European Tour – Highlights**
11.15 **Shriners Hospitals for Children Open**
14.20 **PGA Tour – Highlights**
15.15 **The Open Official Film**
16.10 **Golfing World**
17.00 **PGA Tour. Delivering a Decade of Champions**
17.25 **Golfing World**
18.15 **Champions Tour Highlights**
19.10 **Turkish Airlines Open**

## BÍÓSTÖÐIN

12.10 **My Best Friend's Wedding**
13.55 **Song One**
15.25 **Turtle Power: The Definitive History of the Teenage Mutant Ninja Turtles** Skemmtileg heimildarmynd um tilurð Ofurskjaldbakanna en hér er farið yfir sögu Teenage Mutant Ninja Turtles frá byrjun.
17.05 **My Best Friend's Wedding** Frábær mynd með Julia Roberts, Dermot Mulroney, Cameron Diaz og Rupert Everett. Fyrir níu árum gerðu vinirnir Julianne og Michael með sér samning um að ef þau væru enn þá á lausu þegar þau næðu 28 ára aldri skyldu þau giftast hvort öðru. Útlit er fyrir að svo fari þar til Michael tilkynnir Julianne að hann ætli að giftast annarri konu. Þá fyrst gerir Julianne sér grein fyrir því að hún elskar Michael og einsetur sér að koma í veg fyrir brúðkaupið.
18.50 **Song One**
20.20 **Turtle Power: The Definitive History of the Teenage Mutant**
22.00 **Thelma and Louise**
00.10 **Mandela: Long Walk to Freedom**
02.35 **The Immigrant**
04.35 **Thelma and Louise**

## RÚV

17.15 **Framandi og freistandi II**
17.45 **Táknmálsfréttir**
17.55 **Disneystundin**
17.56 **Finnbogi og Felix**
18.18 **Sígildar teiknimyndir**
18.25 **Gló magnaða**
18.50 **Krakkafréttir**
18.54 **Víkingalottó**
19.00 **Fréttir**
19.25 **Íþróttir**
19.30 **Veður**
19.35 **Kastljós**
20.05 **Bítlarnir að eilífu – Here Comes the Sun**
20.15 **Kiljan**
21.00 **Á sama báti**
22.00 **Tíufréttir**
22.15 **Veðurfréttir**
22.20 **Sweet Micky til forseta**
23.45 **Kastljós**
00.10 **Dagskrárlok**

## SJÓNVARP SÍMANS

06.00 **Pepsi MAX tónlist**
08.00 **The Millers**
08.20 **Dr. Phil**
09.00 **The Biggest Loser**
09.45 **The Biggest Loser**
10.35 **Pepsi MAX tónlist**
13.20 **Dr. Phil**
14.00 **Younger**
14.20 **Jane the Virgin**
15.05 **The Grinder**
15.25 **Speechless**
15.50 **Girlfriends' Guide to Divorce**
16.35 **The Tonight Show**
17.15 **The Late Late Show**
17.55 **Dr. Phil**
18.35 **Everybody Loves Raymond**
19.00 **King of Queens**
19.25 **How I Met Your Mother**
19.50 **Odd Mom Out**
20.15 **Survivor**
21.00 **Chicago Med**
21.45 **Bull**
22.30 **The Tonight Show**
23.10 **The Late Late Show**
23.50 **Jericho**
00.35 **Sex & the City**
01.00 **This is Us**
01.45 **MacGyver**
02.30 **Chicago Med**
03.15 **Bull**
04.00 **The Tonight Show**
04.40 **The Late Late Show**
05.20 **Pepsi MAX tónlist**

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

# ÚRVAL NOTAÐRA BÍLA

## BÍLALAND BÝÐUR BÍLA Á FRÁBÆRUM KJÖRUM! KOMDU STRAX Í DAG OG TRYGGÐU ÞÉR GÓÐAN BÍL FRÁ BÍLALANDI!




TOYOTA Corolla Verso.
Nýskr.05/2008, ekinn 146 þ.km,
bensín, beinskiptur.

**VERÐ 1.390 þús. kr.**

Staðsetning: Klettháls 11




OPEL Insignia Sp. Tourer Cosmo 4x4.
Nýskr.03/2013, ekinn 45 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.

**VERÐ 4.390 þús. kr.**

Staðsetning: Klettháls 11




VW Fox Basicline.
Nýskr.08/2005, ekinn 144 þ.km,
bensín, beinskiptur.

**VERÐ 490 þús. kr.**

Staðsetning: Klettháls 11




VW Caddy.
Nýskr.10/2014, ekinn 50 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.

**VERÐ 3.390 þús. kr.**

Staðsetning: Klettháls 11




RENAULT Kangoo fólksbíll.
Nýskr.07/2014, ekinn 42 þ.km,
dísil, beinskiptur.

**VERÐ 2.550 þús. kr.**

Staðsetning: Klettháls 11




RENAULT Kadjar Expression 2wd.
Nýskr.09/2015, ekinn 20 þ.km,
dísil, beinskiptur.

**VERÐ 3.490 þús. kr.**

Staðsetning: Klettháls 11




RENAULT Captur Dynamic.
Nýskr.06/2015, ekinn 50 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.

**VERÐ 2.790 þús. kr.**

Staðsetning: Klettháls 11




BMW X5 XDrive25d.
Nýskr.09/2014, ekinn 31þ.km,
dísil, sjálfskiptur.

**VERÐ 8.890 þús. kr.**

Staðsetning: Klettháls 11




BMW 5 520d XDrive f10.
Nýskr.04/2014, ekinn 73 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.

**VERÐ 7.290 þús. kr.**

Staðsetning: Klettháls 11




RENAULT Clio Expression.
Nýskr.08/2014, ekinn 41 þ.km,
bensín, beinskiptur.

**VERÐ 2.090 þús. kr.**

Staðsetning: Klettháls 11




NISSAN Pathfinder SE 33" at .
Nýskr.06/2013, ekinn 99 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.

**VERÐ 4.890 þús. kr.**

Staðsetning: Klettháls 11




BMW X1 XDrive18d.
Nýskr.06/2015, ekinn 42 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.

**VERÐ 4.990 ÞÚS. KR.**

Staðsetning: Klettháls 11




HONDA CR-v Executive.
Nýskr.11/2014, ekinn 25 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.

**VERÐ 5.690 þús. kr.**

Staðsetning: Klettháls 11




HYUNDAI I20 Classic.
Nýskr.05/2013, ekinn 60 þ.km,
dísil, beinskiptur.

**VERÐ 1.750 þús. kr.**

Staðsetning: Klettháls 11




HYUNDAI Santa Fe III Style.
Nýskr.06/2015, ekinn 36 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.

**VERÐ 6.790 þús. kr.**

Staðsetning: Klettháls 11




NISSAN Qashqai Acenta 4WD.
Nýskr.06/2015, ekinn 58 þ.km,
dísil, beinskiptur.

**VERÐ 3.890 þús. kr.**

Staðsetning: Klettháls 11




NISSAN Leaf Acenta.
Nýskr.07/2014, ekinn 26 þ.km,
rafmagn, sjálfskiptur.

**VERÐ 2.790 þús. kr.**

Staðsetning: Klettháls 11




DACIA Duster 4x4.
Nýskr. 06/2015, ekinn 80 þ.km,
dísil, beinskiptur.

**VERÐ 2.590 þús. kr.**

Staðsetning: Klettháls 11




LAND ROVER Discovery 4 SD SE.
Nýskr.04/2010, ekinn 83 þ.km,
dísil, sjálfskiptur

**VERÐ 7.790 þús. kr.**

Staðsetning: Klettháls 11




LAND ROVER Discovery Sport S .
Nýskr.03/2016, ekinn 42 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.

**VERÐ 6.690 þús. kr.**

Staðsetning: Klettháls 11

**NÝ HEIMASÍÐA**
**STÆRRI BÍLAMYNDIR**
**www.bilaland.is**



**bílaland**

Kletthálsi 11 - 110 Reykjavík og
Hyundai notaðir bílar - Kauptúni 1 - 210 Garðabæ
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is

**Opið frá kl. 9-18 og á laugardögum frá kl. 12-16.**

www.facebook.com/bilaland.is

Birt með fyrirvara á verðbreytingum, innsláttarvillum og myndbrengl.

ENNEMM / SÍA / NM78301

# Breyting á Toblerone stendur í neytendum

**Toblerone-súkkulaðið, sem er þekkt fyrir sína þykku súkkulaðibita, hefur þurft að gera breytingu á lögun þess og eru aðdáendur þess æfir. Áhugamanneskja um súkkulaðið segist ekki viss hvort hún muni gefa nýja Toblerone-inu séns þó bragðið hafi ekki breyst.**

Framleiðendur súkkulaðisins Toblerone hafa gert breytingar á súkkulaðinu. Vegna aukins framleiðslukostnaðar er nú meira bil á milli hverra tveggja bita. Breytingin hefur vægast sagt staðið í neytendum og samfélagsmiðlar, eins og Facebook og Twitter, hafa hreinlega logað um allan heim vegna breytinganna.

Breytingin er takmörkuð við tvær tegundir Toblerone í Bretlandi, til að byrja með að minnsta kosti. Fyrir vikið er 400 gramma súkkulaðið nú 360 grömm og 170 gramma súkkulaðið 150 grömm.

„Ég hef hugsað þetta, hvort ég eigi eftir að gefa nýja Toblerone-inu séns og ég er ekki viss,“ segir Hildur Sverrisdóttir, áhugamanneskja um Toblerone. Hún hefur meira að segja eitt sinn skrifað pistil um hversu gott það hafi verið að alast upp með munninn fullan af Toblerone. „Það er svo margt í þessum breytingum eins og til dæmis hvernig mun súkkulaðið nú brotna? Mun núna standa stór súkkulaðikantur út af?“ spyr hún en eins og flestir Toblerone-áhugamenn vita er sérstök kúnst að brjóta súkkulaðið rétt.

„Ef þetta gengur ekki upp hjá Toblerone þá mun ég ekki kaupa það aftur því ég vil halda barnsminningunni sem er svo jákvæð og kveðja súkkulaðið úr mínu lífi eins og ég þurfti að gera á sínum tíma með bláa Ópalinn og Sinalco.“

Innnes flytur Toblerone-súkkulaðið inn hingað til lands en ekki náðist í forsvarsmenn fyrirtækisins. „Maður má náttúrlega ekki vera of íhaldssamur heldur er gott að vera opinn fyrir breytingum. En barnsminninguna ber að vernda þannig að við sjáum til hvað gerist ef þessari tegund skolar upp á land.“

Breskir fjölmiðlar fjölluðu nánast allir sem einn um málið og var það vinsælla í fréttamiðlum þar en en fréttir af kjördegi í Bandaríkjunum. „Toblerone er eiginlega órjúfanlegur þáttur í að fara til útlanda, sérstaklega fyrir kynslóðina á undan minni. Þegar fólk klæddi sig upp fyrir flug því það var svo gaman að fljúga, koma heim, fara í Fríhöfnina og setja fjall af súkkulaði í körfuna – það var magnað fyrirbæri.“

benedikt-boas@365.is



**ÞAÐ ER SVO MARGT Í ÞESSUM BREYTINGUM EINS OG TIL DÆMIS HVERNIG MUN SÚKKULAÐIÐ NÚ BROTNA?**

## Elskar Toblerone



Ofurfyrirsætan Alessandra Ambrosio segist vera algjör nammigrís og alltaf ganga með snarl í töskunni. „Mér finnst gott að hafa Lay's-snakk með salti og ediki og Toblerone-súkkulaði í Gucci-töskunni minni. Ég er með þetta á heilanum. Og ég deili þessu með börnunum mínum,“ segir fyrirsætan sem á tvö börn, Önju, sex ára, og Noah, tveggja ára, með unnusta sínum, Jamie Mazur.




Margir brugðust ókvæða við fréttunum um breytta lögun Toblerone sem er þekkt um víða veröld. Þetta óvenjulega þríhyrningslagaða súkkulaði er löngu orðið heimsþekkt fyrir form, gæði og gott bragð. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Uppskriftir

### Toblerone-bollakökur

2 bollar hveiti
1 ½ bolli sykur
6 msk. bökunarkakó
1 tsk. salt
1 tsk. matarsódi
3 egg
2 tsk. vanilludropar
¾ bolli olía
1 bolli kalt vatn
1 x 100 g stöng af Toblerone (saxað)

Sigtið saman hveiti, sykur, kakó, salt og matarsóda, leggið til hliðar. Þeytið saman egg, olíu, vatn og vanilludropa þar til það verður létt í sér. Bætið þurrefnunum rólega saman við og skafið vel niður á milli. Bætið Toblerone út í í lokin og hrærið saman við. Skiptið niður í um 20 bollakökuform og bakið við 180 gráður í 15-18 mínútur.



### Toblerone-krem

500 g flórsykur
125 g smjör við stofuhita
3 msk. bökunarkakó
2 stykki 100 g Toblerone (saxað)
½ bolli rjómi (hitaður)

Bræðið Toblerone yfir vatnsbaði og blandið rólega saman við hitaðan rjómann – kælið örlítið. Hrærið saman flórsykur og smjör á litlum hraða þar til slétt og fellt (skafið niður á milli). Bætið bökunarkakói út í og hrærið áfram. Blandið súkkulaðiblöndunni saman við flórsykursblönduna og hrærið í á meðan, skafið niður hliðarnar á milli. Aukið hraðann og hrærið á góðum krafti í um 5 mínútur eða þar til kremið verður létt og loftkennt. Setjið í sprautupoka og notist við stóran stjörnustút við skreytinguna, stráið svo söxuðu Toblerone yfir og stingið Mini-Tobleronebita í hverja köku.

### Toblerone-brownies

80 g smjör, brætt
40 g kakó
145 g sykur
2 egg
60 g hveiti
½ tsk. lyftiduft
140 g hvítt Toblerone, saxað



Hitið ofninn í 180°C. Hrærið smjör, kakó og sykur saman í skál. Bætið eggjunum út í, fyrst öðru svo hinu. Setjið hveiti og lyftiduft saman við og blandið vel. Bætið 100 g af Toblerone út í en geymið 40 g til að skreyta með. Smyrjið ferkantað form, sem er u.þ.b. 20×20 cm, með örlitlu smjöri. Setjið deigið í formið, stráið söxuðu Toblerone yfir og bakið í 20-25 mínútur. Kælið kökuna og skerið í bita.


Kolabrautin
er á 4. hæð í Hörpu
Borðapantanir
í síma 519 9700
info@kolabrautin.is
www.kolabrautin.is
EST. 1929
ROMAGNA
comes to
ALESSIO CERA
á Kolabrautinni
18.-19. nóvember
Ekki missa af Alessio Cera frá Borgo dei Guidi.
Veitingastaðurinn hans er staðsettur á hinni rómuðu vínekru Poderi dal Nespoli á Ítalíu.
Allar upplýsingar um Alessio og matseðilinn hans má finna á kolabrautin.is
KOLABRAUTIN
RISTORANTE
×
Poderi dal Nespoli
1929




SALKA SÓL SIGURÐUR GUÐMUNDSSON VALDIMAR

Í REYKJAVÍKURBORG



Stórsveitin flytur óð sinn til Reykjavíkurborgar í tilefni af endurútkomu disksins vinsæla *Í Reykjavíkurborg* með nýrri kynslóð gestasöngvara.

Stjórnandi og útsetjari: Veigar Margeirsson

Styrkt af Reykjavíkurborg

Tónlistarsjóður

HARPA SILFURBERG

Sunnudag 13. nóvember kl. 17:00

Miðaverð: Kr. 3.000 / 3.500

Miðar á harpa.is og í miðasölu Hörpu






Einar Tönsberg við bústað sinn í Hvalfirði. Hann situr í stjórn samtakanna Umhverfisvaktin við Hvalfjörð sem stendur meðal annars að málsókninni ásamt fjölda annarra. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Stjörnurnar fjölmenna í dómsal

Úrskurður um hvort Silicor Material geti hafið starfsemi hér á landi fellur í dag. Fjölmargar stjörnur standa saman og vonar Einar Tönsberg að hann gangi út úr dómsalnum með bros á vör.

Í dag verður kveðinn upp dómur um ógildingu á úrskurði Skipulagsstofnunar sem úrskurðaði að ekki þyrfti að koma til umhverfismat vegna fyrirhugaðrar verksmiðju Silicor Materials í Hvalfirði.

Fjöldi fólks stendur að málsókninni, meðal annars Skúli Mogensen, forstjóri WOW, leikkonan Rósa Guðný Þórsdóttir, listamaðurinn Rakel McMahon og tónlistarmaðurinn Einar Tönsberg, sem situr í stjórn Umhverfisvaktarinnar við Hvalfjörð.

„Við erum mjög bjartsýn á stóra daginn enda finnst okkur, sem að þessu stöndum, eðlilegt að verksmiðjan fari í umhverfismat,“ segir Einar sem ætlar að mæta í dómsalinn og ganga vonandi brosandi út að eigin sögn.

„Verksmiðjan verður gríðarlega stórt mannvirki sem gjörbreytir allri ásýnd Hvalfjarðar. Stærðin á byggingunni er svakaleg og við vitum ekki einu sinni hvernig hún mun líta út. Við vitum að þar sem hún er hæst verður hún álíka stór og tíu hæða blokk. Ef hún verður 100 metra breið þá er það svipuð vegalengd og frá Hörpu að Kirkjusandi.“

Skúli hefur verið gagnrýninn á fyrirtækið og sagði eitt sinn að ef Silicor fái leyfi verði það „sennilega með verri dílum Íslandssögunnar“, eins og hann orðaði það sjálfur.

Silicor ætlar að framleiða 16 þúsund tonn af sólarkísil í 92 þúsund fermetra verksmiðju. Þegar skrifað var undir samninga í fyrra kom fram að samkvæmt óháðum aðila yrði verksmiðjan umhverfisvænsta stóriðja á Íslandi.

**16**

**ÞÚSUND TONN AF SÓLARKÍSIL ER ÁÆTLAÐ AÐ SILICOR FRAMLEIÐI Á ÁRI.**

**SENNILEGA MEÐ VERRI DÍLUM ÍSLANDSSÖGUNNAR.**

Skúli Mogensen, forstjóri WOW



Rósa Guðný Þórsdóttir leikkona.

Skúli Mogensen, forstjóri WOW air.



Fyrirhugað verksmiðjustæði Silicor Materials í Hvalfirði. MYND/SILICOR

Alls myndu 450 störf skapast og líklega myndi verksmiðjan skila þjóðarbúinu um 50 milljörðum á ári í útflutningstekjur.

„Þetta er ný tegund af starfsemi og þarf að skoða vel. Það á ekki að ana út í svona framkvæmdir heldur þarf að fá óháða aðila til að skoða áhrifin. Það er eitthvað skrítið að það sé bara kvittað undir blað og þetta sé að fara í gang,“ segir Einar.

**benediktboas@365.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*



MIÐASALA HEFST Á MORGUN KL. 10!
SÉRSTAKIR GESTIR
Björgvin, Halli & Hjörtur Howser
Appelsín kynnir með stolti
EYÞÓR INGI GUNNLAUGSSON
EYJÓLFUR KRISTJÁNSSON
BJARTMAR GUÐLAUGSSON
SIGRÍÐUR BEINTEINSDÓTTIR
SIGRÍÐUR THORLACIUS
LADDI 7 TUGUR
70 ÁRA FERILSTÓNLEIKAR Í HÖRPU 21. JANÚAR
TÓNLISTAR- OG HLJÓMSVEITARSTJÓRI OG HLJÓMBORÐ JÓN ÓLAFSSON BASSI ANDRI ÓLAFSSON TROMMUR BASSI ÓLAFSSON
HLJÓMBORÐ OG GÍTAR HARALDUR V. SVEINBJÖRNSSON TROMPET OG SLAGVERK KJARTAN HÁKONARSON GÍTAR, MANDÓLÍN, BANJÓ OG FIÐLA MATTHÍAS STEFÁNSSON
BÁSÚNA OG SLAGVERK SAMÚEL JÓN SAMÚELSSON GÍTAR, MANDÓLÍN OG SAXÓFÓNN VILHJÁLMUR GUÐJÓNSSON HANDRIT OG SVIÐSETNING BJÖRN G. BJÖRNSSON
MIÐASALA FER FRAM Á HARPA.IS OG Í SÍMA 528 5050
NÁNAR Á WWW.SENA.IS/LADDI70

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** **Vísir**
**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja



ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.



Póstdreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**Bakþankar**


Kristínar Ólafsdóttur




## Stórir dagar

9. nóvember 2016. Gærdagurinn var stór. Í gær rættust allir draumar og þrár og dýpstu, pervertískustu kenndir einnar manneskju, sem kjörin var forseti Bandaríkjanna. Risastór dagur fyrir bæði hana og heimsbyggðina.

Sjálf er ég 23 ára og mig dreymir ýmislegt. Held ég alveg örugglega. Ég hef a.m.k. einsett mér einhvers konar grugguga samsuðu af markmiðum, sem ég vinn nú misötullega að, og ég á yfir 150 þúsund íslenskar krónur lagðar inn á sparnaðarreikning. Ég varð einnig þeirrar gæfu aðnjótandi að fæðast í vestrænu ríki sem er viðunandi vel liðið í alþjóðasamfélagi. Líf mitt er í ákveðnum farvegi, eða í það minnsta að þreifa fyrir sér í leit að einum slíkum. Við mér blasa stórir dagar.

Ég er samt logandi hrædd. Hvað ef ég fer á mis við stóru dagana, sem renna aðeins upp í kjölfar þrotlausrar, ástríðufullrar vinnu í átt að tilteknu, skýru takmarki? Hvað ef ég ramba aldrei á það sem mig langar raunverulega til að gera og reika bara stefnulaust í gegnum lífið og ranka loksins við mér á dánarbeðinum og hef ekki afrekað neitt og það er of seint að gera nokkuð í því vegna þess að ég er bókstaflega dauð? Hvað ef ég er kannski alveg fullkomlega týnd?

Þetta lúxusvandamál óákveðinnar forréttindastelpu á þrítugsaldri – að hafa ekki enn hent reiður á tilgangi sínum í jarðlífinu – heldur henni nefnilega í algjörum heljargreipum.

Og það er kannski bara allt í lagi, svona í bili. Það er enn þá nægur tími til stefnu og það má alveg vera hrædd. Sérstaklega þegar stórir dagar eru í vændum.


OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN Í ENGIHJALLA, VESTURBERGI OG ARNARBAKKA
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland

365
Lækkaðu verðið á GSM reikningnum þínum
ENDALAUS SÍMTÖL & SMS Í ALLA
OG ÞÚ VELUR ÞANN GAGNAMAGNSPAKKA SEM HENTAR ÞÉR
0 GB 790 KR
1 GB 1680 KR
5 GB 2680 KR
30 GB* 2990 KR
NÁNARI UPPLÝSINGAR Á 365.IS OG SÍMA 1817






*Verð miðast við flug aðra leið með sköttum ef greitt er með Netgíró.
KATRÍNARTÚNI 12 | WOWAIR.IS | WOWAIR@WOWAIR.IS